


**ÞÓRHILDUR JÓNSDÓTTIR**
*Alltaf haft skoðanir á augabrúnum fólks*
• tíska • sumar • heimili • heilsa
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**ÚTIVIST OG FERÐALÖG**
*Leyndir fjársjóðir*
Sérblað um útivist og ferðalög
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**BJÖRN JÖRUNDUR FRIÐBJÖRNSSON**
*Keppir í siglingum*
Hefur stundað siglingar frá níu ára aldri
**FÓLK 50**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. júlí 2008 — 200. tölublað — 8. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**

### Besta myndin
Heath Ledger þykir stórkostlegur í The Dark Knight, bestu Batman-myndinni frá upphafi.
**KVIKMYNDIR 36**



### Valdmörk og mótvægi
„Lýðræðið er flókið gangverk. Það útheimtir bæði frjálsar kosningar og styrkar stofnanir til að veita kjörnum stjórnvöldum aðhald, svo að þau virði valdmörk sín," skrifar Þorvaldur Gylfason.
**Í DAG 24**



### Landsmót skáta
Aðalsteinn Þorvaldsson varð skáti á fullorðinsaldri. Hann er nú á landsmóti.
**TÍMAMÓT 48**

### Íslandsmótið í höggleik
Birgir Leifur tekur út völlinn í Eyjum.
**ÍÞRÓTTIR 46**



**VEÐRIÐ Í DAG**




**HLÝTT Í VEÐRI** Í dag verður víða suðaustan 3-8 m/s en 5-10 SV- og V-til. Bjart með köflum norðan- og austanlands en dálítil væta sunnan- og vestanlands. Hiti á bilinu 10-20 stig, hlýjast norðaustan til.
**VEÐUR 4**

# Kjartan ekki hættur við Bitruvirkjun

**Stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur segir að ekki hafi verið fallið frá öllum áformum um Bitruvirkjun. Virkjunin var slegin af fyrir tveimur mánuðum.**

**STJÓRNMÁL** „Ekki hefur verið hætt við Bitruvirkjun heldur undirbúningi hætt meðan málið er skoðað betur," segir Kjartan Magnússon, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkti á fundi sínum í maí að hætta undirbúningi Bitruvirkjunar og fresta frekari framkvæmdum á svæðinu. Borgarstjóri óskaði borgarbúum þá til hamingju með að Bitruvirkjun hefði verið slegin af. Kjartan sagði við það tilefni að rétt hefði verið hjá borgarstjóra að þessar framkvæmdir hefðu verið slegnar af, hvað sem yrði í framtíðinni. Nú segir Kjartan alls ekki fallið frá öllum áformum um virkjunina.

„Við brugðumst við mjög eindregnu áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og samþykktum því að fresta framkvæmdum." Hann segir spurningar um, hvort hlutverk Skipulagsstofnunar sé að taka afstöðu gegn virkjun eins og þar var gert, hafi komið fram í kjölfarið og verið skoðaðar.

„Ákvarðanir um framhald verkefnisins verða teknar í samráði við eigendasveitarfélög Orkuveitunnar og sveitarfélagið Ölfus sem stýrir skipulagi svæðisins." Kjartan bendir einnig á að þrátt fyrir að ákveðið hafi verið að doka við með Bitruvirkjun sé unnið að miklum framkvæmdum á Hellisheiði. Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, gagnrýna í Markaðnum í gær að meirihlutinn í borginni virðist hafa tekið Bitruvirkjun út af borðinu. Bjarni kveðst telja menn þar hafa hlaupið á sig.

„Ég trúi því að áður en mjög langt um líður muni menn átta sig á því og vinda ofan af þeirri ákvörðun og taka aftur til við virkjanir á Hellisheiðinni," segir Bjarni. **- ht**



**LANDSMÓT SKÁTA UNDIRBÚIÐ** Þessar skátastelpur eru frá Wales og taka þátt í Landsmóti skáta sem fer fram að Hömrum við Akureyri um helgina. Í gær unnu skátarnir hörðum höndum að því að setja upp tjaldbúðir og reisa hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**KAMTJATKA-BJÖRN** Kamtjatka-birnir eru stórir og ógnvænlegir. NORDICPHOTOS/AFP

Náma á Kamtjatkaskaga:
## Hópur bjarna átu tvo menn

**RÚSSLAND, AP** Flokkur um þrjátíu stórra bjarna drap og át í gær tvo menn sem stóðu vörð við platínunámu á Kamtjatkaskaga í Rússlandi.

Um fjögur hundruð starfsmenn námunnar neita að fara til vinnu af ótta við birnina. Birnirnir eru þriggja metra langir og vega allt að sjö hundruð kíló.

Yfirvöld segja að veiðimenn verði sendir til að hrekja burt eða drepa birnina. Bjarnaárásir eru tíðar á hinum afskekkta Kamtjatka-skaga í Austur-Rússlandi. **- gh**

Stýrivaxtalækkun í nóvember:
## Gjaldagi krónubréfa losar fé

**EFNAHAGSMÁL Gjalddagi krónubréfa mun hugsanlega hafa jákvæð áhrif á gjaldeyrismarkað, segir Lúðvík Elíasson, hagfræðingur hjá Landsbankanum. „Líklegt er að áhrifin verði að einhverju leyti jákvæð þar sem hugsanlegt er að aðgengi almennings og fyrirtækja að fjármögnun í erlendri mynt batni í kjölfarið," segir Lúðvík Hann telur að gengið komi ekki til með að veikjast meira þrátt fyrir stóran gjalddaga í haust.**

**Landsbankinn gaf í gær út stýrivaxtaspá þar sem gert er ráð fyrir lækkun í nóvember.**

**-bþa/** **sjá síðu 22**

Forsetinn segir það ekki erfiða ákvörðun að vera viðstaddur Ólympíuleikana:
## Virðing skilar meiru en fjandskapur

**BANDARÍKIN, FBL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir það ekki hafa verið erfiða ákvörðun að vera viðstaddur Ólympíuleikana í Kína í samtali við blaðamann Fréttablaðsins í New York.

Ólafur segir Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hafa boðið sér að verða viðstaddan leikana fyrir tveimur árum. Þá segir Ólafur að Hu Jintao, forseti Kína, hafi boðið honum formlega á viðburðinn þegar hann var staddur í Kína fyrir tveimur árum. Hu Jintao hafi svo ítrekað boð sitt þegar þeir hittust í fyrra.

Ólafur segir einnig að í stjórnarsetu sinni í Ólympíuleikum fatlaðra hafi sér orðið ljóst að íþróttir geti verið öflugt tæki til að auka skilning á milli þjóða.

„Þar að auki hef ég sannfærst um það á undanförnum árum, eftir að hafa setið fjölda viðræðufunda með kínverskum áhrifamönnum að vænlegasta leiðin til að styrkja mannréttindi og lýðræðisþróun í Kína er að eiga jákvæðar viðræður við kínverska ráðamenn, sýna þeim virðingu og sóma en um leið tengja þá inn í hina alþjóðlegu umræðu. Aðrar aðferðir, sem einkennast fremur af fjandskap og gagnrýni, skila ekki jafn miklum árangri eins og dæmin sanna." **- kdk, - sh**










## SPURNING DAGSINS



*Sigurður, er þetta risavaxið vandamál?*

„Ekki myndi ég nú segja það. Að minnsta kosti ekki hjá öllum."

Maður hefur boltað gúmmítyppi á húdd Toyota 4runner bifreiðar sinnar. Sigurður Helgason hjá Útvarpi umferðarráðs, einn helsti sérfræðingur Íslands í umferðarmálum, segir þetta forkastanlegan fíflaskap.

Þroskahamlaður maður á þrítugsaldri kærður fyrir tilraun til manndráps:

# Stakk starfsmann sambýlis þrisvar

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri sem búsettur er á sambýli á vegum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík (SSR), stakk forstöðumann heimilisins þrisvar með hnífi á miðvikudag í síðustu viku.

Hróðný Garðarsdóttir, sviðsstjóri fullorðinssviðs SSR, segir málið mjög alvarlegt og viðkvæmt gagnvart öllum þeim sem það varðar. Starfsmaðurinn fékk hnífstungurnar í handlegg og bak. Hróðný segir starfsmanninn sem betur fer ekki hafa hlotið alvarleg meiðsl og jafnvel sé von á honum í vinnu næsta mánudag. Hann hafi sjálfur náð að yfirbuga árásarmanninn áður en lögregla kom á vettvang.



**Á GEÐDEILD LANDSPÍTALANS** Árásarmaðurinn er nú vistaður á geðdeildinni.

Árásarmanninn segir hún hafa verið álitinn krefjandi heimilismann á sambýlinu en hann hafi ekki verið talinn hættulegur. Starfsfólk hafi talið sig ráða vel við aðstæður.

Hróðný segir atburð sem þennan ekki hafa áður komið upp á sambýli svo hún viti til. Farið verði yfir starfsreglur og þær mögulega teknar til endurskoðunar.

Árásarmaðurinn er þroskahamlaður en hann er nú vistaður á geðdeild Landspítalans. „Þar verður hann þar til sameiginleg ákvörðun þeirra sem málið snertir fæst um viðeigandi úrlausn," segir hún.

Í kvöldfréttum RÚV var fjallað um málið og kom þar fram að maðurinn hefur verið kærður fyrir tilraun til manndráps. - kdk

Hraðamælingar lögreglu:

# Þriðjungur keyrði of hratt

**UMFERÐARMÁL** Rúmlega þrjátíu prósent ökumanna óku of hratt um svæði sem lögregla hraðamældi frá því í mars og fram í júlí. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði áherslu á að hraðamæla götur í íbúðahverfum þar sem hraðakstur hefur verið mikill eða slys algeng.

Alls voru 74 vegarkaflar vaktaðir í átakinu, og um þá keyrðu 8.205 ökutæki. 2.513 ökumenn keyrðu of hratt og voru kærðir, eða 31 prósent. Flestir keyrðu of hratt í Laugardal og Háaleiti, eða 42 prósent. Fæstir keyrðu hins vegar of hratt í Mosfellsbæ, eða 9 prósent. - þeb

Jarðskjálftahrina í Grímsey:

# Fann tvo kippi ásamt hristingi

**HAMFARIR „Ég fann fyrir ágætum kipp um hádegisbilið," segir Vilborg Sigurðardóttir, íbúi í Grímsey. „Annar kom á eftir og honum fylgdi dálítill hristingur."**

**Nokkuð öflug jarðskjálftahrina hófst skammt austan við Grímsey um hádegisbil í gær. Stærsti skjálftinn varð laust eftir klukkan eitt og mældist 4,3 á Richter. Skjálftavirkni varð áfram vart fram eftir degi.**

**Vilborg lá fyrir þegar skjálftarnir urðu og kveðst greinilega hafa fundið fyrir þeim. „Ég var að lesa með allt hljótt í kringum mig," segir Vilborg og bætir við að langt sé síðan hún varð síðast jarðskjálfta vör.** - ht

# Verðmætu seðla- og myntsafni stolið

**Verðmætu seðlasafni var stolið af 91 árs gömlum manni. Hann hefur sínar grunsemdir um hver hafi verið að verki. Í safninu voru meðal annars rúblur frá því á tíma keisaradæmis Rússlands og boðskort frá Lyndon B. Johnson.**

**LÖGREGLUMÁL** Allir seðlar og öll mynt sem Kristinn Gestur Finnbogason, 91 árs fyrrverandi lögregluþjónn, hefur sankað að sér í áratugi hurfu nýlega. Hann segir safninu hafa verið stolið og hann hefur sínar grunsemdir um hver gerði það. „Í kassanum eru flestir seðlar sem prentaðir hafa verið á Íslandi," segir Kristinn sem þótti mjög vænt um safnið sitt.

Ránið átti sér stað um hábjartan dag. Þegar það uppgötvaðist tilkynnti Kristinn það til lögreglu, enda var hann sjálfur lögreglumaður í Reykjavík í fjörutíu ár. Að sögn lögreglu er málið í rannsókn en er í biðstöðu vegna þess að rannsóknarlögreglumaðurinn sem á að rannsaka málið er í sumarleyfi sem stendur.

Hlutir sem voru í kassanum að sögn Kristins, auk flestra seðla sem prentaðir hafa verið á Íslandi frá upphafi, voru nokkrar rússneskar rúblur sem notaðar voru í tíð Rússakeisara fyrir árið 1917, auk silfurskjaldar af sjálfum John F. Kennedy, sem Kristinn hélt mikið upp á. Nokkrir silfurpeningar sem gefnir voru út í tilefni af kristnitökuafmæli og silfurpeningur í minningu Sigvalda Kaldalóns tónskálds voru einnig í kassanum.



**KRISTINN OG HALLFRÍÐUR** Þau hjónin vona að safnið komist til skila en eru ekki vongóð. Kristinn hafði sankað að sér seðlum í áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Að myntum og seðlum frátöldum var boðskort til Bandaríkjanna sem Kristinn fékk sent frá Lyndon B. Johnson, sem þá var varaforseti Bandaríkjanna og seinna forseti. „Þegar hann kom til Íslands [sem hershöfðingi] voru nokkrir lögreglumenn fengnir til að vera eins konar lífverðir hans, þar á meðal ég. Nokkrum árum síðar sendi hann okkur síðan boðskort til Bandaríkjanna. Enginn af okkur þáði það því þetta var auðvitað bara sýndarmennska hjá honum," segir Kristinn.

Þau hjónin, Kristinn og Hallfríður Ásmundsdóttir, segjast vona að safnið komist til skila, en hafa litla trú á því.

Anton Holt, formaður Myntsafnarafélags Íslands, segir að mikil verðmæti geti verið í peningaseðlum sem prentaðir voru fyrir seinni heimsstyrjöld. „Þeir peningar geta verið mikils virði en það fer algjörlega eftir ásigkomulagi seðilsins," segir Anton. vidirp@frettabladid.is

## NOKKRIR HLUTIR SEM VORU Í KASSANUM

- Flestir seðlar sem prentaðir hafa verið á Íslandi
- Sex 5000 króna seðlar
- Rúblur frá því á tíma Rússakeisara
- Mikið af 50 króna mynt
- Silfurskjöldur með mynd af John F. Kennedy
- Boðskort til Bandaríkjanna frá Lyndon B. Johnson
- Silfurpeningar til minningar um kristnitökuna
- Silfurpeningur til minningar um Sigvalda Kaldalóns





**BARACK OBAMA** Heimsótti ísraelsku borgina Sederot sem oft hefur orðið fyrir eldflaugum palestínskra vígamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barack Obama:

# Íranar fái ekki kjarnorkuvopn

**ÍSRAEL, AP Barack Obama, forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins, heimsótti í gær Ísrael og Palestínu. Hét hann stuðningi sínum við öryggi Ísraels og stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis.**

**Hann tók undir ótta ráðamanna í Ísrael við kjarnorkuáætlun Írana. „Íran með kjarnorku væri alvarleg ógn og heimurinn verður að koma í veg fyrir að Íranar afli sér kjarnorkuvopna," sagði hann. Íranar segja kjarnorkuáætlun sína friðsamlega. Obama heldur í dag til Berlínar í ferð sinni um Mið-Austurlönd og Evrópu.** - gh



**JOHN OG ANNE DARWIN** Settu á svið lát eiginmannsins. NORDICPHOTOS/AFP

Týndi Englendingurinn:

# Svikahjónin fá sex ára fangelsi

**BRETLAND, AP** John Darwin, 57 ára Englendingur sem hvarf fyrir sex árum, var í gær dæmdur í sex ára og þriggja mánaða fangelsi fyrir að þykjast dauður til að svíkja út tryggingafé.

Eiginkona hans, Anne Darwin, hlaut sex og hálfs árs fangelsi fyrir svik og peningaþvætti. Hún fékk greidd 250 þúsund pund frá tryggingafélagi vegna láts eiginmannsins. Talið var að hann hefði drukknað árið 2002, en í desember síðastliðnum gekk hann inn á lögreglustöð í London og þóttist vera minnislaus. - gb

ESB frystir Búlgaríuaðstoð:

# Aðstoð fryst vegna spillingar

**BÚLGARÍA, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) tilkynnti í gær að rúmlega sextíu milljarða króna þróunaraðstoð til Búlgaríu yrði fryst sökum spillingar.

Búlgaría gekk í ESB á síðasta ári. Styrkirnir eru ætlaðir til uppbyggingar á innviðum fátæka Austur-Evrópuríkisins. Framkvæmdastjórnin segir að Búlgaría hafi ekki staðið nægilega við loforð um að ráðast gegn spillingu og skipulagðri glæpastarfsemi og að bæta fjármálastjórnun. Styrkirnir verða frystir þar til bætt verður úr málunum. - gh


SIEMENS

Ryksuga VS 01E1800

Létt og lipur. Kirsuberjarauð. Stillanlegt afl mótors frá 300 upp í 1800 W.
Sjálfinndregin snúra, hleðsluskynjari.
3 lítra poki. Vinnuradíus: 8 m.
Vinnuhollt handfang.
Stillanleg lengd á sogröri.



ATARNA

Tilboðsverð: 9.900 kr. stgr.
(Verð áður: 12.700 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum vinnur að þróunarverkefni:

# Flytja lifandi humar til Spánar

**SJÁVARÚTVEGUR** Vinnslustöðin hóf nýlega að veiða humar í gildrur en síðan er hann fluttur út lifandi. „Ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem þetta er gert með þessum hætti hér á landi," segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar.

Settar hafa verið út 200 gildrur en um næstu helgi verður 500 til viðbótar slakað út. „Við höfum ákveðið að byrja bara smátt enda er best að gera lítil mistök frekar en stór og það er viðbúið að við gerum einhverjar skyssur til að byrja með. Heather Philips, sem er doktorsnemi í fiskifræðum, er að vinna að þessu með okkur en hún er að vinna doktorsverkefni í tengslum við þetta. Hún kemur frá Skotlandi þar sem mikil hefð er fyrir svona veiðum og hún er fyrsti doktorsneminn sem við höfum í vinnu," segir hann kankvís.



**SIGURGEIR BRYNJAR KRISTGEIRSSON** Hefðbundinni humarvertíð er nú að ljúka en þá hugar Vinnslustöðin að nýstárlegri humarveiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hann segir að fyrsti farmur fari vonandi til Spánar í þessari viku. „Þetta er dýr vara og það er mikill markaður fyrir þetta, en þó er best að fara hægt í sakirnar svona til að byrja með." - jse



ALLT AÐ **45%** AFSLÁTTUR AF **SKJÓL-GIRÐINGUM**

28 x 95 **179** kr/lm

# Palla SPRENGJA

## Pallaefni

24. 31. júlí

### Gagnvarin fura

meðan birgðir endast

| | | | |
|---|---|---|---|
| 21 x 95 mm 621601-2 | **139** kr/m | 98 x 98mm 698601-2 | **499** kr/m |
| 28 x 95 mm 628601--2 | **179** kr/m | 48 x 123 mm 648701-2 | **339** kr/m |
| 48 x 98 mm 648601-2 | **259** kr/m | 48 x 198 mm 648901-2 | **590** kr/m |
| 48 x 148 mm 648801-2 | **389** kr/m | | |



**399** ~~999~~
**Málband**
Assist, 5 m
5006400

**899** ~~999~~
**Handsög**
Bacho
5001640

**899** ~~2.229~~
**Hamar**
Cosmos, 20 oz
5003075

**25%** afsláttur af **ryðfríum tréskrúfum**



| Verð | Stærð | Vörunúmer |
|---|---|---|
| 11.590 | 180 x 180 sm | 603400 |
| 4.990 | 180 x 90 sm | 603415 |
| 4.590 | 90 x 120 sm | 603200 |
| 11.700 | 180 x 180 sm | 603150 |
| 1.390 | 93 x 80 sm | 603295 |
| 2.890 | 180 x 80/95 sm | 603300 |





**30%** afsláttur af **öllum reiðhjólum**

Evrópsk gæði!

Gildir 24.- 28. júlí





**2 litir á tilboði, gullbrúnn og grænn**

**1.799**
**Pallaolía**
Treolje, 3 ltr

**Mest selda** pallaolía á Íslandi

**6.699** ~~8.229~~
**Viðarvörn**
Gori 44+, 5 ltr, hálfgengsæ
7042520-30

**4 ára** ending






Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

## GENGIÐ 23.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 79,28 | 79,66 |
| Sterlingspund | 158,35 | 159,11 |
| Evra | 124,68 | 125,38 |
| Dönsk króna | 16,707 | 16,805 |
| Norsk króna | 15,413 | 15,503 |
| Sænsk króna | 13,175 | 13,253 |
| Japanskt jen | 0,7351 | 0,7393 |
| SDR | 129,01 | 129,77 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
160,1212

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þýskur ferðamaður brást rétt við þegar landar hans lentu í öldu við Dyrhólaey:

# Bjargaði hjónum úr sjónum

**BJÖRGUN** Þýskur ferðamaður bjargaði tveimur samlöndum sínum frá drukknun í fjörunni við Dyrhólaey á þriðjudag. Fólkið, hjón á sjötugsaldri, var í fjörunni þegar alda skall á þeim og þremur öðrum ferðamönnum.

„Þessi þýsku hjón misstu strax máttinn, lágu bara hjálparvana og rúlluðu þarna í blöndu af sandi og sjó,“ segir Ari Arnórsson leiðsögumaður, sem var staddur í fjörunni. Hann segir að Lothar Beckers, maðurinn sem bjargaði hjónunum hafi drýgt mikla hetjudáð. „Hann brást, eftir á að hyggja, 100 prósent rétt við. Hann sá til þess að allir færu úr fjörunni og mat síðan möguleikann á því að ná hjónunum.“ Beckers valdi litla öldu til þess að stökkva eftir og náði fyrst konunni og svo manninum. Hann fékk síðan hjálp annarra við björgunina. „Hjónin voru bæði með meðvitund og virtust ekki hafa gleypt sjó. Hefði þessi maður ekki gert þetta hefði fréttin fjallað um að tveir þýskir ferðamenn hefðu látist.“



**Á SLYSSTAÐ** Á myndinni sjást þýsku hjónin í fjörunni við Dyrhólaey eftir að þau höfðu verið dregin á land. MYND/BARBARA LINGENER

Ari segir ólíðandi að ekki sé sett upp skilti til þess að vara ferðamenn við ölduganginum. Leiðsögumenn messi yfir sínum ferðahópum, en margir ferðist um landið á eigin vegum. Þá segir Ari að atvikið á þriðjudag sé langt í frá einsdæmi. Þvert á móti hafi allir leiðsögumenn sem hafi einhverja reynslu lent í því að draga fólk upp úr sjónum á þessum stað. - þeb

Grunaðir hasssmyglarar:

# Gæsluvarðhald framlengt

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald yfir Þorsteini Kragh var í gær framlengt um þrjár vikur. Þorsteinn hefur verið í gæsluvarðhaldi síðustu þrjár vikur vegna gruns um aðild að smygli á 190 kílóum af hassi, sem fundust í húsbíl Hollendings um borð í Norrænu. Téður Hollendingur var einnig dæmdur í áframhaldandi þriggja vikna gæsluvarðhald í gær.

Um er að ræða eitt mesta magn sem fundist hefur í einu hér á landi. Samkvæmt Helga Jóhannessyni, lögmanni Þorsteins, verður gæsluvarðhaldsúrskurðurinn kærður til Hæstaréttar. - kg



**ÞORSKUR** Íslenskur fiskur er lítið mengaður, samkvæmt skýrslu Matís. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skýrsla Matís um aukaefni:

# Íslenskur fiskur lítið mengaður

**HEILBRIGÐISMÁL Ætilegur hluti fisks sem veiddur er á Íslandsmiðum inniheldur mjög lítið magn af lífrænum mengunarefnum og varnarefnum á borð við skordýraeitur miðað við evrópsk viðmið. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Matís ohf. sem sýnir niðurstöður mælinga frá árinu 2006.**

**Mælingarnar voru hluti af vöktunarverkefni sem sjávarútvegsráðuneytið styrkir og hófst árið 2003.**

**Magn lífrænna aðskotaefna í fiskimjöli og lýsi til fóðurgerðar, sem unnið var úr kolmunna veiddum á hrygningartíma, mældist þó yfir viðmiðunarmörkum Evrópusambandsins.** - gh

## ÞÝSKALAND

### Drengir grunaðir um morð

Lögregla í Þýskalandi hefur handtekið tvo unga menn sem grunaðir eru um að hafa barið heimilislausan mann til dauða. Mennirnir hafa tekið þátt í starfi hægri öfgafylkinga í Austur-Þýskalandi.

## LEIÐRÉTTING

### Rangt flugfélag

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að Flugfreyjufélag Íslands hefði skrifað undir nýjan samning við Icelandair. Hið rétta er að skrifað var undir samning við Flugfélag Íslands, en Icelandair hefur þegar samið við sitt starfsfólk.

# Löggæslutillögur ekki nýttar

**Starfshópur sem Björn Bjarnason skipaði lagði árið 2006 til að miðbæjargæsla yrði efld. Fjöldi starfshópa hefur fjallað um málið. Fyrrum borgarstjórar undrast orð Björns um að Ólafur F. sé fyrstur á hans fund.**

**REYKJAVÍK** Viðræðuhópur um löggæslu í Reykjavík, sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skipaði árið 2003, lagði til að löggæsla í miðborginni yrði efld.

Meðal þess sem lagt er til í skýrslu hópsins, sem skilað var árið 2006, er að auka samvinnu lögreglu og borgaryfirvalda og koma á óeinkennisklæddu eftirliti lögreglu og borgarstarfsmanna.



BJÖRN BJARNASON



DAGUR B. EGGERTSSON



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Í hópnum sátu meðal annars þeir Dagur B. Eggertsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, síðar borgarstjórar, og Stefán Eiríksson, síðar lögreglustjóri.

Björn Bjarnason sagði á heimasíðu sinni fyrir skemmstu að Ólafur F. Magnússon væri fyrsti borgarstjórinn sem óskaði eftir fundi með sér sem dómsmálaráðherra vegna löggæslumála í Reykjavík.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir að hann hafi leitað til Björns um myndun annars starfshóps í júlí árið 2006. Í bréfi sem Björn sendi borgarstjóra hinn 20. júlí segir orðrétt: „Vísa til samtals okkar 20. júlí og bréfs þíns dags. 5. júlí …“ Í framhaldinu leggur Björn til að Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, verði formaður vinnuhópsins og tilnefnir Þorstein Davíðsson, aðstoðarmann sinn, í hópinn.



**LÖGREGLAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU** Starfshópur sem Björn Bjarnason skipaði lagði til að miðbæjargæsla lögreglu yrði efld árið 2006. Fjöldi starfshópa hefur verið skipaður um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Okkar bréfaskipti sýna að ég leitaði til dómsmálaráðherra um myndun vinnuhóps um löggæslumálefni og borgarfirvöld voru í nánu samstarfi við dómsmálaráðuneytið á þessum tíma,“ segir Vilhjálmur.

Dagur segir að hópurinn sem Björn skipaði árið 2003 hafi unnið gott starf. „Ég skil ekkert hvað honum gengur til að láta sem enginn hafi haft samband við hann um málið. Margar tillögurnar rötuðu inn í stefnumótun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar virðist pólitískur áhugi á öðrum verkum hafa tafið framgang tillagnanna,“ segir Dagur.

> „Ég skil ekkert hvað honum gengur til að láta sem enginn hafi haft samband við hann um málið.
>
> DAGUR B. EGGERTSSON
> ODDVITI SAMFYLKINGAR

Starfshópurinn sem Vilhjálmur lagði til við dómsmálaráðherra að yrði skipaður tók til starfa í júlí árið 2006. Stefán Eiríksson segir að hann hafi unnið ágætt starf. „Við kortlögðum ýmislegt er varðar löggæslumál í miðborginni, svo sem staðsetningu öryggismyndavéla,“ segir Stefán.

Í tíð Vilhjálms voru teknir upp mánaðarlegir fundir borgarstjóra og lögreglustjóra og héldu þeir áfram þrátt fyrir borgarstjóraskipti. Stefán segir mjög náið og gott samstarf vera á milli embættis síns og borgaryfirvalda. - kóp


# Fjörið heldur áfram!

Tvær glænýjar bækur um krakkana í East High-skólanum sem tilvaldar eru fyrir sumarfríið. **Skólasöngleikurinn 2** byggir á sjónvarpsmyndinni vinsælu og tómstundabókin **Klappað og klárt** er stútfull af fróðleik, persónuleikaprófum og þrautum tengdum East High-stjörnunum.




Edda Síðumúla 28 • 108 Reykjavík • Sími 522 2000


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÁGÆTIS HLÝINDI**
Fram yfir helgi má búast við ágætis hlýindum víða um landið og þá allra helst inn og upp til sveita. Búast má við að besta helgarveðrið verði á norðausturverðu landinu í þurru veðri en annars staðar má búast við dálítilli vætu.







**Á MORGUN**
Austlægar áttir, 3-8 m/s.




**LAUGARDAGUR**
Suðaustlægar áttir, 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Billund | 25° |
| Ósló | 26° |
| Stokkhólmur | 24° |
| Gautaborg | 26° |
| London | 26° |
| París | 28° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Berlín | 27° |
| Alicante | 31° |
| Mallorca | 31° |
| Basel | 26° |
| Eindhoven | 25° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 28° |
| Orlando | 33° |
| San Francisco | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




OPIÐ TIL
21
Í KVÖLD

# ÚTSÖLULOK

**FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS**

**GÖTUMARKAÐSSTEMNING!**

**ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM34759

## KJÖRKASSINN



*Ert þú fylgjandi því að akstur Strætós verði boðinn út til einkaaðila?*

| | |
|---|---|
| Já | 43,2% |
| Nei | 56,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þykir þér eðlilegt að forseti Íslands verði viðstaddur Ólympíuleikana í Kína?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Mál saksóknara efnahagsbrota gegn Jóni Ólafssyni:

# Sigurður fær ekki að verja Jón

**DÓMSMÁL** Kröfu Jóns Ólafssonar athafnamanns um að Sigurður G. Guðjónsson yrði skipaður verjandi hans var hafnað í héraðsdómi í gær. Saksóknari efnahagsbrota fór fram á að Sigurður yrði ekki skipaður verjandi, þar sem komið gæti til þess að hann yrði kallaður til sem vitni í málinu. Verjandi Jóns kærði úrskurðinn samstundis til Hæstaréttar.

Við fyrirtökuna í gær kom upp misskilningur milli Símons Sigvaldasonar héraðsdómara og Helga Magnúsar Guðmundssonar saksóknara annars vegar og Ragnars Aðalsteinssonar, verjanda Jóns, hins vegar. Eftir þingfestingu í síðustu viku tók héraðsdómari sér viku til að fjalla um þá kröfu saksóknara að Sigurður yrði ekki skipaður verjandi Jóns. Héraðsdómari hóf dómþing í gær með því að kveða upp úrskurð sinn. Verjandinn Ragnar sagðist hins vegar hafa gert ráð fyrir því að málflutningur færi fram áður en úrskurðurinn yrði kveðinn upp. Sagðist Ragnar hafa eytt töluverðum tíma í undirbúning og komist að því að málið væri „gríðarlega flókið“ og „reyndi á stjórnarskrá landsins og mannréttindasáttmála Evrópu“. Ragnar kærði því næst úrskurðinn til Hæstaréttar.

Jón Ólafsson, ásamt þremur öðrum er störfuðu hjá Norðurljósum og undirfyrirtækjum þeirra, er ákærður fyrir að hafa svikið alls um 360 milljónir króna undan skatti. **- kg**



**KÆRT TIL HÆSTARÉTTAR** Sú ákvörðun að Sigurður, til hægri, fái ekki að verja Jón, til vinstri, hefur verið kærð til Hæstaréttar.

British Petroleum:

# Flytja starfsfólk frá Rússlandi

**RÚSSLAND, AP** Breska olíufyrirtækið British Petroleum (BP) hefur ákveðið að flytja síðustu sextíu verkfræðingana frá samstarfi sínu við Rússa í olíufyrirtækinu TNK-BP.

Verkfræðingarnir hafa sætt ýmsum hindrunum í starfi sínu, meðal annars verið meinaður aðgangur að vinnustað sínum af öryggisvörðum.

BP hefur sakað rússneska sameigendur TNK-BP um að vilja bola sér úr fyrirtækinu. TNK-BP hefur frá stofnun árið 2003 skilað eigendunum gríðarlegum hagnaði. **- gh**

Rosenbergmálið í dagsljósið:

# Leynd létt af kaldastríðsmáli

**BANDARÍKIN, AP** **Dómari í Bandaríkjunum hefur heimilað að leynd verði létt af vitnisburðum í máli Rosenberg-hjónanna, sem tekin voru af lífi árið 1953 sökuð um njósnir fyrir Sovétríkin.**

**Ekki verður þó leynd létt af framburði þeirra vitna sem enn eru á lífi og ekki hafa veitt samþykki sitt fyrir því að vitnisburður þeirra verði gerður opinber. Lykilvitni í þessu stærsta njósnamáli kaldastríðsáranna var David Greenglass, bróðir Ethel Rosenberg, og hann vill að leynd hvíli áfram á vitnisburði sínum, eins og honum var lofað á sínum tíma.**

**Hjónin Julius og Ethel Rosenberg voru handtekin árið 1951, þegar kaldastríðið stóð sem hæst.** **- gb**

## JAPAN

### Jarðskjálfti við Norður-Japan

Jarðskjálfti sem mældist um 6,8 á Richter reið yfir við norðurströnd Japans í gær. Vel fannst fyrir skjálftanum, sem varði í um þrjátíu til fjörutíu sekúndur. Að minnsta kosti tíu fóru slasaðir á spítala af völdum skjálftans.

## MONGÓLÍA

### Gengu út af þingsetningu

Þingmenn stjórnarandstöðunnar í Mongólíu gengu úr sal við þingsetningu áður en þeir áttu að sverja embættiseiða sína. Þeir sögðust ekki vilja taka þátt í þinghaldinu vegna þess að svik hafi verið viðhöfð í þingkosningum í síðasta mánuði.

## ÚKRAÍNA

### Byggt yfir fjöldagröf

Gyðingar í Úkraínu hafa beðið ríkisstjórn landsins um að stöðva byggingarframkvæmdir yfir fjöldagröf 26 þúsund fórnarlamba helfararinnar. Telja gyðingarnir ætlunina að byggja verslunarmiðstöð yfir fjöldagröfinni.



**GLÆSTUM FERLI LOKIÐ** Fyrsta skip Samherja, sem áður bar nafnið Akureyrin, hefur farið sinn síðasta túr. Skipið var selt til dótturfyrirtækis Samherja árið 2002 og bar þá nafnið Norma Mary.

# Fimmtíu og tveimur sagt upp hjá Samherja

**Tveimur af aflahæstu skipum Samherja hefur verið lagt og áhöfnum sagt upp. Reynt verður að finna sem flestum ný pláss. Breytingarnar eru liður í því að endurnýja skip félagsins og bregðast við minnkandi aflaheimildum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Samherji hefur ákveðið að fækka um tvö skip í flota sínum og hefur áhöfnunum á báðum, samtals 52 sjómönnum, verið sagt upp. Þetta eru skipin Víðir EA og Norma Mary en hið síðarnefnda var í eigu Onward Fishing Company sem er dótturfyrirtæki Samherja í Bretlandi.

Að sögn Kristjáns Vilhelmssonar, framkvæmdastjóra útgerðarsviðs, hefur þó hluti áhafnarinnar á Víði fengið pláss á öðrum skipum fyrirtækisins og reynt verður að útvega hinum mönnunum hið sama í sem flestum tilfellum.

Hann segir tíma hafa verið kominn til að endurnýja skip félagsins og Víði sé lagt vegna niðurskurðar á aflaheimildum. Hann hafi einnig haft þær afleiðingar að starfsfólk í landi hafi mun minni yfirvinnu. Einnig er sumarlokun frystihúsa félagsins sex vikur í ár en var helmingi styttri í fyrra.

Fyrr í þessum mánuði var skipstjóranum á Normu Mary gert að sök að hafa ekki tilkynnt réttan afla til norskra yfirvalda. Í framhaldinu var útgerðinni boðið að ljúka málinu með því að greiða sekt sem nemur 30 milljónum íslenskra króna.

Að sögn Kristjáns tengist það mál engan veginn þeirri ákvörðun að leggja skipinu. „Okkur var einfaldlega boðið að ljúka þessu með dómsátt en við tókum því ekki og förum með þetta fyrir dómstóla og búumst við því að vinna það mál og þurfa því ekki að borga neitt. Þannig er mál með vexti að það varð misritun í skýrslu til norsku fiskistofunnar þannig að 189 tonn urðu að 18,9 tonnum.“

Norma Mary, sem var áður Akureyrin EA 110, var fyrsta skipið sem Samherji eignaðist en bæði skipin eiga sér sögu sem ein af aflahæstu skipum landsins. **- jse**











Útfluttur reyktur lax frá Íslandi til ESB er tollaður en ekki innfluttur lax frá ESB:

# Ójöfn tollastaða Íslendinga

**VIÐSKIPTI** Lagður er þrettán prósenta tollur á reyktan lax sem fluttur er frá Íslandi til ríkja Evrópusambandsins (ESB), þótt enginn tollur sé lagður á reyktan lax sem fluttur er frá ESB til Íslands.

Kristján Rafn Sigurðsson, framkvæmdarstjóri laxvinnslufyrirtækisins Eðalfisks, segir þetta gera fyrirtækinu erfitt fyrir. „Þessir tollar inn á ESB eru að gera það að verkum að við getum ekki flutt út til ESB-landa,“ segir hann. „Ef ekkert verður að gert hefur þetta fyrirtæki engan möguleika á að keppa á Evrópumarkaði á jafnræðisgrundvelli.“

Eðalfiskur hefur flutt fisk til Bandaríkjanna, sem aðeins leggja fimm prósenta toll á reyktan lax, og aukið starfsemi sína á Íslandi, meðal annars með kaupum á verslunni Reykási sem selur reyktan fisk.

Kristján segir þó mikil vannýtt tækifæri vegna háu tollanna til ESB-landa. „Við erum kannski að nýta afkastagetuna um þrjátíu til þrjátíu og fimm prósent,“ segir hann.

Kristján hefur átt í viðræðum við utanríkis- og sjávarútvegsráðuneytin um að reyna að bæta tollastöðu Íslendinga, en segir ráðuneytin engu geta lofað. Segir hann það hafa úrslitaþýðingu fyrir rekstur fyrirtækisins að tollastaðan gagnvart ESB fáist bætt. **- gh**



**HÖFUÐSTÖÐVAR EÐLAFISKS** Framkvæmdastjórinn segir háa tolla gera fyrirtækinu erfitt fyrir.


Nú fer allt á hvolf!
50% auka afsláttur
af völdum útsöluvörum
Bolir 250-500 kr
Peysur 500-1000 kr
Buxur 500-1000 kr
Skór 500-1000 kr
Nú er bara að drífa sig og gera kaup aldarinnar!
HAGKAUP
Ein ferð betra verð






Aukinn æfingaakstur skilar sér í betri ungum ökumönnum sýna tölurnar:

# Færri ungmenni lenda í slysum

**UMFERÐIN** Fjölda ungmenna, á aldrinum 17 til 21 árs sem aðild áttu að umferðarslysum, hefur fækkað milli ára frá árinu 1999. Þannig fækkaði ökumönnum sem aðild áttu að slysum og voru 21 árs um 18,5 prósent frá árinu 2006 til 2007. Æfingaakstur var hækkaður úr sex mánuðum í tólf árið 1998.

„Hækkun æfingaaksturstímans hefur gefið ungum ökumönnum aukna þjálfun,“ segir Sigurður Helgason, verkefnastjóri hjá Umferðarstofu. „Tekið hefur verið á allri ökukennslu og hún sett í skýrari skorður og ökupróf-in hafa verið hert.“

Á línuritinu táknar rauða línan fjölgun og fækkun aðildar ökumanna að umferðarslysum í heild sinni en bláu línurnar eru eftir aldursflokkum frá 17-21 árs.

Línuritið tekur einungis til fjölda ökumanna sem aðild áttu að umferðarslysum með eða án meiðsla og hvort sem þeir voru taldir vera valdir að slysi eða ekki. Ekki er fjallað um fjölda umferðarslysa eða fjölda slasaðra í umferðinni. Tölurnar byggja á slysaskráningu Umferðarstofu sem aftur byggjast á lögregluskýrslum úr gagnagrunni dómsmálaráðuneytisins.

- vsp

**FJÖLDI ÖKUMANNA Í SLYSUM 1999-2007**






**ÓEIRÐIR Í BELGRAD** Stuðningsmenn Radovans Karadzic létu ófriðlega á þriðjudagskvöld í Belgrad til að sýna óánægju sína með handtöku hans. NORDICPHOTOS/AFP

# Karadzic ráðgerir að verja sig sjálfur

**Radovan Karadzic rakaði hár sitt og skegg í fangelsinu í Belgrad og hefur fengið aftur fyrra útlit. Hann var nánast óþekkjanlegur í gervi sínu og sótti reglulega knæpu þar sem mynd af honum hékk uppi á vegg. Þar mátti líka sjá Mladic.**

**BELGRAD, AP** Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba, ætlar að verja sig sjálfur við stríðsglæparéttarhöldin í Haag. Hann verður líklega framseldur til stríðsglæpadómstólsins þar í byrjun næstu viku.

Síðustu mánuði hafði Karadzic búið í Belgrad þar sem hann rak óhefðbundna lækningastofu fyrir opnum tjöldum. Hann var nánast óþekkjanlegur orðinn, með sítt hvítt skegg og hvítt hár, gekk undir öðru nafni en fór ekki í felur að öðru leyti.

Hann átti þar kærustu sem hann kynnti jafnan sem aðstoðarkonu sína, þóttist eiga fjölskyldu í Bandaríkjunum og skrifaði reglulega í heilsutímarit og kom fram opinberlega á fundum.

Hann var fastagestur á knæpu skammt frá heimili sínu í Belgrad, þar sem hann pantaði jafnan rauðvín. Knæpan heitir Vitfirringahælið og þar hanga á veggjum myndir af honum og Ratko Mladic herforingja, sem enn er ófundinn.

„Ég er mjög stoltur af því að hann kom á krána mína, en ég er mjög leiður yfir því að hann var handtekinn,“ segir kráareigandinn, Misko Kovijanic.

Karadzic hafði verið í felum í áratug og gengu ýmsar sögur um staði sem hann átti að hafa sést á, meðal annars í klaustri og í hellum í Bosníu. Í gær upplýsti Sveta Vujacic, lögmaður Karadzic, að hann hefði látið raka hár sitt og skegg. Hann hafi beðið um að fá rakara til sín í fangelsið í Belgrad og núna liti hann út „alveg eins og fyrir fjórtán árum, nema bara eldri“.

Eiginkona hans og börn segjast ekkert hafa frétt af honum allan þennan tíma og vilja nú að aflétt verði ferðabanni á þau. Serbnesk stjórnvöld hafa lofað fjárhagsstuðningi til fjölskyldunnar, nú þegar Karadzic hefur verið handtekinn.

Þeir Karadzic og Mladic eru báðir sakaðir um fjölmarga stríðsglæpi í Bosníustríðinu, sem kostaði meira en hundrað þúsund manns lífið árin 1992-95.

Svo virðist sem breytt afstaða serbneskra stjórnvalda hafi átt sinn þátt í að hann var handtekinn nú. Nýja stjórnin vill bæta tengslin við Vesturlönd og ganga í Evrópusambandið, en fyrri ríkisstjórn, sem vildi fremur styrkja tengslin við Rússland, var sökuð um að hafa haft takmarkaðan vilja til að handtaka Karadzic.

gudsteinn@frettabladid.is



**FYRRVERANDI LEIÐTOGI SERBÍU** Karadzic hefur nú látið klippa sig og raka af sér skeggið. NORDICPHOTOS/AFP

## JÚGÓSLAVÍUDÓMSTÓLLINN Í HAAG

Alþjóðlegi stríðsglæpadómstóllinn um mál frá fyrrum Júgóslavíu var stofnaður árið 1993 og hefur aðsetur í Haag. Dómstóllinn hefur lagt fram ákærur á hendur 161 einstaklingi fyrir alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarlögum framin á því landsvæði sem áður tilheyrði Júgóslavíu.

Málum 46 sakborninga er ólokið. Aðeins tveir þessara sakborninga eru enn á flótta undan réttvísinni, en sá þriðji, nefnilega Radovan Karadzic, bíður framsals frá Bosníu. Fimm sakborningar bíða úrskurðar í Haag um hvort réttarhöld fari fram. Alls 27 réttarhöld eru mislangt á veg komin, en einn sakborningur bíður dómsúrskurðar að loknum réttarhöldum. Tveir hafa hlotið dóm sem enn er hægt að áfrýja, en átta mál bíða afgreiðslu áfrýjunardómstóls.

Málum 115 sakborninga er lokið. Tíu þeirra voru sýknaðir, 20 málum var vísað frá, 30 sakborningar létust áður en máli þeirra lauk, 13 voru framseldir til dómsmeðferðar í öðru landi, en 56 hafa hlotið dóm.

Af þeim 56 sakborningum sem dæmdir voru hafa 29 verið fluttir til afplánunar í öðru landi, þrír bíða flutnings, 22 hafa lokið afplánun og tveir létust í fangelsi.

www.volkswagen.is




Fíton / SÍA

## Betra verð, sparneytni og 80% lán að fullu í erlendri mynt

Þeir sem hafa hraðar hendur geta sparað umtalsverðar fjárhæðir með kaupum á nýjum Polo eða Passat. Við bjóðum takmarkað magn af þessum frábæru bílum á mögnuðum kjörum. Tryggðu þér sparneytinn Polo eða rúmgóðan Passat á enn hagstæðara verði og 100% erlendu láni. Komdu núna. Við tökum vel á móti þér og gamla bílnum þínum líka!

**Volkswagen Passat**

Verð áður
~~3.570.000 kr.~~

Verð nú
**3.355.000 kr.**

*Sjálfskiptur Passat Passat Comfortline+ 2.0 FSI kostar nú aðeins 44.750 kr á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,5%.

**Volkswagen Polo**

Verð áður
~~1.990.000 kr.~~

Verð nú
**1.875.000 kr.**

*Beinskiptur Polo Comfortline 1,4 kostar nú aðeins 24.950 kr á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,78%.

Das Auto.

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA




Þingflokksformaður Samfylkingarinnar segir ekki verða farið inn á óröskuð svæði:

# Vilja nýta orkuauðlindirnar

**STJÓRNMÁL** „Við áskiljum okkur rétt til að nýta orkuauðlindir landsins," segir Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar.

Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, kalla í viðtali í Markaðinum í gær eftir nýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar og segja að engin þjóð myndi láta tækifæri Íslendinga til orkuframleiðslu fram hjá sér fara.

„Við Íslendingar erum orkuframleiðendur, heimurinn kallar á orku, en við höfum það fram yfir flesta aðra að orkan er ekki flutt út í tunnum eins og olía, þeir sem vilja nýta hana verða að fjárfesta á Íslandi," segir Illugi í viðtalinu.



**ÞINGFLOKKSFORMAÐUR** Lúðvík segir vilja flokksins að nýta orkuauðlindir.

„Samfylkingin vill nýta orkuauðlindir eins og aðrar auðlindir," segir Lúðvík. „Stefna okkar er einfaldlega sú að við þurfum að ákveða heildstætt hvaða svæði eigi að nýta og hver eigi að vernda. Sú vinna er hafin."

Lúðvík segir ríkisstjórnina hafa sameinast um að fara ekki inn á óröskuð svæði fyrr en það hafi verið ákveðið.

„Samfylkingin hefur ekki gert neina málamiðlun um að kortleggja hvað eigi að nýta og vernda og það er lykilatriði."

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, varaformaður þingflokksins, telur aftur á móti að ef tvö álver rísi á kjörtímabilinu sé það í andstöðu við stefnu Samfylkingarinnar Fagra Ísland. „Ég tel að við þurfum að velja á milli hvort álver rísi í Helguvík eða á Bakka." - ht

# Erfitt að ræða um 19. aldar götumynd

**Vinningshafi í keppni um Listaháskóla telur mjög á reiki hvað átt sé við með 19. aldar götumynd. Einungis eitt húsanna sem eiga að víkja var byggt á 19. öld en húsinu hefur verið breytt síðan. Bókun skipulagsráðs var mildilega orðuð.**

**MIÐBÆRINN** „Ég held að enginn viti nákvæmlega hvað er átt við með 19. aldar götumynd," segir Haraldur Ingvarsson, arkitekt hjá +Arkitektum, sem eiga vinningstillögu að nýjum Listaháskóla við Laugaveg.

Níu hús eru á reit Listaháskólans. Af þeim eru tvö sem gætu talist til 19. aldar húsa, Laugavegur 41 og 45. Húsafriðunarnefnd hefur lagt til að 41 verði friðað og gerir vinningstillagan ráð fyrir því að það standi áfram.



**HARALDUR INGVARSSON**

Hitt húsið, númer 45, var byggt árið 1897. Það mun víkja samkvæmt tillögunni en í keppnislýsingu er sagt að það „gæti mögulega staðið áfram".

Haraldur segir að þessir möguleikar hafi sannarlega verið vegnir og metnir. „Í upphafi skoðuðu menn að halda húsunum á lóðinni, en það kom í ljós að margt tapaðist við það. Þá hefði þurft að hafa húsið mun hærra," segir hann. Það hefði vart verið í anda 19. aldarinnar.

Fram hefur komið í blaðinu að tillagan krefjist breytinga á ríkjandi deiliskipulagi. Hefur borgarstjóri hvatt menn til að „gefa sér ekki of mikið fyrirfram" í þeim efnum, þótt hann sé sannfærður um að sátt náist í málinu. En það ætti ekki að koma á óvart að deiliskipulagi sé breytt, því gert er ráð fyrir því í sjálfri keppnislýsingunni.

„Deiliskipulag er leiðbeining um hvernig hlutir eiga að vera en það er ekki heilagt, ef menn koma með rök fyrir breytingum. Því hefur verið breytt fram og til baka í gegnum tíðina," segir Haraldur.



**NÝR LISTAHÁSKÓLI** Húsið liggur að Laugavegi, Frakkastíg og Hverfisgötu og á að hýsa meðal annars bókasafn og tónleikasal. MYND/SAMSON

Í keppnislýsingu hafi verið afar nákvæm og góð þarfagreining frá skólanum: „Og tillagan snýst auðvitað um að koma þessu fyrir á lóðinni."

Fyrrverandi formaður skipulagsráðs, Svandís Svavarsdóttir, telur að vinningstillagan fari „gegn einróma bókun skipulagsráðs [...] um að halda skuli í gömlu húsin".

En í bókuninni er ekki fastar kveðið að orði en svo að arkitektar „skoði möguleika á því að leyfa upprunalegri götumynd að halda sér".

Það er svo enn til marks um rugling í umræðu um 19. aldar hús að í keppnislýsingu er talað um að Laugavegur 41 hafi varðveist í upprunalegri mynd. Hið rétta er að því hefur verið breytt töluvert. Á tuttugustu öldinni.

klemens@frettabladid.is



**LAUGAVEGUR 45** Þetta er eina 19. aldar húsið sem á að víkja fyrir nýjum Listaháskóla, samkvæmt vinningstillögu +Arkitekta. Það var byggt 1897. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrstu réttarhöldin yfir fanga Bandaríkjahers á Kúbu:

# Ekki upplýstir um réttindi

**KÚBA, AP** Ali Soufan, helsti sérfræðingur bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, um Al Kaída-samtökin, segir fangabúðirnar við Guantánamo eina staðinn í heimi þar sem hann hafi ekki upplýst sakborninga um réttindi sín áður en hann yfirheyrði þá. Ástæðan sé sú að fangabúðirnar séu ekki til þess ætlaðar að framfylgja lögum.

„Þetta var útskýrt þannig fyrir okkur að Guantanamo væri staður til að safna upplýsingum," sagði Soufan, sem tók þátt í að yfirheyra Salim Hamdan, sem var um tíma bílstjóri Osama bin Laden.



**RÉTTARHÖLDIN Á KÚBU** Teikning af Salim Hamdan í réttarsal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhöldin yfir Hamdan, sem hófust á þriðjudag, eru fyrstu stríðsglæparéttarhöldin sem haldin eru í herbúðum Bandaríkjanna við Guantanamo.

Osama er sakaður um samsæri og aðstoð við hryðjuverkastarfsemi. Lögmenn hans segja hann hins vegar ekki hafa haft neinu hlutverki að gegna í Al Kaída, nema sem afar lágt settur starfsmaður leiðtoga samtakanna.

Hamdan hefur verið fangi Bandaríkjamanna í sex ár. Lögmenn hans segja andlegri heilsu hans hafa hrakað svo í einangruninni að hann sé varla fær um að taka þátt í eigin málsvörn. - gb

Jeva dagar í Eymundsson 17. - 27. júlí

# Skólatöskur á sama verði og í fyrra!



Jeva eru vandaðar danskar skólatöskur sem falla þægilega að baki, sjást vel í umferðinni og eru sérlega endingargóðar. Kynntu þér úrval okkar af frábærum skólabúnaði á hagstæðu verði. Skólinn byrjar í Eymundsson.

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

## „ORÐRÉTT“

### Þjóðhátíð í Grímsey

**„En ég er að vinna í því að fá lunda frá Grímsey. Það er því hugsanlegt að Grímseyingar bjargi Þjóðhátíðinni í ár.“**

MAGNÚS BRAGASON, LUNDAVERKANDI Í VESTMANNAEYJUM, UM YFIRVOFANDI LUNDASKORT.
**24 stundir, 23. júlí.**

### Skortir hugkvæmni

**„Ég held að þeir sem setja lög og reglur um svona nokkuð hafi hreinlega ekki hugkvæmni til að láta sér detta í hug slíkur möguleiki.“**

SIGURÐUR HELGASON HJÁ UMFERÐARSTOFU UM JEPPABIFREIÐ MEÐ GÚMMÍTYPPI Á VÉLARHLÍFINNI.
**Fréttablaðið, 23. júlí.**

tilveran
*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?

# Gott veður á tónlistar- og bæjarhátíðum um allt land

Líkt og síðustu vikur tók Fréttablaðið saman það helsta sem um er að vera á landsbyggðinni um helgina.

Í Reykholti fer fram Reykholtshátíðin Samhljómur. Hátíðin er klassísk tónlistarhátíð sem hófst í gær og lýkur á sunnudag.

Á sunnanverðum Vestfjörðum verður göngu- og menningarhátíðin Svartfuglinn haldin um helgina. Gönguferðir og ýmsar uppákomur verða frá því í dag og fram á sunnudag. Boðið er upp á tvenns konar miserfiðar göngur. Fyrir þá sem ekki treysta sér í göngur á Vestfjörðum er bæjarhátíðin Tálknafjör á Tálknafirði einnig um helgina. Útimarkaðir, tónleikar og grillveisla eru á meðal þess sem boðið verður upp á.

Landsmót skáta fer fram á Hömrum við Akureyri um helgina. Þar eru um 2.000 skátar á öllum aldri samankomnir.



**MÆRUDAGAR Á HÚSAVÍK** Mærudagar fara fram um helgina á Húsavík. Gert er ráð fyrir að veður verði best á Norður- og Norðausturlandi.

Mærudagar eru haldnir á Húsavík um helgina. Á Mærudögum er boðið upp á ýmiss konar námskeið, þá verður fjölskyldudansleikur á föstudag og markaður, knattspyrnuleikir og tveir dansleikir á laugardagskvöld.

Á Borgarfirði eystri verður tónlistarhátíðin Bræðslan á laugardagskvöld. Þar koma fram Damien Rice, Bryndís Jakobsdóttir, Eivör Pálsdóttir og Magni Ásgeirsson.

Vopnafjarðardagar verða um helgina. Þar verður grillveisla og brekkusöngur annað kvöld, og á laugardag verða fjölskylduskemmtanir og stórdansleikur á laugardagskvöld. Á Fáskrúðsfirði verða Franskir dagar haldnir hátíðlegir.

Á Hvammstanga fer fram unglistarhátíðin Eldur í Húnaþingi. Hátíðin er skipulögð af ungu fólki á svæðinu og er meðal annars rekin sérstök útvarpsstöð fyrir hátíðina. Hljómsveitin Dalton mun leika fyrir dansi á laugardagskvöldið, en ýmis námskeið og óvæntar uppákomur munu eiga sér stað.

Um helgina er gert ráð fyrir að hiti verði á bilinu 12 til 22 stig og hlýjast á Norðurlandi.

## SJÓNARHÓLL

FORSETI ÍSLANDS FER Á ÓLYMPÍULEIKANA Í KÍNA



**ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR** Skáld

### *Kínverjar brjóta reglur íþróttanna*

„Mér er einhvern veginn sama um forsetann og hvað hann gerir,“ segir Elísabet Jökulsdóttir skáld um þá ákvörðun forsetans að fara á Ólympíuleikana í Kína í haust. „Auðvitað fer hann til Kína og er ekkert að mótmæla neinu. Ég er eiginlega hætt að lesa nokkuð um hann, mér er ekkert illa við hann. Ég hef bara einhvern veginn misst áhugann á honum.“

„Ég er náttúrulega geðfötluð svo ég kemst ekki til Kína, svo það er kannski ágætt að forsetinn komi í minn stað,“ segir Elísabet. „Við höfum verið að reyna að hafa íþróttir sem eitthvað sem þjóðir heims geta sameinast um og lagt á hilluna alls konar ágreiningsatriði. Það hefur verið hin gullna regla íþróttanna frá upphafi að þetta er leikur og þegar leikurinn er búinn er hann búinn. Þetta hefur verið ákveðið sameiningartákn en Kínverjarnir eru að brjóta þetta allt með þessum furðulegu reglum sínum. Hvernig á til dæmis að skilgreina geðfötlun? Má ekki gera ráð fyrir því að einhverjir íþróttamenn hafi glímt við þunglyndi eða kvíðaköst eins og fólk gerir? Þessi listi er einhvern veginn aftan úr öldum.“

# Skátar geta verið tækninördar

**Landsmót skáta var sett að Hömrum við Akureyri á þriðjudag. Búist er við metþátttöku í ár. Skátahöfðingi Íslands segir skátastarfið þróast með breyttum samfélagsháttum.**

„Skátastarfið breytist og þróast með tímanum, jafnvel þótt grunngildin séu ávallt hin sömu,“ segir Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi Íslands. Landsmót skáta var sett að Hömrum við Akureyri á þriðjudag. Veðrið hefur leikið við mótsgesti og búast mótshaldarar fastlega við metþáttöku á landsmótinu í ár.

Margrét segir skátastarfið vel til þess fallið að teygja í hinar ýmsu áttir, allt eftir áhugasviði hvers og eins. „Grunngildi skátastarfsins, að þroska sjálfan sig, taka þátt í samfélaginu á heilbrigðan máta og hjálpa öðrum, skipa eðlilega afar stóran sess í öllu okkar starfi. Hins vegar lögum við okkur að breytilegu samfélagi. Skátar geta verið mikið útivistarfólk, en þeir geta líka verið tækninördar,“ segir hún og hlær. „Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi í skátastarfinu.“

Að sögn Margrétar dvelja yfir tvö þúsund þátttakendur, að foringjum meðtöldum, á mótssvæðinu alla vikuna sem mótið stendur yfir. Eftir því sem líður á mótið bætist þó sífellt við hópinn. Á laugardaginn er búist við miklum fjölda fólks á svæðið, en þá er öllum sem vilja boðið í heimsókn. Margrét býst við að gestir verði fleiri nú í ár en á síðasta landsmóti á Úlfljótsvatni fyrir þremur árum. Þá komu átta þúsund manns. Um sjö hundruð erlendir þátttakendur eru staddir á mótinu, flestir frá Bretlandi og Skandinavíu.

Skipulögð dagskrá mótsins er fjölbreytt. Má þar nefna gönguferðir, vatnasafarí og hinar ýmsu skátaþrautir. Einnig býður skátafélagið Radíóskátar upp á kennslu í samsetningu rafeindatækja, og er búist við mikilli þátttöku í þeirri grein.

Þema landsmótsins í ár er „Á víkingaslóð“. Margrét segir þátttakendur hafa lagt töluvert á sig við undirbúning og lærdóm um víkingasið. „Hér eru margir hlaupandi um í víkingaskikkjum, með skildi, hjálma og allt tilheyrandi.“

Áhugasömum er bent á beinar útsendingar frá mótinu og útvarpsstöð mótsins, Radíó Ragnarök, á vefslóðinni mms://wms.vodafone.is/landsmot2008.

**kjartan@frettabladid.is**



**KÓPAR** Skátarnir í Kópum frá Kópavogi reistu þetta glæsilega hlið. Dagurinn í gær fór í mestu í hliðagerð og annan frágang í tjaldbúðum skátanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/HKVAM



**DANSKIR SKÁTAR** Skátarnir á mótinu eru af mörgum þjóðernum. Þessir dönsku skátar fengu sér að borða eftir að hafa reist hlið við tjaldbúðir sínar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**EFNIVIÐUR SÓTTUR** Þessir skátar sóttu sér efnivið í trönur til þess að byggja sér hlið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR




Nítján konur setja saman sjóð og ætla að fjárfesta á hlutabréfamarkaði:

# Fjárfesta hvorki í vopnum né klámi

**VIÐSKIPTI** „Við erum nítján athafnakonur sem höfum sett saman sjóð og ætlum að fjárfesta saman á hlutabréfamarkaði,“ segir Aðalheiður Karlsdóttir einn stofnenda eignarhaldsfélagsins Naskar sem stofnað var á dögunum.

Hugmyndin vaknaði hjá alþjóðanefnd félags kvenna í atvinnurekstri og er byggð á þýskri fyrirmynd. „Þetta er tilraunaverkefni sem við höfum unnið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík í tengslum við mannauðsverkefnið þar. Þetta snýst um það að nítján konur hafa stærra tengslanet en ein kona.

Við leggjum áherslu á arðbærar fjárfestingar en reynum að forðast að fjárfesta í fyrirtækjum sem tengjast vopnaiðnaði eða klámi. Ennfremur skoðum við stjórnarskipan fyrirtækja og það er plús ef það eru margar konur í stjórn.

Hópurinn er lokaður og mun væntanlega verða það áfram. Við völdum konurnar mjög vandlega og skilgreindum hvað væri styrkleiki fyrir hópinn. Við erum til dæmis með löggilda verðbréfamiðlara, lögfræðinga og endurskoðendur. Þetta eru konur með mjög víðtæka reynslu sem styrkja hópinn og sjálfar sig í leiðinni. En þær þurfa ekki bara að vera klárar heldur líka skemmtilegar.“

**- ges**



**AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR** Einn stofnenda hópsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr




# KRÓNAN

fyrst og fremst.

Í sumarskapi !!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Sama verð um land allt !

## HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR

50% AFSLÁTTUR



Holta ferskur heill kjúklingur

**349 kr./kg.** MERKT VERÐ 698 KR./KG.

## BLANDAÐIR FERSKIR KJÚKLINGABITAR




30% AFSLÁTTUR

Bónus ferskir blandaðir kjúklingabitar

**349 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG

## ÍSLENSK BLEIKJUSTYKKI BEINHREINSUÐ



899

Íslensk bleikja beinhreinsuð

**899 kr./kg.**

## McCAIN AMERÍSKAR RISAPIZZUR




398

McCain amerískar risapizzur

*800-900g* Aðeins **398 kr stk.**

## INNFLUTTAR FROSNAR GRÍSALUNDIR



20% AFSLÁTTUR

Innfluttar frosnar grísalundir

**1279 kr./kg.** MERKT VERÐ 1598 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30


BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
MEGA 111 BLEIUR
MEGA 120 BLEIUR
Pampers Baby-Dry
3x37=111
3x40=120
2298
Pampers bleiur Megapakk JUNIOR & MAXI PLÚS
2298 kr kassinn.
Nestlé Nesquik
800g
398
Nestlé Nesquik
800g dós 398 kr.
25% AFSLÁTTUR
Bónus frosnir NAUTAHAMBORGARAR
10 x 80g 749 kr.
10 x 115g 1049 kr.
5 x 200g 974 kr.
98
Bónus RISA hamborgarabrauð
4 stk. 98 kr.
598
Ferskt blandað kjöthakk
NAUT & GRÍS
598 kr./kg.
30% AFSLÁTTUR
Íslandsgrís fersk grísarif
769 kr./kg
SS
35% AFSLÁTTUR
SS Grill BBQ kryddaðar svínakótilettur
1636 kr./kg. MERKT VERÐ 2518 KR./KG.
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g
HEIMILIS BRAUÐ
Nettóþyngd: 770g
HEIMILISBRAUÐ
129
Coca-Cola light
598
Coke Light kippa 6 x 1 ltr.
598 kr. kippan.
Kristall
129
Egils Kristall Sítrónu
2 ltr. 129 kr.
Coca-Cola
598
Coke Classic 6 x 1 ltr.
598 kr. kippan.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

**FBL-GREINING: ÞINGMENN VILJA NÝJA ÞJÓÐHAGSSTOFNUN**

# *Vilja að stofnunin starfi í skjóli Alþingis*

Uppi hafa verið hugmyndir, frá þingmönnum stjórnarandstöðu sem og ríkisstjórnar, um að endurreisa Þjóðhagsstofnun.

Þjóðhagsstofnun tók til starfa 1. ágúst árið 1974. Fyrsti forstjórinn var Jón Sigurðsson, sem gegnir nú stöðu bankastjóra Norræna fjárfestingabankans. Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunar var að semja þjóðhagsspár og -áætlanir og láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál. Stofnunin var lögð formlega niður 1. júlí 2002. Síðasti forstjórinn var Þórður Friðjónsson sem nú er forstjóri Kauphallarinnar. Ástæðan var að greiningadeildir bankanna sem og sérfræðiaðilar vinnumarkaðarins höfðu nokkurn veginn tekið við hlutverki Þjóðhagsstofnunar. Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið tóku við starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Öllum starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar var boðið annað starf hjá þeim stofnunum sem tóku við verkefnunum. Dýrara var árið 2003 fyrir ríkið að reka starfsemi Þjóðhagsstofnunar sundraða, í fjármálaráðuneytinu og Hagstofunni, en sameinaða.

**Hverjir hafa stutt það að endurreisa Þjóðhagsstofnun?**
Vinstri-Græn hafa nokkrum sinnum lagt fram frumvarp á Alþingi þess efnis að endurvekja Þjóðhagsstofnun, en það frumvarp hefur aldrei fengið afgreiðslu. Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins sagði í Fréttablaðinu í fyrradag að líklega hefði ekki átt að leggja Þjóðhagsstofnun niður á sínum tíma, en Valgerður var ein þeirra sem var í stjórnarliðinu á þeim tíma. Ágúst Ólafur Ágústsson og Lúðvík Bergvinsson lýstu einnig yfir stuðningi við þessa hugmynd.

**Hvaða hugmyndir hafa verið uppi um endurreisnina?**
Í frumvarpi Vinstri-grænna er lagt til að Þjóðhagsstofnun yrði sjálfstæð stofnun sem heyrði undir Alþingi. Stofnunin mundi þá starfa í skjóli Alþingis, líkt og Ríkisendurskoðun og Umboðsmaður Alþingis. Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins viðrar hins vegar aðra hugmynd. Hann leggur til að Alþingi geri samstarfssamning við Hagfræðistofnun HÍ sem gæti gert þjóðhagsspár og útreikninga líkt og Þjóðhagsstofnun gerði.






NÝTT!
Lögin beint inn í iTunes og á iPod
Fyll'ann takk!
Vertu tilbúinn **í sumarfríið!**
Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.
Tónlist.is



„...fyrst á visir.is“

vísir.is
...ég sá það á visir.is


## FRÉTTASKÝRING: Bráðnun jökla



**SKEIÐARÁRJÖKULL** Fjallstindur gægist upp úr ísbreiðunni en jökulísinn situr eftir í dölum. Jökulsker stækka með hverju árinu. MYND/HELGI BJÖRNSSON

# Tindar rísa upp úr jökli

**Vatnajökull gæti komið betur undan sumri en í fyrra vegna þess hversu mikið snjóaði í vetur. Allar líkur eru þó á að jökullinn haldi áfram að rýrna eins og á hverju ári síðustu tólf ár.**

„Ný jökulsker eru að birtast og þau sem fyrir voru verða sífellt stærri,“ segir Helgi Björnsson jöklafræðingur. „Einnig má sjá heilu fjöllin rísa upp úr jöklinum þar sem fjallstindar stingast í gegnum ísbreiðuna sem situr eftir í dölum.“

Helgi flýgur reglulega yfir Vatnajökul og fylgist grannt með ástandi jökulsins. „Jökullinn hefur að jafnaði tapað einum metra af ís á ári undanfarin ár,“ segir Helgi. „Tapið er þó ekki jafndreift um jökulinn heldur mest niðri við sporðana auk þess sem fjallstindar eru að verða íslausir.“

**Verra á sama tíma í fyrra**
Leiðangur sem kannaði ástand Vatnajökuls um síðustu helgi segir ástandið þó betra nú en á sama tíma í fyrra.

„Heldur meira snjóaði síðasta vetur en árin á undan og það ver jökulinn fyrir sumarbráðnun nú,“ segir Helgi.

„Jökullinn er hvítari vegna þess að enn eimir eftir af vetrarsnjónum sem endurkastar sólargeislum betur. Þess vegna eigum við von á heldur minni leysingum næstu vikur heldur en verið hefur undanfarin ár.“

**Jökullinn heldur áfram að rýrna**
Helgi segir þó enn eiga eftir að koma í ljós hvernig veðurfar það sem eftir lifir sumars fari með jökulinn.

„Ef ekki kemur til hitabylgja ætti bráðnunin að öðru óbreyttu að verða minni en þessi síðustu ár,“ segir Helgi.

Hann á þó ekki von á öðru en að jökullinn rýrni í ár eins og hann hefur gert á hverju ári síðastliðin tólf ár þrátt fyrir að tapið gæti orðið minna nú.

**Eldgos og snjóléttir vetur**
Mesta tap sem orðið hefur á jöklinum sást árin 1997 og 2005, að sögn Helga.

„Fyrra árið bráðnaði mikið vegna ösku sem lá yfir jöklinum eftir eldgos í Gjálp. Síðara árið var aftur á móti óvenju hlýtt auk þess sem veturinn á undan var snjóléttur.“

Helgi segir að ef lítið snjói að vetrarlagi komi jökulísinn fyrr í ljós þegar snjóþekja vetrarins bráðnar ofan af. Ísinn er dekkri að lit og bráðnar því mun hraðar í sólskininu en vetrarsnjórinn.

**Horfnir eftir 150 ár**
„Jafnvel við óbreytt loftslag myndu jöklarnir láta mikið á sjá næstu áratugina og verða alveg horfnir eftir um þrjú hundruð ár,“ segir Helgi.

„Því er hins vegar spáð að hlýnunin verði mun hraðari og miðað við þær spár höfum við reiknað út að jöklarnir hverfi á helmingi styttri tíma eða um 150 árum.“

**Alltof hlýtt fyrir jöklana**
Helgi segir loftslagið nú einfaldlega of hlýtt fyrir jöklana.

„Jöklarnir stækkuðu á kuldaskeiði sem geisaði hér frá þrettándu öld og fram til loka nítjándu aldar,“ segir Helgi.

„Nú hefur hins vegar hlýnað í veðri alla tuttugustu öldina og á meðan hafa jöklarnir látið á sjá, einkum þó síðastliðinn áratug.“

Helgi telur litlum vafa undirorpið að öra rýrnun allra síðustu árin megi rekja til gróðurhúsaáhrifa og hlýnunar jarðar.

„Aukin mengun veldur hlýnun og það eru allar líkur á því að sífellt muni herða á þeirri þróun,“ segir Helgi.

**AFKOMA VATNAJÖKULS**




**RÝRNUN JÖKLANNA** Vatnajökull hefur tapað hluta af jökulísnum á hverju ári síðustu tólf ár, mest árin 1997 og 2005 þegar annars vegar kom til eldgos og hins vegar hitabylgja að sumri eftir snjóléttan vetur.



**HELGI BJÖRNSSON** Jöklafræðingur segir lítinn vafa leika á því lengur að hraða rýrnun jökla undanfarin ár megi rekja til hlýnunar jarðar af völdum gróðurhúsaáhrifa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FRÉTTASKÝRING
HELGA TRYGGVADÓTTIR
helgat@frettabladid.is

## LÓNIÐ STÆKKAR Á MIKLUM HRAÐA

Bráðnun jökla má vel sjá á Breiðamerkursandi þar sem Jökulsárlón stækkar á miklum hraða.

Lónið sást fyrst árið 1934 og er nú að nálgast tuttugu ferkílómetra að flatarmáli, að sögn Helga Björnssonar. Lónið hefur stækkað hratt síðustu ár og ekkert lát virðist á þeirri þróun.

Undir skriðjöklinum er 25 kílómetra renna sem nær allt að þrjú hundruð kílómetra undir sjávarmál. Helgi er því fullviss að við óbreyttar aðstæður muni lónið bara halda áfram að stækka.



JÖKULSÁRLÓN

*Opið í dag frá kl. 9 til 18*

## Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri bíl

**Smelltu á www.notadir.brimborg.is og veldu þann nýja.**
***100% fjármögnun.***




*100% fjármögnun*
*á betri bíl frá Brimborg*




***Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir betri notaðan***

# Breyttu druslunni í djásn í dag

Við kaupum hvaða druslu sem er á **heilar 200.000** krónur, kaupir þú betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag. Komdu bíldruslunni í verð.

**Nú áttu útborgun upp í betri bíl**

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. **100% fjármögnun.**
Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

**Druslan öðlast nýtt líf í dag**

- Komdu druslunni í verð í dag
- Kaupum hvaða druslu sem er
- 200.000 krónur fyrir drusluna

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

**Útgjöldin**

> Verð á DV í lausasölu á þriggja ára fresti frá árinu 1999.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS.

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR LEIKKONA

## *Gerir bestu kaupin á mörkuðum*



„Verstu kaup sem ég hef gert voru skór sem ég keypti mér þegar ég útskrifaðist úr Leiklistarskólanum. Þeir voru svo óþægilegir að ég var farin úr þeim eftir tvo tíma," segir Elma Lísa. Skórnir góðu kostuðu um þrjátíu þúsund krónur en Elma segist aldrei hafa notað þá aftur.

Eins og svo margir hefur Elma orðið tískunni að bráð. „Ég keypti mér rándýra Buffalóskó þegar þeir voru í tísku." segir hún. „Þeir voru svartir, með þykkustu gerð af sólum og eiginlega stórhættulegir. Ég hefði auðveldlega getað fótbrotnað." Elma bætir því við að henni hafi reyndar þótt gaman að því hve hávaxin hún varð í skónum en segir að þetta hafi verið í síðasta sinn sem hún hafi keypt sér eitthvað af því að það var í tísku.

Elma sækir mikið af mörkuðum. „Ég keypti mér níðþunga styttu af Jesú á markaði í Barcelona sem ég er mjög ánægð með." Elma er dugleg við að halda markaði og sá um Sirkus-markaðinn. „Ég ætla að halda markað í FIL-húsinu um helgina," segir hún. „Með því að selja fötin mín á mörkuðum réttlæti ég það að kaupa mér þau og þá líður veskinu mínu mun betur. Ég mæli hiklaust með því að fólk sæki markaði og skoði sig um. Þar hef ég gert mín bestu kaup."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### GAFFATEIP REDDAR ÖLLU

■ *Hanna Björg Jónsdóttir, starfsmaður hjá Sagafilm, kann að eyða vondri lykt.*



„Mér finnst gaffateip, grátt strigalímband, vera nauðsynlegt fyrir heimilið," segir Hanna Björg.

„Þegar eitthvað bilar, brotnar eða lekur þá kemur gaffateipið til bjargar. Það heldur nánast öllu saman." Hanna Björg segist nýverið hafa uppgötvað Air Sponge Odor Absorber. „Svampurinn fæst á flestum bensínstöðvum og dregur í sig matarlykt, reykingalykt, fúkkalykt og hvaðeina."

■ **Verslun**

## Grænmeti og ávextir koma fyrr í verslanir



Í dag hefst samstarf Nóatúns og garðyrkjubænda sem nefnist Beint frá bónda. Tilgangur þess er að koma vöru bændanna fyrr í verslanir og gera neytendum þannig kleift að njóta þeirra fyrr. Bændurnir keyra vöruna í flestum tilfellum í verslanir daginn eftir að varan hefur verið tekin upp. Þeir bændur sem urðu fyrir valinu hafa verið í fararbroddi íslenskra grænmetisbænda undanfarin ár.

■ **Neytendaréttur**

## Ný reglugerð um verðmerkingar tekur gildi

Reglur sem Neytendastofa setti nýverið um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar hafa tekið gildi. Þá falla úr gildi eldri reglur.

Nýju reglurnar fela ekki í sér miklar breytingar heldur voru eldri reglur sameinaðar og einfaldaðar. Með þeim vill Neytendastofa „auka skýrleika og aðgengi að reglum um verðmerkingar óháð starfsgreinum".

Neytendastofa er eina stofnunin sem tengist neytendamálum sem hefur heimild til þess að sekta þau fyrirtæki sem ekki fara að settum reglum.

Reglurnar eru auðlesnar og má nálgast á heimasíðunni Neytendastofa.is.

Veitingastaðurinn Greifinn á Akureyri:

# Tómatsósan seld

Óánægður Akureyringur skrifar: *Greifinn á Akureyri er merkilegt veitingahús sem allir sem koma til Akureyrar verða að koma við á. Það sem er aðallega merkilegt við þetta fornfræga veitingahús er þó verðlagið á matseðlinum. Jú jú, það kostar að fara út að borða og ég veit um staði slakari að gæðum sem rukka svipað mikið fyrir einn sveittan hammara en þegar veitingahús rukkar 110 kr. fyrir smá tómatsósudrull er mér nóg boðið.*




**GREIFINN Á AKUREYRI** Tómatsósan á 110 kall.



„Þetta hefur alltaf verið svona hjá okkur," segir Arinbjörn Þórarinsson, framkvæmdastjóri Greifans. „Það fylgir samt kokkteilsósa með öllum skömmtum af frönskum og ef fólk vill frekar tómatsósu þá er ekkert mál að skipta. Þessi verðlagning á því bara við ef fólk vill tómatsósu á pitsuna sína eða vill meira en þessa einu skál sem fylgir frönskunum."

**DR. GUNNI** neytendur@frettabladid.is

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

# Glænýr viltur lax

# Úrval fiskrétta á grillið

*Óbreytt fiskverð frá áramótum*



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00



**TJALDAÐ Í GÓÐVIÐRI** Það er mun ódýrara að kaupa sér tjald og tilheyrandi búnað en stóran tjaldvagn eða fellihýsi. Að sofa í tjaldi er kostur sem margir kjósa enn þá.

# Að tjalda til einnar nætur þarf ekki að vera dýrt

**Þegar farið er í ferðalag um verslunarmannahelgina eru ekki allir í þeim hugleiðingum að fara í kostnaðarsamt ferðalag með tjaldvagn, ferðaklósett og gasgrill í eftirdragi. Sumir vilja aðeins taka með sér ítrustu nauðsynjar eins og svefnpoka og tjald til þess að geta hallað höfði yfir blánóttina. Fréttablaðið skoðaði verðið á hóflegum útilegubúnaði á nokkrum sölustöðum.**

Í Intersport er hægt að fá bæði svefnpoka og tjöld. Þar kosta góðir heilsárspokar 19.900 en einnig er hægt að fá skálapoka á 23.990. Ódýrustu pokarnir í sumar kosta aðeins 6.990 og eru, að sögn starfsmanns Intersports, „fínustu sumarpokar".

Tjöldin í versluninni eru á verðinu 9.990 til 29.990 en að auki er veittur 40 prósenta afsláttur. Tjöldin eru af mismunandi stærðum og gerðum en í þeim stærstu getur fólk staðið upprétt. Útilegupakkinn hjá Intersport kostar frá tæpum tíu þúsund krónum upp í rúmlega fimmtíu þúsund krónur.

Rúmfatalagerinn býður upp á úrval tjalda á lágu verði, allt niður í 1.490 krónur. Eigi tjaldið að vera með himni kostar það þó í besta falli 2.990 krónur. Dýrustu tjöldin fara upp í 30 þúsund krónur. Svefnpokarnir kosta frá 990 krónum upp í fimm þúsund krónur. Nauðsynlegur útilegubúnaður frá Rúmfatalagernum þarf því ekki að kosta meira en tvö þúsund og fimm hundruð krónur en verðið getur þó farið allt að 40 þúsundum.

Í Byko stendur yfir útsala en þar kosta ódýrustu tjöldin 1.690 krónur en þau dýrustu eru á 9.990 krónur. Verðinu á svefnpokum er sömuleiðis stillt í hóf. Þeir kosta frá 1.724 krónum upp í 2.990 krónur. Heildarverðið hjá Byko fer því ekki undir þrjú þúsund krónur og ekki yfir fimmtán þúsund krónur.

Hjá Húsasmiðjunni er verðlagið aðeins dreifðara. Þar má fá tjöld frá 3.990 krónum og upp í 49.990 krónur. Þau minnstu eru þriggja manna en þau stærstu sex manna með rúmu fortjaldi. Svefnpokar kosta í kringum 3.500 krónur. Útilegupakki frá Húsasmiðjunni getur því kostað frá tæplega tíu þúsundum og yfir fimmtíu þúsund krónur.

Ljóst er að Rúmfatalagerinn býður bestu kjörin af verslununum fjórum. Engu að síður fær Rúmfatalagerinn ágæta samkeppni frá hinum verslununum. Ef litlu sem engu á að eyða eru þeir þó fremstir í flokki. **helgath@frettabladid.is**

Það getur munað dýrmætum krónum að velja samheitalyf

# Hafa sömu virkni og frumlyf

Það er hægt að spara dágóðan skilding ef valin eru samheitalyf í stað frumlyfja þegar farið er í apótekið. Samheitalyf eru lyf sem hafa sama virka efni og frumlyfin og eiga því að virka alveg eins. Í reglugerð um afgreiðslu lyfja segir:

„Lyfjafræðingi er skylt að upplýsa sjúkling um val milli samsvarandi samheitalyfja sé ávísað á slík lyf og verðmunur er meiri en fimm prósent frá verði ódýrustu samheitalyfja í viðmiðunarverðskrá." Magnús Steinþórsson, framkvæmdastjóri Lyfjavers, segir að fólk velji oft frumlyf í stað samheitalyfja þrátt fyrir að þau síðarnefndu séu oft ódýrari.

„Sumir vilja fylgja því sem læknirinn segir eða er einfaldlega íhaldssamt," segir Magnús. „Þetta virðist þó vera að ganga ágætlega, fólk er almennt hlynnt samheitalyfjunum og til eru dæmi þess að samheitalyf hafi tekið algerlega yfir markaðinn." Magnús segir þó að ódýrustu lyfjunum sé ekki nærri alltaf ávísað.

„Stundum reikna læknar með því að apótekin sjái um að upplýsa fólk um samheitalyf en svo vilja sjúklingar kannski ekki hvika frá tilvísun læknisins." **- hþj**



**MÖRG LYF EIGA SÉR SAMHEITALYF** Oft treystir fólk eingöngu á lækna og kaupir mun dýrari lyf en nauðsynlegt er.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR


Kayakar á ævintýralegu verði
Seljum síðustu eintökin af nokkrum vinsælum kayökum með ævintýralegum afslætti
Capella - Fullt verð 194.900 - Tilboð aðeins 115.900
Skye 17 - Fullt verð 159.900 - Tilboð aðeins 109.900
Easky 15 - Fullt verð 115.900 - Tilboð aðeins 79.900
Easky 13 - Fullt verð 99.900 - Tilboð aðeins 49.900
Point 65 Picnic - Fullt verð 109.900 - Tilboð aðeins 59.900
Point 65 Everest - Fullt verð 199.900 - Tilboð aðeins 79.900
Nokkrar gerðir þurrtoppa með 45 til 60% afslætti
Nokkrar gerðir sundvesta með 35 til 60% afslætti
Swift Dry þurrgallar með 25% afslætti
Mjög takmarkað magn - Og aðeins örfáir dagar
SPORTBÚÐIN
Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is

NÓATÚN

# Nóatún tryggir þér fy
# íslenskt grænm
# - beint frá bón

ferskt og íslenskt - fyrr á markað - r

EXPO • www.expo.is









# yrsta flokks
# meti
# nda!

## meira framboð

NÓATÚN

BEINT FRÁ BÓNDA

**Nóatún** hefur hafið tímamótasamstarf við grænmetisbændur á Íslandi. Með þessu tryggir Nóatún neytendum enn betri aðgang að fyrsta flokks íslensku grænmeti - beint frá bónda.

Bændurnir sem valdir voru hafa verið í fararbroddi íslenskra grænmetisbænda í mörg undanfarin ár. Nú gefst þeim tækifæri til að koma vörunni milliliðalaust beint á markað.









## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.159 **+1,09%**

**Fjöldi viðskipta:** 260
**Velta:** 1.811 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **TEYMI** | +5,96% | **ATORKA** | -0,72% |
| **EIK BANKI** | +3,90% | **FØROYA BANKI** | -0,35% |
| **KAUPÞING** | +1,54% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,92 +0,29 ... Atorka 5,54 -0,72% ... Bakkavör 25,15 +0,00% ... Eimskipafélagið 14,25 +0,00% ... Exista 6,31 +1,28% ... Glitnir 14,99 +0,88% ... Icelandair Group 17,05 +1,49% ... Kaupþing 725,00 +1,54% ... Landsbankinn 23,00 +1,10% ... Marel 85,60 +0,47% ... SPRON 3,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 9,26 +0,11% ... Teymi 1,60 +5,96% ... Össur 85,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Feitar konur missa vinnuna

Meðan of feitir karlmenn eru engu líklegri til að verða reknir en grennri starfsbræður þeirra tvöfaldar offita líkurnar á að konur séu reknar. Þetta kemur fram í rannsókn Juho Härkönen við Yale-háskóla og Pekka Räsänen við Turku-háskóla í Finnlandi.

Offita hefur sömuleiðis mun minni áhrif á laun karla en kvenna. Of feitar konur eru að meðaltali með 25.000 krónum lægri laun á mánuði en konur sem eru í kjörþyngd. Karlmenn sem eru yfir kjörþyngd geta hins vegar reiknað með að fá 6.000 lægri laun. Þessar niðurstöður koma fram þótt öðrum breytum, svo sem starfsgrein, menntun eða aldri sé haldið stöðugum.



### Fordómar gegn feitum

Räsänen og Härkönen segja fordóma gegn of feitu fólki mjög útbreidda. Yfirmenn telji að feitir starfsmenn séu latari en grannir starfsmenn. Þá hafi offita mjög slæm áhrif á sjálfsmat fólks og geri að verkum að feitt fólk sé ekki eins líklegt til að fara fram á launa- og stöðuhækkanir.



## Kaupmáttur launa skerðist

Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 8,5 prósent. Launavísitala í júní var 346,2 stig og hækkaði um 1,2 prósent frá fyrri mánuði. Kaupmáttur launa hefur dregist saman um 3,73 prósent á tólf mánuðum. Í tilkynningu frá Hagstofunni kemur fram að í hækkun launavísitölunnar gætir áhrifa samkomulags aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB). Greining Landsbankans bendir á að greina má minnkandi eftirspurn í hagkerfinu vegna kaupmáttarskerðingarinnar í fækkun í nýskráningum bíla og minni greiðslukortaveltu. **- bþa**

# Hagnaður milljarði undir spám

Hagnaður Nordea á öðrum ársfjórðungi var 110 milljarðar, (883 milljónir evra) örlítið lægri en spáð hafði verið. Greiningardeildir höfðu gert ráð fyrir 111 milljörðum. Í kjölfar fréttanna lækkuðu bréf Nordea um 3,8 prósent í kauphöllinni í Stokkhólmi. Sérfræðingar spá kólnun á sænskum bankamarkaði.

Útlánatap hefur aukist nokkuð-hjá Noreda, mest í Eystrasaltsríkjunum. Christian Clausen, bankastjóri Nordea segir að minni hagvöxtur í Eystrasaltsríkjunum sé farinn að segja til sín, en staða bankans sé þó enn mjög sterk.

Orðrómur hefur verið um mögulegan samruna Nordea og Swedbank. Dagens Industry hefur eftir greiningardeild verðbréfafyrirtækisins Cheuvreux að samruni við Swedbank myndi styrkja stöðu Nordea í Eystrasaltsríkjunu, Rússlandi og Úkraínu, og gera hann ráðandi á norrænum bankamarkaði.



**CHRISTIAN CLAUSEN, BANKASTJÓRI NORDEA** Undanfarið hafa stjórnendur Nordea talað um nauðsyn „norræns stórbanka“. MARKAÐURINN/NORDEA

Í viðtali við fréttastofuna Direkt vildi Clausen ekkert tjá sig um þennan orðróm: „Ég hef áður sagt að við erum tilbúnir til að ræða samruna við aðra banka, og höfum lengi verið.“

Þá greinir Bloomberg frá því að Nordea kunni að kaupa á Roskilde Bank, en Nordea hefur hug á að stækka útibúanet sitt í Danmörku.

Mikið hefur verið rætt um bankasamruna á Norðurlöndunum undanfarið. Þannig greindi Dagens Industry frá því í júní að viðræður hefðu átt sér stað milli Nordea og Handelsbanken. **- msh**

Íbúðalánasjóður

*Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks á að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.*



Íbúðalánasjóður auglýsir eftir umsóknum viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja um lán til tímabundinnar endurfjármögnunar á íbúðalánum sem veitt hafa verið gegn veði í íbúðarhúsnæði.

- Einungis viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki, sem falla undir ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, hafa heimild til að sækja um lán úr þessum lánaflokki.
- Samtals verða 30 milljarðar kr. að hámarki veittir í formi íbúðabréfa gegn skuldabréfi með tryggingu í undirliggjandi fasteignaveðbréfum.
- Allir umsækjendur eiga rétt á lágmarksfjárhæð sem er 1,5 milljarðar kr. Reynist umsóknir umfram 30 milljarða kr. skulu lán skert í réttu hlutfalli við fjárhæð lánsumsókna að teknu tilliti til fjárhæðar lágmarkslána sem hver umsækjandi á rétt á.
- Lánstími skal að hámarki vera þrír mánuðir með heimild til framlengingar um þrjá mánuði í senn.
- Vaxtaálag Íbúðalánasjóðs er 0,75% á ársgrundvelli.

Í umsókn skal tilgreina lánsfjárhæð sem sótt er um. Jafnframt skal liggja fyrir yfirlýsing umsækjanda þess efnis að hann telji sig uppfylla öll ákvæði er varða lánaskilyrði Íbúðalánasjóðs og tryggingar, sbr. reglugerð frá 17. júlí 2008 um breytingu á reglugerð nr. 458/1999 um lánaflokka Íbúðalánasjóðs og reglur stjórnar sjóðsins.

*Allar nánari upplýsingar um tryggingar og aðrar reglur um lánveitingar úr þessum lánaflokki er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.ils.is og hjá Ívari Ragnarssyni, ivar@ils.is og Ástu Bragadóttur, astab@ils.is í síma 569 6900.*

**Umsóknarfrestur er til og með 6. ágúst 2008. Íbúðalánasjóður áskilur sér 7 daga til að svara umsóknum.**

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969, fax: 569 6800

# Ástæðulaust að óttast krónubréf

**Hratt dregur úr verðbólgu. Stýrivextir lækka í nóvember samkvæmt stýrivaxtaspá Landsbankans.**

„Líklegt er að áhrifin af gjalddaga krónubréfa verði að einhverju leyti jákvæð þar sem líklegt er að aðgengi almennings og fyrirtækja að fjármögnun í erlendri mynt batni í kjölfarið,“ segir Lúðvík Elíasson, hagfræðingur hjá greiningu Landsbankans.

Í viðtali við Bjarna Benediktsson og Illuga Gunnarsson í Markaðnum í gær settu þeir fram ákveðna gagnrýni á Seðlabanka Íslands um vítahring krónubréfaútgáfu. Þar sagði að nauðsynlegt væri að fá langtímafjárfesta í stað skammtíma spákaupmanna til að draga úr sveiflum. Lúðvík segir það óljóst.

Hann segir að stór gjalddagi krónubréfa í haust muni losa um erlendan gjaldeyri og hugsanlega liðka fyrir á gjaldeyrismarkaði. Lúðvík telur að veiking krónunnar sé komin fram og hún muni ekki veikjast frekar þrátt fyrir gjalddagann.

„Ég tel ekki forsendur fyrir frekari gengisveikingu krónunnar og að hún sé að mestu komin fram,“ segir Lúðvík. Hann bætir við að stór gjalddagi krónubréfa í haust muni losa um erlendan gjaldeyri og liðka fyrir á gjaldeyrismarkaði.

Vaxtalækkunarferli Seðlabanka Íslands mun hefjast í nóvember samkvæmt nýrri stýrivaxtaspá greiningar Landsbankans. Greining gerir ráð fyrir því að vextir lækki í 15 prósent í árslok.



**VAXTALÆKKUN Í NÓVEMBER** Lúðvík Elíasson, hagfræðingur hjá Landsbankanum, segir gjalddaga krónubréfa kunna að hafa jákvæð áhrif á gjaldeyrismarkað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í spánni er gert ráð fyrir að atvinnulausum muni fjölga um 2.000 það sem eftir lifir árs. Auk þess segir að raunstýrivextir hafi verið neikvæðir undanfarna mánuði. Vegna ört lækkandi verðbólgu í lok árs telur greining að raunstýrivextir hækki til muna sem geri Seðlabankanum kleift að lækka stýrivexti.

„Meginmunurinn á okkar spá og spá Seðlabankans er að við gerum ráð fyrir að það dragi hraðar úr verðbólgu og verðbólguvæntingum en gerir í spá Seðlabankans,“ segir Lúðvík. Hann bætir við að greining geri ekki ráð fyrir að það komi til víxlverkunar launa og verðbólgu sem hjálpi bankanum að lækka vexti fyrr en áður var talið. **bjornthor@markadurinn.is**

# Spara með nýjum vélum

„Helsta ástæða þess að við erum að taka vélarnar í notkun nú er bágt efnahagsástand í heiminum,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express.

Iceland Express mun taka tvær Boeing 737-700-vélar í notkun um miðjan september. Matthías Imsland, Mark Norris, sölustjóri Boeing, og Shaun Monnery, framkvæmdastjóri Astreus Airlines, undirrituðu samning þess efnis í gær.

Í tilkynningu frá félaginu segir að vélarnar séu allt að 40 prósentum sparneytnari á hvern flugtíma en þær vélar sem hafa verið í notkun. Vélarnar koma í stað MD 90-véla sem félagið notaði áður.

Matthías segir að með þessu muni félagið spara hundruð milljóna. „Eldsneytiskostnaður bara fyrir júnímánuð í ár er meira en helmingi meiri en allt árið 2003,“ segir Matthías. Hann bætir við að það sé hreinn ágóði því búið sé að draga frá þann kostnað sem hlýst af því að skipta um vélar. **- bþa**



**UNDIRRITUN SAMNINGS** Mark Norris, sölustjóri Boeing í Evrópu, Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, og Shaun Monnery, framkvæmdastjóri Astreus Airlines. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Engar eignir teknar yfir

„Í tilefni frétta í Markaðinum um það að umsjá eignarhaldsfélaga á vegum Hannesar Smárasonar séu í annarra höndum er rétt að taka það fram að þær fréttir eru alrangar,“ segir Gunnar Sturluson, lögmaður og stjórnarmaður EO eignarhaldsfélags (sem áður hét Oddaflug), og kveðst furða sig á að sögusagnir sem slíkar rati í fréttir.

Jafnframt segir Gunnar rangar frásagnir í fréttinni af yfirtöku tilgreindra eigna. „Fjárfestingarfélagið Primus ehf. (nú FI fjárfestingar) hefur eins og önnur félög keypt og selt eignir, tekið lán og greitt upp skuldir, allt eftir aðstæðum hverju sinni, en hefur ekki þolað neina yfirtöku eigna eins og haldið var fram í Markaðnum,“ segir hann. **- óká**

omega
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

SUMAR-TILBOÐ!

# Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager









WLU 06A Hvítt háglans 120 x 50 sm **69.800,-** stgr.

WLU 06A Eik 120 x 50 sm **69.800,-** stgr.

CT - 75 **53.900,-** stgr. Hvítt háglans 75 x 50 sm

CT - 55 **44.900,-** stgr. Hvítt háglans 55 x 43 sm









WLU 147 Hvítt háglans 61x48 +25 sm **59.900,-** stgr.

WLU 147 Eik 61x48 +25 sm **59.900,-** stgr.

WLU 125 Eik 45 x 30 sm **28.900,-** stgr.

WLU 125 Hvítt háglans 45 x 30 sm **28.900,-** stgr.





WLU 126 **28.900,-** stgr. Hvítt háglans 50 x 40 sm

WLU 126 **28.900,-** stgr. Eik 50 x 40 sm

Innifalið: Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • Lokað laugardaga | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gamlar og nýjar efasemdir um hávaxtastefnuna:

## Hollráð

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Um það bil sem veturinn gekk í garð árið 2001 komst þáverandi forsætisráðherra svo að orði um hlutverk Seðlabankans: „Og svo þarf hann að huga að því hvort mjög háir vextir séu örugglega til þess fallnir að lækka verðbólgu. Það mætti hugsa sér að mjög háir vextir geti haft þveröfug áhrif.“

Þessar efasemdir voru settar fram þegar ný stefna í peningamálum hafði verið framkvæmd í nokkra mánuði. Síðan eru liðin sjö ár. Í Markaði Fréttablaðsins í gær komast stjórnarþingmennirnir Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson að þeirri niðurstöðu að reynslan kalli á endurmat peningamálastjórnarinnar.

Þingmennirnir taka svo hraustlega til orða að hægt sé að stöðva verðbólgu með því að drepa hagkerfið með vöxtum. Að þeirra áliti er það hins vegar ekki ásættanleg niðurstaða. Þar af leiðir að þeir kalla eftir að vítahringur vaxta, gengis og krónubréfa verði rofinn og vilja að Seðlabankanum verði hjálpað til þess að búa til þær aðstæður að lækka megi vexti.

Í raun réttri þýða þessi ummæli að ríkisstjórnin leggi Seðlabankanum til hagfræðileg rök til þess að víkja frá þeim reikniformúlum sem gefa fyrirsjáanlega niðurstöðu um áframhald hávaxta. Það væri í góðu samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra á ársfundi Seðlabankans í vor sem leið og rökrétt ályktun af efasemdum fyrrverandi forsætisráðherra þegar fyrst reyndi á gildandi lög um sjálfstæði Seðlabankans.

Sjálfsagt eru flestir sammála því að horfið verði frá frekari tilraunum til að halda uppi gengi krónunnar með erlendum vaxtamunarlántökum. En böggull fylgir skammrifi eins og jafnan. Eitthvað þarf að koma í staðinn sem gefur gjaldmiðlinum gildi. Þegar þar að kemur verða skoðanir skiptar.

Aukinn hagvöxtur með sköpun nýrra verðmæta er í raun og sannleika eina leiðin til þess að skjóta stoðum undir gjaldmiðilinn. Þingmennirnir benda því eðlilega á að óhjákvæmilegt er að við nýtum okkur það forskot sem við höfum fram yfir margar aðrar þjóðir með því að beisla þá orku sem eðlilegt getur talist. Á móti eru svo þeir sem trúa að unnt sé að verja lífskjörin án aukins hagvaxtar.

Við þurfum einfaldlega meira af erlendu fjárfestingarfjármagni en minna af erlendum lánum. Orkunýtingin er sá kostur sem nærtækastur er í þeim tilgangi. Þessa stefnu þarf hins vegar að framkvæma svo hiklaust og markvisst að erlendir fjárfestar og fjármálamarkaðir hafi trú á að hlutirnir séu gerðir af því afli og með þeim hraða sem þarf til að styrkja gjaldmiðilinn.

Á tveimur árum á að vera unnt að vinna þjóðarbúskapinn upp úr lægðinni. Þegar þar að kemur vaknar spurningin hver framtíðarstefnan í peningamálum á að vera. Þá vandast málið á ný. Sumir vilja treysta á krónuna þrátt fyrir bitra reynslu af veikleikum hennar. Það kostar harðar ríkisfjármálaaðgerðir.

Aðrir vilja taka upp evru með inngöngu í Evrópska myntbandalagið og væntanlega einnig Evrópusambandið. Það kallar á erfiðar aðgerðir í ríkisfjármálum í samræmi við þær kröfur sem til aðildarþjóðanna eru gerðar þar að lútandi.

Fyrstu vísbendingar um hvert stefnir má sjá í fjárlagafrumvarpinu í haust. Verði fjárlög næstu ára í jafnvægi má túlka það sem tilraun til að viðhalda krónunni til lengri tíma. Fari hallinn ekki yfir þrjá af hundraði landsframleiðslu er möguleikanum á evru haldið opnum. Náist hvorugt markmiðið gætu frómar óskir um varanlegan stöðugleika í peningamálum orðið óvissu undirorpnar enn um sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lokuð sund

Eigandi Hótels Adam við Skólavörðustíg er reiður borgaryfirvöldum fyrir að skrúfa fyrir vatnið hjá honum í fyrradag vegna framkvæmda í götunni. Í samtali við Vísi segist hann hafa hringt í Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóra miðborgarinnar, sem hafi stungið upp á að sturtulausir hótelgestirnir fengju frítt í Sundhöllina í sárabætur. Þetta var fallega boðið hjá Jakobi en hefði líklega bætt gráu ofan á svart, því eins og lesa má á heimasíðu Íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkur er Sundhöllin lokuð frá 21. til 25. júlí. En hvernig hefði framkvæmdastjóri miðborgarinnar svo sem átt að vita það?



### Sigríður og Sigríður

Tilkynnt var í gær að Sigríður Indriðadóttir hefði verið ráðin í nýtt starf mannauðsstjóra Mosfellsbæjar. Sigríður er fædd árið 1972 og er þriggja barna móðir. Í síðustu viku var Sigríður Dögg Auðunsdóttir ráðin upplýsingafulltrúi Mosfellsbæjar. Hún er líka fædd 1972 og er þriggja barna móðir. Það skyldi þó ekki vera ný stefna hjá Mosfellsbæ að ráða aðeins til starfa 36 ára, þriggja barna mæður að nafni Sigríður?

### Hlustar Geir í þetta sinn?

Vefþjóðviljinn rifjar upp að Tryggvi Þór Herbertsson, nýráðinn efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, hafi áður reynt að ráða stjórnvöldum heilt en með litlum árangri. Í Fréttablaðinu árið 2003 hafi hann til dæmis mælt með niðurskurði á ríkisútgjöldum, frestun framkvæmda og sparnað í rekstri hins opinbera, sem og uppstokkun í landbúnaðar- og heilbrigðiskerfinu. „Ef allir leggjast á eitt mun góðærið skila sér til almennings en ef menn fara út af sporinu verða timburmennirnir miklir. Verðbólga, samdráttur og sársauki. Þá fyrst brotlendum við,“ sagði Tryggvi þá og vonar Vefþjóðviljinn að Geir H. Haarde taki meira mark á honum nú en vorið 2003.

bergsteinn@frettabladid.is

## Valdmörk og mótvægi



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Saga frá Suður-Ameríku

Lýðræði snýst ekki bara um kosningar og kjörseðla. Það sást í Bandaríkjunum fyrir átta árum, þegar hæstiréttur landsins dæmdi George W. Bush forsetaembættið með fimm atkvæðum gegn fjórum að loknum löngum skrípaleik í Flórída. Og það sást aftur í Simbabve um daginn, þegar útsendurum Róberts Múgabe forseta tókst með ofbeldi að hræða sigurvegarann í fyrri umferð forsetakosninganna, Morgan Tsvangíræ, frá þátttöku í síðari umferð, svo að Múgabe situr enn í embætti, umboðslaus. Hann hefur setið þar samfellt frá 1980, þegar landið hlaut sjálfstæði.

Lýðræði er flókið gangverk. Það útheimtir bæði frjálsar kosningar og styrkar stofnanir til að veita kjörnum stjórnvöldum aðhald, svo að þau virði valdmörk sín; til þess þurfa þau mótvægi. Þær stofnanir, sem mestu skipta í þessu viðfangi, eru stjórnarandstaðan, stjórnarskráin, óháðir dómstólar og frjálsir fjölmiðlar. Í hvaða hlutföllum? Ef land losnar undan einræði og þarf að byggja lýðræði frá grunni, hvaða stofnanir samfélagsins er þá vert að leggja mesta rækt við til að treysta valdmörkin og mótvægið og þá um leið lýðræðið í sessi? Þessari spurningu virtist lengi ógerningur að svara, þangað til svarið barst – frá Suður-Ameríku. Hér er sagan af því.

### Mikilvægasta mótvægið?

Alberto Fujimori var landbúnaðarháskólarektor í Perú, bauð sig fram til forseta 1990 gegn Mario Vargas Llosa, heimsþekktum rithöfundi, og hafði sigur. Fujimori forseti þótti fara vel af stað, en 1992 lýsti hann yfir neyðarástandi með fulltingi hersins, rak þingið heim, hóf ritskoðun, rifti stjórnarskránni og lét handtaka nokkra andstæðinga sína. Hann náði einnig í krafti nýrra laga að góma Abimael Guzmán, leiðtoga maóíska hryðjuverkahópsins Sendero Luminoso (Skínandi stígur), sem hafði framið mörg voðaverk með miklu mannfalli. Fujimori hafði tekið við vondu búi. Verðbólgan var 7.500 prósent 1990. Hann brást við með því að ýta undir markaðsbúskap, einkavæða ríkisfyrirtæki og laða erlenda fjárfestingu að landinu. Umbæturnar báru árangur: verðbólgan hjaðnaði, efnahagurinn batnaði, og Fujimori náði endurkjöri 1995. Síðara kjörtímabil hans 1995-2000 leið líkt og hið fyrra. Forsetinn var vel þokkaður, einkum til sveita, meðal annars af því að honum hafði tekizt að brjóta hryðjuverkahópana á bak aftur og hemja verðbólguna.

Hægri hönd forsetans var Vladimiro Montesinos leynilögreglustjóri. Hann nýtti sér lögin, sem sett voru til að hafa hendur í hári hryðjuverkamanna, til að klekkja á öðrum stjórnarandstæðingum og grafa undan lýðræðinu. Margir þóttust vita þetta, en staðfestingin fékkst ekki fyrr en undir lok síðara kjörtímabils Fujimoris. Þá birti lítil kapalsjónvarpsstöð kvikmynd af Montesinosi að greiða stjórnarandstöðuþingmanni mútur. Bókhaldari (og ástkona) leynilögreglustjórans hafði lekið myndbandinu. Hann flúði til Panama. Sönnunargögnin gegn honum hlóðust upp, því að hann hélt bókhald yfir allar mútugreiðslur auk myndbanda í þúsundatali. Bókhaldið sýnir, að hann mútaði þingmönnum, dómurum, ritstjórum og eigendum og starfsmönnum útvarps- og sjónvarpsstöðva. Fjárhæðirnar afhjúpa, hvaða stofnanir Montesinosi þótti brýnast að kaupa til fylgis við forsetann. Stjórnarandstöðuþingmenn, blaðamenn, útvarpsmenn og dómarar voru tiltölulega ódýrir í rekstri: 5-20 þúsund dollarar á mánuði dugðu handa hverjum þeirra. Sjónvarpsstöðvarnar fengu meira. Þær voru tíu, og Montesinos greiddi níu þeirra næstum milljón dollara hverri á mánuði fyrir að fá að stýra fréttaútsendingum. Hann taldi ekki vert að múta minnstu stöðinni. Hún birti myndbandið, sem svipti hulunni af spillingarvefnum. Stíflan brast. Fujimori flúði land og sagði af sér embætti með faxi frá Japan og var síðan ákærður fyrir spillingu, eiturlyfjasmygl, morð og mannrán.

### Boðskapur sögunnar

Vladimiro Montesinos vissi, hvað hann var að gera, þegar hann lagði undir sig sjónvarpsstöðvarnar níu. Tíunda stöðin varð honum og Fujimori forseta að falli. Í þessu ljósi verða upptök Baugsmálsins kannski skiljanleg. Málið hlýtur að snúast öðrum þræði um yfirráðin yfir Stöð 2 (og *Fréttablaðinu*, svo lengi sem það er borið út í hvert hús). Sjálfstæðisflokkurinn reyndi að loka báðum þessum miðlum með lögum 2004. Því áhlaupi var hrundið. Það er því ekki alveg óvænt að heyra suma sjálfstæðismenn halda því fram nú, að Baugsmálið sé ekki búið, þótt dómur Hæstaréttar sé fallinn. Einn þeirra, hátt settur embættismaður, segist vita, að ný ákæra sé í aðsigi. Hvernig veit hann það?

## Vandræði í boði ríkisstjórnarinnar

**UMRÆÐAN**

Guðni Ágústsson svarar Einari K. Guðfinnssyni



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

Einar K. Guðfinnsson, ráðherra skrifar hér í Fréttablaðið í gær eina af þessum skondnu greinum sem einkennir málflutning sjálfstæðismanna um þessar mundir. Grein sem á að breiða yfir vandræðaganginn sem fylgir ríkisstjórninni en hún hefur engin tök á efnahagsstjórninni. Á sama tíma koma ábyrgu tvíburarnir í Sjálfstæðisflokknum enn og aftur fram í opnuviðtali í Markaðnum, þeir Illugi Gunnarsson og Bjarni Benediktsson. Þessir ungu þingmenn rassskella Sjálfstæðisflokkinn fram og til baka fyrir dáðleysi í hagstjórninni. Þetta gerðu þeir í Morgunblaðinu upp úr áramótum þegar þeir reyndu að vekja ríkisstjórnina. Þeir benda á margt ágætt, tala í lausnum og á svipuðum nótum og við framsóknarmenn höfum gert í heilt ár.

Hér er óðaverðbólga á ný, gengi krónunnar er fallið um 40% frá áramótum. Skuldir íslenskra heimila hafa vaxið um eitt hundrað milljarða frá áramótum. Hér stýrir Seðlabanki í nafni ríkisstjórnarinnar hæstu stýrivöxtum í heimi til að halda í jöklabréfatröllin sem eru erlendir og víðfrægir braskarar sem heimta vexti og engar refjar á peninga sína. Stýrivextirnir áttu að auki að halda verðbólgunni niðri sem mælist nú í 30% í júlí og 15% á árinu, stýrivextirnir áttu að halda genginu uppi, það er kolfallið. Lífskjör almennings eru að rýrna undir handarjaðri þessarar ríkisstjórnar. Sjálfstæðisflokkurinn situr með hendur í skauti og aðhefst ekkert. Samfylkingin stingur hausnum í sandinn og vonar að enginn sjái sig eða muni eftir sér þegar efnahagsvandræðin eru á dagskrá.

Steingrímur Hermannsson er hjarta okkar framsóknarmanna nærri og gott að Einar nefnir nafn hans. Hann þyrfti ekki einn hagfræðing í viðbót við þessar aðstæður, gamli „big red“ hefði brett upp ermarnar og tekist á við vandann og skapað þjóðarsátt um varnaraðgerðir. Það sem ég sagði á Bylgjunni í fyrradag um Tryggva Þór Herbertsson, nýjan ráðgjafa ríkisstjórnarinnar, var þetta: Það þarf ekki einn svona mann í viðbót, það eru 40 hagfræðingar í Seðlabankanum sem heyra undir forsætisráðherra og að auki eru í forsætis-, fjármála-, og viðskiptaráðuneytum mikið af sérfræðingum. Nú þarf alþýðumanninn eða barnið til að segja keisaranum eða forsætisráðherranum að hann sé nakinn og ráðalaus, hann eigi fyrst og fremst að höggva á hnútinn, málin eru oft einfaldari en sérfræðingar vilja vera láta.

*Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.*

# Hagkaup býður
## *mesta vöruúrvalið!*

OPIÐ til 20 alla daga




## Yfir 50 tegundir af BBQ sósum í Hagkaupum



Gildir til 27. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Að varðveita og miðla menningu

UMRÆÐAN

Bjarki Sveinbjörnsson skrifar um menningarvarðveislu



BJARKI SVEINBJÖRNSSON

Tilefni þessara skrifa er grein Páls Baldvins Baldvinssonar í Fréttablaðinu 18. júlí undir heitinu Nýjar ríkisstofnanir boðaðar. Þar sem undirritaður er í hópi þeim sem vann að undirbúningi þessa máls, fyrst í samstarfi við Einar Odd Kristjánsson, og eftir lát hans, í anda þeirra hugmynda sem þar urðu til, vil ég skýra nokkur „ætluð“ atriði sem þar koma fram.

**1.** Páll vitnar í samantekt Önnu Jensdóttur sem kynnt var á „þingi norrænna háskólatónlistarsafna í sumar“. Viðburðurinn var raunar þing norrænna háskólatónlistarbókasafna – ekki tónlistarsafna. Bókasafn sem slíkt gæti orðið deild í tónlistarsafni.

**2.** Sú „ætlun“ að byggja eigi sérstakt stórhýsi undir þessi bóka- og hljóðsöfn hefur aldrei verið rædd. Unnið er út frá hugmyndum um samstarf við nefnd söfn – veita þeim þjónustu.

**3.** Allir eru sammála um að brýnt sé að yfirfæra segulbanda- og lakkplötusafn Ríkisútvarpsins yfir á stafrænt form. Í nokkur ár hefur einn tæknimaður í hálfu starfi unnið við að yfirfæra brot af lakkplötunum. Hér þarf að gera heljarátak. Hvergi hefur komið fram að Ríkisútvarpið telji sér fært að gera slíkt átak.

**4.** Aldrei hefur verið nefnt að „taka“ eigi efnið úr varðveislu RÚV, né að rýra hlutverk stofnunarinnar á þeim vettvangi – þvert á móti – varðveita á efnið á gagnadiskum RÚV – aðeins er talað um að umrædd stofnun í Kópavogi taki að sér verkefnið, sem og önnur verkefni af sama toga fyrir önnur söfn í landinu. Eru söfn í landinu í dag að afrita „rotnandi“ segulbandsspólur – jafnvel vaxhólka eða stálþráð – yfir í stafrænt form?

**5.** Segja má, að langt yfir 90% af tónlistarupptökum á vegum RÚV fari fram innan 6 kílómetra radíusar frá Efstaleitinu. Hægt er að búa til langan lista yfir þær hátíðir og viðburði sem fram fara á landinu öllu, sem aldrei koma fram í fjölmiðlum öðru vísi en sem fréttatilkynning.

**6.** Víst er það, að til er sendakerfi í opinberri og einkaeigu. Til hvers nota menn það? – Sjá menn fyrir sér að Bylgjan fari að senda út tónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, sjá menn fyrir sér að Rás 2 sendi út upptökur frá Kóramótinu í Mývatnssveit, sjá menn fyrir sér að FM957 sendi út upptökur áhugaleikhúsa á landsbyggðinni. Sjá menn fyrir sér að dagskrá Rásar 1 rými slíkar upptökur; hvað þá geti sent út efni úr segulbandasafninu nema spólu og spólu? Til hvers að færa segulbandasafn ríkisútvarpsins yfir í stafrænt form ef ekki á að nota það? Hefðu menn ekki gaman af að heyra úrval af tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í gegnum söguna? Sjá menn það fyrir sér á útvarpi Sögu? Eru þessar hugmyndir ógn, eða eins og Páll Baldvin orðar það: hörð samkeppni við sjálfsprottna starfsemi?

**7.** Ríkisútvarpið á upptökubíla – annan svo gamlan að hann ætti heima á fornbílasafni. Er honum ekki ætlað á aðra staði en þá þar sem hægt er að láta „renna í gang“. Sjá menn fyrir sér að senda slíkan upptökubíl á landsbyggðina? Eftir því sem ég best veit, hefur „alvöru“ upptökubíll aldrei verið staðsettur á landsbyggðinni. Er honum ætlað hlutverk í öll stærri verkefni. Þá hefur verið nefnt, að víða um land hafa sprottið upp lítil stúdíó, sem geta margt. Má vel hugsa sér samstarf við slíka aðila um upptökur á „minni“ atburðum – í rauninni full ástæða til.

**8.** Róndórásin var fyrir nokkrum árum búin til á einu skrifborði, af einum starfsmanni RÚV (með tæknihjálp) og keyrð þaðan þannig í nokkur ár. Kostnaðurinn lá í tölvubúnaði. Var hún hugsuð sem liður í þróunarvinnu, tilraunir með DAB (Digital Audio Broadcasting) útsendingar, sem samtímis er send út á FM (sem fólk heyrir) til samanburðar. Ég þekki engan sem á DAB tæki – í rauninni var ekkert unnið frekar með þessa tilraun, en full ástæða er til þess, þar sem þessi tækni hefur verið þróuð og kallast nú DAB+. Væri hægt að sjá nánast öllum útvarpsrásum landsmanna fyrir slíkum sendum. (sjá: worlddab.org) Hugmyndir byggja á því að styrkja Rondórásina í samvinnu við RÚV til að gegna því menningarhlutverki sem að framan er nefnt. Hefur þessi hugmynd verið kynnt öllum helstu lykilstarfsmönnum RÚV, og í rauninni unnin í samvinnu og með aðstoð nokkurra þeirra, einkum á tæknisviðinu.

Mönnum á fyrir löngu að vera hætt að bregða, þó ráðamenn Kópavogsbæjar taki frumkvæði í því að vinna að varðveislu og miðlun menningar – stofnanir bæjarins tala þar sínu máli. Næsti stóráfangi á því sviði er varðveisla og miðlun tónmenningar í landinu – OG – takið eftir – í samvinnu við þær opinberu stofnanir sem gegna varðveisluskyldu á því sviði. Hafa fundir þegar verið haldnir um slíka samvinnu milli forstöðumanna eða fulltrúa safnanna. Hér á ekki að troða neinum um tær, heldur styrkja þann þátt sem svo vanræktur hefur verið – sögu forsöngvarans til hljómsveitarstjórans.

*Höfundur er tónlistarfræðingur.*




# Framþróun og skynsamleg auðlindanýting

UMRÆÐAN

Reinhard Reynisson skrifar um álver á Norðausturlandi



REINHARD REYNISSON

Norðausturland hefur orðið fyrir því, eins og fleiri landsvæði á Íslandi, að sjávarútvegurinn sem var undirstaða velmegunar og framþróunar nánast alla síðustu öld hefur visnað með tilkomu kvótakerfis og tækniþróunar sem fækkað hefur störfum. Samþjöppun veiðiheimilda hefur svo enn aukið á neikvæðar afleiðingar fyrir atvinnulíf og búsetu víða um land.

Í Þingeyjarsýslu hefur um árabil verið unnið að því að auka fjölbreytni í atvinnulífi, m.a. til þess að takast á við þessar afleiðingar en einnig til að skapa forsendur fyrir sterkari samfélagsgerð til framtíðar þar sem skilyrði væru fyrir ungt fólk með mismunandi þekkingarbakgrunn til að hasla sér völl. Þrátt fyrir mikið starf hefur ekki tekist að halda í horfinu. Nýjar stoðir, mikilvægar sem þær eru, s.s. í ferðaþjónustu hafa ekki einar og sér megnað að standa undir nauðsynlegum viðgangi samfélagsins.

### Snúum þróuninni við

Neikvæð íbúaþróun er staðreynd og segir 15% fólksfækkun á tíu árum sína sögu. Alvarlegt er að stærstur hluti brottflutta er ungt fólk og veldur það óhjákvæmilega eðlisbreytingu á samfélaginu. Víða er byggð komin að þeim þolmörkum að hún gæti hrunið og eftir stæði strjál búseta sem er ekki það sama og lífvænlegt samfélag. Með sama áframhaldi er framtíðin ekki björt fyrir svæðið. Samfélagið getur ekki boðið ungu fólki störf við hæfi og því skilar stór hluti þess sér ekki aftur heim í hérað að námi loknu þrátt fyrir að taugarnar séu sterkar til heimabyggðar. Úr könnunum má lesa að fjöldi brottflutta hefur áhuga á að snúa heim bjóðist atvinna við hæfi.

Til langs tíma hafa heimamenn horft til orkuauðlindanna til að styrkja stoðir atvinnulífs og búsetu í héraðinu. Ýmislegt hefur verið reynt og annað skoðað. Kísiliðjan í Mývatnssveit var um árabil mikilvægur hlekkur í atvinnusögu héraðsins og raunar landsins alls. Dagar hennar eru nú taldir. Til harðviðarvinnslu á Húsavík var varið miklum tíma og fjármunum. Það verkefni gekk ekki upp. Vörubrettaframleiðsla sem nýtir hitaorku er í þróun í Mývatnssveit. Fjöldi annarra verkefna hefur í gegnum árin verið til skoðunar án þess að komast á framkvæmdastig.

Á undanförnum árum hefur tekist að þróa álversverkefnið þannig að hilli undir framkvæmdir. Um er að ræða niðurstöðu úr mjög löngu ferli og mikilli vinnu en ekki einhverja skyndiákvörðun þar sem aðrir kostir hafa ekki verið skoðaðir, eins og stundum mætti ráða af umræðunni.

### Skynsamleg auðlindanýting

Sú auðlindanýting sem uppbygging og rekstur álvers, ásamt afleiddri starfsemi, felur í sér mun hækka þekkingar- og menntunarstig vinnumarkaðarins á atvinnusvæðinu. Álverið eitt og sér mun hækka hlutfall starfa á atvinnusvæðinu sem krefjast framhaldsmenntunar og í því ljósi fær það góða einkunn á mælikvarða nýsköpunar og framþróunar í hagkerfinu. Það er alveg ljóst að nútímalegt álver eins og áætlað er að reisa er hátæknifyrirtæki í þeirri efnahagsgerð sem þetta svæði býr við og verður væntanlega tæknivæddasta fyrirtæki svæðisins.

### Hækkandi þekkingarstig

Verkefnið mun því hjálpa hinu svæðisbundna hagkerfi hér að þróast í átt að þekkingarhagkerfi, en hærra þekkingarstig á vinnumarkaði er það sem alls staðar er keppt að og öll samfélög sækjast eftir. Þekkingarhagkerfið er þannig ekki bundið við ákveðnar atvinnugreinar, heldur er um það að ræða að þáttur þekkingarinnar í öllum greinum atvinnulífsins, þ.m.t. auðlindanýtingu, er að aukast og þannig skapast forsendur fyrir meiri verðmætasköpun við nýtingu þeirra.

Með þeirri stækkun svæðisbundins heimamarkaðar sem álverið mun skapa, styrkjast forsendur fyrir fjölbreyttari þjónustustarfsemi og þar með fjölgun afleiddra starfa. Þau störf munu laða til sín menntað hæfileikafólk af ýmsu tagi. Það er í slíku fjölbreytilegu samfélagi sem flestir kjósa að búa.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og fyrrverandi bæjarstjóri á Húsavík.*

# Opið bréf til bæjarfulltrúa í Grindavík

UMRÆÐAN

Guðmundur Guðmundsson og Ólafur R. Sigurðsson skrifa:

Spurningar sem Grindvíkingar eiga rétt á að fá svör við varðandi meirihlutaskipta í Grindavíkurbæ nýverið.

1. Hver er kostnaðurinn af bæjarstjóraskiptunum fyrir Grindavíkurbæ að mati meirihluta og minnihluta ? Að mati flokks Frjálslyndra er hann kr. 41,2 milljónir.
2. Grindvíkingar eiga heimtingu á að fá allar upplýsingar og skýringar á trúnaðarbresti D og S lista.
3. Hvers vegna vildi Sigmar Eðvarðsson segja af sér í bæjarstjórn til að halda meirihlutanum áfram? Hafði hann eitthvað óhreint mjöl í pokahorninu?
4. Hvað hafði Guðmundur Pálsson fyrir sér, þegar hann lýsti því yfir í fjölmiðlum að Jónu Kristínu hafi langað mikið í bæjarstjórastólinn ?
5. FF skorar á Sigmar Eðvarðsson að birta uppkast að samningi milli HS og Grindavíkurbæjar um frekari virkjanir og línulagnir í Grindavík, sem ætla má að sé nú í uppnámi.
6. Jóna Kristín hefur lýst því yfir í fjölmiðlum að samstarf við fyrrverandi bæjarstjóra Ólaf Örn, hafi verið mjög gott, hvers vegna voru þá ekki hans starfskraftar, nýttir út kjörtímabilið. Þessi breyting sem gerð hefur verið nú, kostar 75.000 krónur á hverja fimm manna fjölskyldu út kjörtímabilið. Var það krafa B listans?
7. Hvað finnst bæjarfulltrúum í Grindavík um mannréttindabrot íslenskra stjórnvalda á íslenskum sjómönnum og fjölda fólks í sjávarbyggðunum?

*Höfundur eru félagar í Frjálslynda flokknum í Grindavík.*







FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Stíll Þórhildar er breytilegur og fer eftir aðstæðum og skapi hennar.

# Farðaði vinkonur ung

***Þórhildur Jónsdóttir snyrtifræðingur hefur lengi haft mikinn áhuga á snyrtingu og förðun.***

„Ég hef alltaf haft áhuga á snyrtingu og förðun almennt. Bara frá því að ég var unglingur og barn í rauninni,“ segir Tóta, eins og hún er oftast kölluð. „Ég fór mjög snemma að hafa áhuga og skoðanir á augabrúnum. Bæði á fólki almennt og í sjónvarpinu. Ég hugsaði um hvað ég gæti gert fyrir manneskjuna.“

„Ég farðaði vinkonur mínar mikið þegar ég var yngri. Ég byrjaði mjög fljótt að lita á mér augabrúnirnar og fara í litun og plokkun,“ segir Tóta þegar hún er innt eftir því hvernig áhugi hennar á snyrtingu hafi birst þegar hún var yngri. „Ég ætlaði alltaf í hárgreiðsluna. Svo fann ég það að það var ekki alveg mitt.“ Tóta ákvað að leggja snyrtifræðina fyrir sig þegar mamma hennar sá auglýsingu um námið. „Mamma var að hugsa um að fara sjálf. Svo áttuðum við okkur á því að það átti kannski akkúrat við mig en ekki hana. Þannig að ég skellti mér í skólann.“

„Stíllinn minn er breytilegur. Hann fer eftir aðstæðum og skapi. Ég myndi segja að uppáhalds förðunarlitirnir mínir væru grænn og fjólublár núna,“ segir Tóta um stílinn sinn.

Tóta, ásamt fimm öðrum snyrtifræðingum, leigir stól í nýopnaðri snyrtistofu Heilsu og fegurðar í Turninum í Kópavogi. „Þetta var rosalega spennandi tækifæri. Það er gaman að fara á stað þar sem svona margir vinna,“ segir Tóta um Turninn.

*martaf@frettabladid.is*




**Hálsfestar** eru skemmtilegur fylgihlutur sem gaman er að skreyta sig með í sumarveislunum. Sniðugt er að finna hálsfestar í mörgum litum og blanda þeim saman á ýmsa vegu.

# Kvenlegur grófleiki

*Áhugavert er að skoða mismunandi áherslur í íslenskri hönnun fyrir næsta vetur.*

Nú fer útsölum að ljúka og haustvörurnar að koma inn. Nóg er af íslenskri hönnun í miðbænum og athyglisvert að sjá hverjar áherslurnar verða fyrir næstu árstíð.

Ásta Creative Clothes leggur áherslu á svört efni með mismunandi áferð og fléttar fínt og gróft saman. Einnig eru ullarhvítir, gráir og brúnir litir í vetrarlínunni, gróft handprjón úr íslenskum lopa er nýtt af nálinni og skinn verður áberandi.

Hönnuðurinn Hanna segir kvenlegan grófleika ríkjandi hjá sér næsta vetur. Hún er með flæðandi form og meiri liti en á síðasta ári.

Margrét Rós, verslunarstjóri í Spaksmannsspjörum, segir komandi vetrarlínu sexí, töff og smart sem endranær. Grunnurinn eru svöl, svört föt og með því sérstakari flíkur úr flaueli í mörgum litum og mynstruðum satínefnum.

Í Nakta apanum er haldið áfram með svipaðar hugmyndir og síðasta vetur en þó eru sniðin ætluð breiðari aldurshópi og henta margir kjólanna konum á öllum aldri. Verslunin er þekkt fyrir litríka hönnun og verður engin breyting þar á næsta vetur.

*mariathora@frettabladid.is*



Pils úr þæfðri ull frá Hönnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Kjóll frá Hönnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Ný tegund jakka í Nakta apanum. Þessi er fyrir konur en einnig eru að koma svipaðir jakkar fyrir karlmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Síður jakki í Spaksmannsspörum. Hægt er að nota hann á ýmsa vegu; hægt er að hneppa efra stykkið frá svo úr verði stuttur jakki og neðra stykkið er hægt að nota sem pils, skokk eða slá. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Grófprjónuð peysa úr íslenskum lopa í Ásta Creative Clothes. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Grófprjónað sjal úr íslenskum lopa í Ásta Creative Clothes. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


Útsalan heldur áfram
50-70% afsláttur
Guðrún Tískuhús
Rauðarárstíg 1. sími 561-5077

Frábærar vörur pompea betra verð



Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Útsala í Hólagarði
Nýjar vörur í Mjódd
Vefta Tískuföt
s. 5572010 og 5782050 www.vefta.is

Allt að 80% afsláttur af útsöluslá
nýtt kortatímabil
JOSS
Hverafold 1-3 neðrihæð • sími 562-6062

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ
50%-70% AFSLÁTTUR
SUMARYFIRHAFNIR 2 FYRIR 1



BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

MaxMara
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54
LAGERSALA OUTLET
LAUGAVEGI 51
ENN LÆKKA VERÐIN

**Regnhlífar** eru nauðsynlegar á sumrin þótt stundum geti vindurinn strítt þeim lítið eitt. Það er þó gaman að reyna að berjast í íslensku rigningunni og rokinu við að bera flotta regnhlíf.



# Fornleifar til sýnis

***Almenningi gefst kostur á að skoða menjar sem fundist hafa í Vatnsfirði við Djúp laugardaginn næstkomandi.***

Opinn dagur verður haldinn í Vatnsfirði við Djúp laugardaginn næstkomandi, hinn 26. júlí. Þar býðst gestum að skoða minjastaðinn undir leiðsögn fornleifafræðinga.

Minjastaðurinn er merkilegur fyrir margra sakir. Frá 10. öld fram yfir siðaskipti var Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp stórbýli og höfðingjasetur. Á söguöld bjuggu frægir höfðingjar á bænum og á sturlungaöld var hann valdamiðstöð Vatnsfirðinga, einnar voldugustu ættar landsins á þeim tíma.

Fornleifarannsóknir hafa staðið yfir í Vatnsfirði síðastliðin fimm ár, bæði uppgröftur og fornleifaskráning. Í ljós hafa komið mannvistarleifar allt frá landnámstíma, til dæmis hús skáli, smiðja og önnur smáhýsi frá víkingatíma verið grafin upp. Enn fremur er hafin rannsókn á yngstu minjum staðarins, fornleifum frá 20. öld.

Á opna deginum á laugardaginn eru allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

*- mþþ*



Námsmenn frá Háskólanum í Manitoba sem dvöldu við Háskólasetur Vestfjarða fræddust um fornleifarannsóknirnar í Vatnsfirði á dögunum.
MYND/INGI BJÖRN GUÐNASON

# Á aftökuslóðum

***Í næstu fimmtudagsgöngu þjóðgarðsins á Þingvöllum ætlar Árni Björnsson að leiða gesti um gamla aftökustaði.***

Í göngunni ætlar Árni Björnsson þjóðháttafræðingur að fjalla um refsingar og aftökur á hinum forna þingstað. Árni mun leiða gesti um gamla aftökustaði eins og Höggstokkseyri, Brennugjá og Gálga.

Gangan hefst í Fræðslumiðstöðinni á Hakinu klukkan átta að kvöldi og tekur hún ríflega tvær klukkustundir.

*- hs*



Boðið er upp á fimmtudagsgöngur á Þingvöllum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Friðsæl vera í náttúrunni

KAJAKFERÐIR EHF. BJÓÐA UPP Á NÝSTÁRLEGAN MÖGULEIKA TIL NÁTTÚRUSKOÐUNAR.

Tilvalið er á sumrin að fara á kajak og skoða náttúruna frá öðru sjónarhorni.

Kajakferðir ehf. bjóða upp á skemmtilegar ferðir sem vert er að skoða. Róið er á kajökum um hin sérkennilegu lón einnar fallegustu fjöru sem er á Íslandi og vatnasvæðið vestan byggðarinnar á Stokkseyri.

Kajaksiglingar eru sérstaklega friðsæl afþreying, reynsla sem ekki mun gleymast. Mikil áhersla er lögð á öryggisþáttinn og nota Kajakferðir ehf. „Sit-on-top" kajaka, sem eru öruggustu kajakarnir sem völ er á.

Allar nánari upplýsingar fást á heimasíðunni www.kajak.is *-stp*



Kajakferðir ættu allir að leyfa sér að prófa. MYND/VILHELM


# Útsalan í fullum gangi

**30-50% afsláttur**

**Tilboðsslár**
**990 kr.**
**1990 kr.**
**2990 kr.**

**Meðan útsalan er verður einnig 20% afsláttur af; stígvélum, skóm, undirfatnaði, sundfatnaði, slæðum og skarti.**

belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is



Til sölu er KTM 450 exc Factory 07 ek 25 tíma með six day fjöðrun. Lítið notað hjól í góðu standi.
Ásett verð er 900 þús.
Áhvl ísl lán 445 .
Uppl i s 842 6555





Tilboðsdagar í júlí

Italsofa
The Italian touch



Vandaður hornsófi með þykku nautaleðri Verð áður kr. 434.500.- **Verð nú kr. 347.000.-**





Vandað sófasett 3+1+1 með þykku nautaleðri. Litir: Ljóst, brúnt. Verð kr. 399.000.- **Verð nú kr. 320.000.-**

**Komið og sjáið fjölda tilboða í verslun okkar!**

**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
Opið virka daga kl. 10-18 / **Laugardaga kl. 11-16**

**Uppþvottavélar** finnast á flestum heimilum. Þær eru þarfaþing inn á heimilin en passa þarf að skola áhöldin vel áður en þau eru sett í vélarnar.






GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Hönnun lítilla eldhúsa skemmtileg áskorun

***Lítil eldhúsrými kalla á ákveðin vandamál. Flest þeirra er þó hægt að leysa. Mikilvægast er að gefa vinnuferli í eldhúsnu góðan gaum.***

Eldhúsið er hjarta heimilisins. Þar að auki er það eitt aðalvinnusvæði þess, svo mikilvægt er að vel takist til við hönnunina. En stundum bjóða aðstæður ekki upp á íburðarmiklar innréttingar og úrval eldhústækja, stundum er plássið einfaldlega ekki nóg.

En lítil eldhús þurfa ekki að vera slæm eldhús, nema síður sé. „Fólki finnst oft afar flókið mál að hanna lítil eldhús og sér ekki hvernig það á að ganga upp að koma öllu fyrir í litlu rými,“ segir Sigurbjörg Pétursdóttir innanhússarkitekt. „En það eru ýmsar lausnir á þessu vandamáli og fyrir innanhússarkitekt er það skemmtileg áskorun að hanna lítil eldhús.“

Sigurbjörg segir að það sem þurfi fyrst og fremst að hafa í huga við hönnun allra eldhúsa sé vinnuferlið innan eldhússins. „Atriði númer eitt, tvö og þrjú er að vinnutæki séu rétt staðsett, sérstaklega þegar lítil eldhús eru annars vegar,“ segir Sigurbjörg. „Það er ákveðin lógík á bak við staðsetninguna en hún miðast að því að gera vinnuna í eldhúsinu sem þægilegasta.“

Meðal atriða sem Sigurbjörg nefnir er að uppþvottavélin sé vinstra megin við eldhúsvaskinn, ofninn sé í góðri vinnuhæð og að háfar séu ekki of lágir.

„Við reynum líka að hafa öll eldhústækin í eðlilegri stærð, þó svo að eldhúsið sé lítið,“ segir Sigurbjörg. „Annars er hægt að fá til dæmis mjög litlar uppþvottavélar og ég hef stundum notast við þær.“

Ýmsar aðferðir eru einnig við að stækka lítil eldhúsrými. Sigurbjörg leggur áherslu á að hafa innréttingar ljósar, að háeiningar þeki ekki alla veggi eldhússins og stuðst sé við grunna skápa sé þess þörf. „Það reynir vissulega á heilasellurnar að hanna lítil eldhús en það gerir það líka að spennandi verkefni,“ segir Sigurbjörg.

*tryggvi@frettabladid.is*



Þetta eldhús hannaði Sigurbjörg og þó svo að rýmið líti út fyrir að vera stórt er það ekki breiðara en 2,11 m og lengdin er aðeins 2,5 m. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Útsaumaðir púðar

***Handbróderaðir púðar eru sýndir um þessar mundir í listmunahorni Árbæjarsafns í Reykjavík.***

Þórdís Jónsdóttir á Akureyri hefur á síðustu árum hannað og saumað púða með mislöngum sporum, kontórsting, flatsaum og fleiri gerðum útsaums. Nokkrir þeirra eru nú til sýnis í listmunahorni Árbæjarsafns.

Þórdís kveðst hafa erft áhugann á hannyrðum frá báðum ömmum sínum en fer sínar leiðir í saumaskapnum. Hún teiknar mynstrin sjálf og því er hver og einn púði einstakur.

Þórdís er með heimasíðuna www.thordisjonsdottir.com en sýningin í Árbæjarsafni er opin frá 10 til 17 alla daga til 1. ágúst.

*- gun*



Púðarnir eru saumaðir í vandað efni og engir tveir eru eins.

## Lýsir notagildinu sjálf með forminu

ÞESSA SNOTRU SKÁL FYRIR TEPOKA FUNDUM VIÐ Á PÓSTVERSLUNINNI WWW.SYSTERLYCLIG.SE.

Með forminu lýsir skálin tilgangi sínum sjálf og um notagildið þarf ekki að fjölyrða. Það sem ekki stendur utan á henni en lesa má um á síðunni er að hún er handmáluð með gulllit. Hönnuður er Lisbeth Dahl og listaverðið á skálinni er 45 krónur sænskar.

*- gun*



Skálin er gulllituð og handmáluð.


weber – ekki bara grill!



**Sölustaðir:** Járn & Gler · Garðheimar · Húsasmiðjan Egg · Búsáhöld Kringlunni · Pottar og Prik Akureyri Gallerý kjöt og Fiskisaga · www.weber.is




## Bílskúrinn – Orkunotkun

Um 90% Íslendinga eru þeirrar gæfu aðnjótandi að þurfa ekki að nota jarðefnaeldsneyti til húshitunar né rafmagnsframleiðslu. Samt er losun gróðurhúsalofttegunda lítið minni á Íslandi en erlendis og orkunotkun á mann ein sú mesta í Evrópu. Stafar það fyrst og fremst af stórum fiskiskipaflota og stóriðju. Að rafmagn á Íslandi sé að mestu leyti frá vatnsaflsvirkjunum þýðir ekki að við getum leyft okkur að nota rafmagn eins og við viljum. Í fyrsta lagi kostar rafmagn, í öðru lag valda vatnsaflsvirkjanir vissum umhverfisspjöllum og í þriðja lagi gætu Íslendingar flutt út meira rafmagn en þeir gera í dag, eða nýtt til annarra þarfa, ef við göngum vel um þessa auðlind sem vatnsaflsvirkjanir eru. Öll stóriðja er óbeinn útflutningur á rafmagni. Rafmagn er til dæmis afurð annara orkugjafa eins og vatnsafls, bensíns eða olíu. Minnki Íslendingar t.d orkunotkun sína þá væri hægt að nota þann sparnað til framleiðslu vetnis sem vonandi verður hægt að nota í staðinn fyrir bensín og olíu til samgangna innan allt of margra ára. Þetta er einfaldað dæmi til að sýna að allt hangir þetta á sömu spýtu, orkusparnaður á heimili eða vinnustað sparar ekki bara peninga heldur einnig umhverfið.

*Meira um alla hluti í bílskúrnum á: http://www.natturan.is/husid/1253/*



**Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund**

# Glugginn minn góði

***Í eldhúsinu ætti hver hlutur að eiga sinn stað svo allt komist örugglega fyrir.***

Eldhúsglugginn er prýðisgeymsla sem gleymist oft. Eðlilega eru gluggarnir misstórir, en ýmislegt er hægt að gera til að nýta þá betur. Oft eru gluggakistur notaðar undir blóm eða kryddjurtir, en einnig er hægt að fá sér litlar hillur sem festar eru milli gluggakarma og nýta þær undir kryddstauka eða annað smádót. Líka er hægt að hengja stangir þvert yfir gluggann í mismunandi hæð, allt eftir því hvað á að hengja á þær. Á stöngunum er svo hægt að geyma potta, sigti, sleifar og spaða.

Ekki nóg með að glugginn sé oft góður geymslustaður heldur skapar fallega skipulagður gluggi skemmtilega stemningu í eldhúsinu. *- kka*



Eldhúsgluggar hafa oft að geyma gott geymslupláss sem vert er að nýta. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# *Fallegir kertastjakar*

***Kerti í eggi eru frumleg hugmynd hönnuðarins Michelle Mason.***

Egg er náttúrulegt form sem æ oftar sést í hönnun innanstokksmuna. Eggstjakarnir eru heillandi í einfaldleika sínum. Þeir eru úr hágæða ensku postulíni og í hverju pari er eitt stórt egg og annað meðalstórt. Stjakarnir eru hannaðir af keramíklistakonunni Michelle Mason og fékk hún hugmyndina þegar hún sá börn dýfa ristuðu brauði ofan í linsoðið egg. Líkt og eggjarauðan drýpur yfir hvíta skurnina drýpur kertavaxið yfir stjakann og lekur niður eggið. Hægt er að nálgast stjakana á www.bodieandfou.com. *- hs*



Eggstjakarnir eru eftir Michelle Mason. MYND/WWW.BODIEANDFOU.COM



## Lifandi veggfóður

ÁÞREIFANLEGT MYNSTUR.

Veggfóður hafa notið mikilla vinsælda síðustu misseri. Breska fyrirtækið Romo Fabrics framleiðir þetta fallega veggfóður með upphleyptu, hringlaga blómamynstri í nokkrum litum. Veggfóðrið kallast Lasari Flock. Hægt er að nálgast veggfóðrið og panta bæklinga á www.romofabrics.com. *- hs*




**Vínber** eru hollur ávöxtur. Þau vaxa vanalega í klösum sem geta verið frá sex berjum upp í 300 ber. Berin geta verið svört, blá, gyllt, græn, fjólublá og hvít.














Þó að sólin getur verið okkur skaðleg má ekki forðast hana alveg.

# Sól góð fyrir beinin

***Þó að sólin sé skaðleg húðinni þá getur það líka verið skaðlegt að forðast hana alveg.***

Húðkrabbamein hefur orðið æ algengara á síðastliðnum árum og miklu fé verið varið í forvarnir gegn því. Nú er svo komið að margir forðast sólina alveg en það getur verið skaðlegt beinum líkamans, en greint er frá þessu á fréttavef BBC.

Líkaminn fær hluta af nauðsynlegum skammti D-vítamíns frá sólinni. D-vítamín er nauðsynlegt fyrir bein líkamans og skortur á því getur valdið beinþynningu. Þegar birta fellur á húðina myndar hún D-vítamín sem er mikilvægt fyrir styrkleika beinanna. Beinþynning er vandamál sem hrjáir helming allra kvenna og um fimmtung karlmanna yfir fimmtugt. Talsmaður krabbameinsrannsókna á Bretlandi segir að mikilvægt sé fyrir líkamann að fá einhverja sól og að vel sé hægt að fá nægilegt magn af D-vítamíni í skrokkinn án þess að húðin brenni. Mælt er með fimmtán til tuttugu mínútum af sól á dag.

Húðsjúkdómalæknar benda á að tveggja vikna ferðalag á sólarströnd sé ekki nóg til að byggja upp D-vítamínforða líkamans fyrir árið.

Mikilvægara sé að fólk komist út daglega, líka á skýjuðum dögum, því það er frekar birtan en sólin sem er húðinni nauðsynleg.

*- kka*

# Sund styrkir sjálfstraust

JAFNRÉTTISHÚS Í SAMSTARFI VIÐ SUNDHÖLL HAFNARFJARÐAR EFNIR TIL SUNDNÁMSKEIÐS FYRIR KONUR AF ERLENDUM UPPRUNA OG HEFST ÞAÐ 26. JÚLÍ KL. 13.

Algengt er að konur sem hingað hafa flust úr fjarlægum löndum kunni ekki að synda. Þar með eru þær útilokaðar frá þeirri ágætu íþrótt og þeim félagsskap sem sundinu fylgir. Jafnréttishúsi þykir því tilhlýðilegt að bjóða upp á sundnámskeið í samstarfi við sundlaugarnar fyrir konur af erlendu bergi brotnar.

Fyrsti tíminn er nú á laugardaginn, 26. júlí í Sundhöll Hafnarfjarðar og áformað er að halda slík námskeið einnig í Grindavík og Breiðholti. „Sund er mikilvægur hluti af íslenskri menningu og við viljum gefa konunum kost á að kynnast því," segir Amal Tamimi, framkvæmdastjóri Jafnréttishúss. „Fyrir utan að styrkja líkamann með því eflir það sjálfstraust þeirra og eykur félagsþroska því þar blandar fólk geði hvert við annað."

*- gun*



# Gen gegn hjartasjúkdómum

***Einn þriðji mannkyns virðist vera með gen sem getur komið í veg fyrir hjartasjúkdóma.***

Rannsókn á tæplega 150 þúsund sjúklingum sýndi að sérstök tegund af CEPT-geni getur aukið magns góðs HDL-kólesteróls í blóðinu, en þetta kemur frá á fréttavef BBC. Breskar og hollenskar rannsóknir sem birtar hafa verið í tímariti Bandarísku hjartasamtakana sýndu fimm prósent færri hjartaáföll hjá fólki með þessi gen.

Sérfræðingar telja þessar niðurstöður gefa betri skilning á orsakasamhengi hjartasjúkdóma og ættu þær að auðvelda lyfjafyrirtækjum að finna lyf gegn þeim. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að hægt er að draga úr hjartasjúkdómum með því að hækka magn HDL-kólesteróls í blóðinu með lyfjum sem hafa áhrif á CEPT-genin. Tilraun var gerð með þess háttar lyf árið 2006 en því hætt eftir að hjartasjúkdómar hjá þeim sem tóku lyfin jukust.

Vísindamenn eru þó enn á því að hægt sé að hafa áhrif á þessi gen með lyfjagjöf og þannig auka magn jákvæðs kólesteróls í blóðinu í von um að koma í veg fyrir hjartasjúkdóma.

*- kka*



Nú er verið að rannsaka áhrif góðs kólesteróls á hjartað.



# útivist og ferðalög

FIMMTUDAGUR 24. JÚLÍ 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





**Mikil eftirspurn er eftir Laugavegsgöngum og bætti Ferðafélag Íslands því einni ferð við í lok júlí.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Aukaferð um Laugaveginn

Vegna mikillar eftirspurnar hefur Ferðafélag Íslands ákveðið að bæta einni Laugavegsferð við inn í sumardagskrána.

Gengið verður frá Landmannalaugum yfir í Þórsmörk og hefst ferðalagið 28. júlí og lýkur 1. ágúst. Ólíkt hefðbundnum Laugavegsferðum félagsins verður gist í Landmannalaugum fyrstu nóttina svo göngugarpar fá tækifæri til að skoða svæðið og baða sig í laugunum.

Ferðafélagið sér um allt: rútuferðir til og frá Reykjavík, svefnpokapláss í skálum, mat í öll mál, flutning á farangri milli gististaða og fararstjórn.

Dagsgöngurnar eru mislangar, sú stysta tekur þrjár klukkustundir en sú lengsta níu stundir, og verður fólk að vera í góðu formi til að geta tekið þátt. Nánari upplýsingar á www.fi.is. *- mþþ*



**Unglingalandsmót UMFÍ eru ávallt vel sótt og kjörinn vettvangur fyrir hreyfingu og útivist. Þetta er vímuefnalaus hátíð þar sem öll fjölskyldan finnur eitthvað við sitt hæfi.** MYND/SÍMON SVERRISSON

# Fjölskyldan á landsmóti

Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands, UMFÍ, er nú orðið að árlegum viðburði og verður haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina, en þetta er í ellefta sinn sem það verður haldið. Þetta er vímuefnalaus fjölskylduhátíð þar sem börn og unglingar á aldrinum ellefu til átján ára reyna fyrir sér í fjölmörgum íþróttagreinum.

Á mótinu verður keppt í frjálsum íþróttum, knattspyrnu, körfubolta, mótorkrossi, golfi, glímu, hestaíþróttum, sundi og skák svo dæmi séu tekin. Allir geta tekið þátt. Íþróttakeppnin hefst á föstudagsmorgni og lýkur á sunnudegi. Samhliða því er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Unglingalandsmótin hafa hvarvetna vakið mikla athygli og þeir fjölmörgu sem þau hafa sótt hafa verið öðrum til fyrirmyndar með allri framkomu hvort sem er í keppni eða leik. Þau eru með stærri íþróttaviðburðum á Íslandi ár hvert og eru fastur liður hjá mörgum fjölskyldum. Aðstaða í Þorlákshöfn þykir vera mjög góð og breytist bærinn í eins konar landsmótsbæ þar sem opnunartími verslana og þjónusta verða löguð að mótinu. *- hs*

# Við öllu búin



Tjöld, svefnpokar og matur eru ekki það eina sem muna þarf eftir fyrir útlegur og önnur ferðalög. Hér er listi yfir nokkra nauðsynjahluti:

- Verkjatöflur er alltaf gott að hafa í farteskinu. Þeir sem ætla að taka krílin með ættu líka að hafa nokkra verkjastíla í öryggisskyni.
- Ekki er gaman að vera illa haldinn af frjókornaofnæmi í sveitinni á meðan allir hinir skemmta sér konunglega. Því er eins gott að gleyma ekki ofnæmistöflunum heima.
- Frunsumeðal er gott að hafa með í för, þar sem sumum hættir til að fá frunsur í útilegum ýmist vegna svefnleysis, sólarljóss eða óreglulegs mataræðis.
- Sólarvörn og varasalva er líka ágætt að hafa til að koma í veg sprungnar varir, sólbruna og flagnaða húð.
- Plástur er klárlega á lista yfir nauðsynjahluti sem og neyðarkassi ef út það er farið, brjóstsviðatöflur ef maginn er viðkvæmur og svo auðvitað verjur.
- Síðan má heldur alls ekki gleyma að hafa með þau lyf sem fólk tekur að staðaldri. *- kka*



**Á ferð um landið er sniðugt að koma við í Æðey í Ísafjarðardjúpi. Æðey státar af miklu fuglalífi og dúntekja er þar mjög mikil. Eyjan er láglend, holótt, þýfð og mýrlend. Þess vegna getur verið gaman að bregða sér til Æðeyjar og hoppa og skoppa um þúfurnar innan um kvakandi fugla.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Náttúran í kringum Stóru-Laxá í Gnúpverjahreppi er bæði margbrotin og mikilfengleg og finna flestir fyrir smæð sinni þegar staðið er á bökkum árinnar í gljúfrum hennar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Kvíármýrarkambur í Öræfum liggur nálægt þjóðveginum og auðvelt er að ganga þaðan. Þegar upp er komið sést Kvíárjökull og milli litríkra og fagurra fjalla.** FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Leyndir fjársjóðir landsins

**Á Íslandi leynast víða hinar fegurstu náttúruperlur sem hættir til að gleymast vegna hraðrar yfirferðar ferðafólks eða af því að þær eru úr alfaraleið.**

Ísland er af mörgum talið eitt af fallegustu löndum veraldar. Ef einhver efasemdamaðurinn er á annarri skoðun þá er góð hugmynd að bregða undir sig betri fætinum, reima á sig gönguskóna og halda út í iðandi græna eða hrjóstruga náttúruna, sem umlykur hvern þann ferðamann sem leið á um landið.

Þegar hratt er farið um landið gleymist oft að nema staðar og skoða sumar af helstu náttúruperlum landsins, jafnvel þótt þær séu oft steinsnar frá fjölförnum þjóðvegum.

Þrátt fyrir að ferðamenn þurfi að staulast út úr bifreiðinni og skella sér í gönguskóna til þess að upplifa þessar einstöku perlur er það vel þess virði því landið er svo fjölbreytt og frábrugðið frá einum stað til annars.

Á meðfylgjandi myndum sjást náttúruperlur sem falla í þennan flokk; litríkar, líflegar og margbreytilegar á sinn hátt og vert að gaumgæfa betur. *- mmf*



**Flatey á Skjálfanda lagðist í eyði árið 1967. Þar virðist tíminn standa í stað og er því vel þess virði að fara þangað og komast í burtu frá ysi og þysi hins daglega lífs.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Tjaldaland Útilífs

## er við hliðina á TBR-höllinni

**Troðfull flöt af uppsettum tjöldum!**



ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 42931 07/08

### Como 4 manna

*Fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum.*
*Fortjald er á milli svefntjaldanna.*
*Tveir inngangar.*

Verð **17.990** kr.

**Tilboð: 14.990 kr.**

**Einnig til 6 manna.**

**Verð: 19.990 kr.**





### Malaga 6 manna

*Fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum.*

Verð **34.990 kr.**

### Jasper 5 manna

*Opnast á tvo vegu. Stórt fortjald með dúk.*

Verð **39.990** kr.

**Tilboð: 34.990 kr.**





### Andros 6 manna

*Fjölskyldu-braggatjald með tveimur svefntjöldum. Stórt fortjald með dúk. Öflugar álsúlur.*

Verð **42.990 kr.**

### Galaxy 6 manna

*Braggatjald með tveimur svefntjöldum.*
*Stórt fortjald með dúk á milli svefntjaldanna.*

Verð **44.990** kr.

**Tilboð: 38.990 kr.**



# Njóttu sumarsins í góðu tjaldi

HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**



**● POPPAÐ Á PÖNNUNNI** Popp er tilvalið nasl bæði heima og að heiman. Lítið mál er að poppa í útilegum þar sem hægt er að verða sér úti um popp-kornspönnu í Skátabúðinni hjá Skátamiðstöðinni en hún er notuð til að poppa yfir opnum eldi. Það er því engin ástæða til að neita sér um brak-andi poppkorn á ferðalaginu sem er auk þess hollur og góður aukabiti.

## Chili-kryddað súkkulaði

Í íslenska sumrinu geta kvöldin verið köld í útilegunni. Þá er gott að ylja sér með brennheitum súkkulaðisopa úr brúsa. Ef næturhrollurinn ætlar að teygja sig fram eftir morgni ætti heitt súkkulaði kryddað með chili-pipar að hætti Asteka að fá blóðið á hreyfingu.



### Chili-kryddað súkkulaði

*uppskrift fyrir tvo*

1 og 2/3 bollar mjólk
½ vanillustöng, klofin eftir endilöngu
1 rauður chili-pipar klofinn og fræhreinsaður
1 kanilstöng
45 g hreint súkkulaði

*Setjið vanillustöng, kanilstöng og chili-pipar út í mjólk og hitið í potti á lágum hita. Brytjið niður súkkulaði og bræðið í mjólk. Slökkvið undir og látið standa í nokkrar mínútur. Sigtið svo kryddið frá og hellið á brúsa. Þeir sem ekki vilja eldsterkt súkkulaði geta minnkað magnið af chili-piparnum.*






# Hollt og gott nesti nauðsynlegt í göngur

**Jóhanna Benediktsdóttir ráðleggur fólki að hafa ferskt, gott og hollt nesti með í göngur og önnur ferðalög.**



Jóhanna, sem hefur unnið mikið með Útivist, mælir með snakki í göngur. Til dæmis blönduðum hnetum og þurrkuðum apríkósum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Útivistarunnandinn Jóhanna Benediktsdóttir hefur mikinn áhuga á stangveiði, fjallgöngum og hollum mat. Hún telur nauðsynlegt að hafa alltaf gott nesti meðferðis, þar sem það sé undirstaðan að góðu úthaldi. „Í allri útivist skiptir úthaldið miklu máli og þar leikur matur stórt hlutverk. Hollt og gott nesti veitir okkur aukna orku. Súkkulaðið gefur okkur aðeins skjótfengna orku en hollur matur varanlega orku,“ útskýrir hún. „Ég er með ákveðið óþol þannig að ég borða bara lífrænar og ferskar afurðir sem ég fæ í Fjarðarkaupum. Þar fæ ég einnig kjötáleggið og harðfiskinn. Þetta breytta mataræði hefur meðal annars hjálpað mér að losna við mígreni,“ segir Jóhanna, sem var svo væn að deila með lesendum einföldum uppskriftum að ljúffengum samlokum sem hægt er að henda í bakpokann áður en lagt er af stað. *- stp*

### Hollar og góðar samlokur

*Brauðin eru öll frá Grímsbæ.*

TILLAGA 1
lífrænt hvannarbrauð
salatblanda frá Lambhaga
spægipylsa frá Kjarnafæði
avókadó, niðursneitt

TILLAGA 2
lífrænt hvannarbrauð
lúxus hummus frá Yndisauka
ramíro-paprika (sæt á bragðið)
ristuð fræ (graskers-, sólblóma- og sesamfræ)



Jóhanna tekur lífræna ávaxtasafa alltaf með í göngur, sem hún segir veita sér aukna orku. Hún segir lífrænt súkkulaði með appelsínubragði ekki síður gott.

TILLAGA 3
lífrænt fjölkornabrauð
íslensk gúrka
salatblanda frá Lambhaga
avókadó
ramíro-paprika (sæt á bragðið)

TILLAGA 4
lífrænt fjölkornabrauð
möndlumauk (lífrænt)
skógarberjasulta (lífræn)

# Ferskur matur í ferðalagið

Guðrún E. Gunnarsdóttir, formaður Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands, veit hvers konar matvæli er gott að hafa með í ferðalög og hvernig á að geyma þau.

Hún bendir á að suma kælivöru þurfi að geyma við 0 til 4°C ef koma á í veg fyrir vöxt óæskilegra örvera. „Gott ráð er að kaupa frosinn mat og leyfa honum að þiðna í kæliboxinu, ásamt því að nota kælikubba svo maturinn haldist lengur kaldur.“ Hún segir líka mikilvægt að láta sólina hvorki skína á matinn né kæliboxið. Best sé að geyma það neðst í bílnum eða breiða yfir það. „Mjólk er líka fljót að skemmast ef hún hitnar. G-mjólkin er hins vegar góður kostur sem og sýrðar mjólkurvörur, því þær eru ekki eins viðkvæmar fyrir hitastigssveiflum. Brauð er hins vegar ekki kælivara og geymist vel við stofuhita. Sumt grænmeti eins og tómatar, gúrkur og paprika geymist líka ágætlega þótt hitastig hækki aðeins. Hins vegar þarf að passa niðurskorna grænmetið, sem er mjög viðkvæmt fyrir hnjaski og geymist ekki lengi ef hitastig hækkar.“

Þá segir hún ost heppilegra álegg en majónes-salat í lengri göngur. „Ostur þroskast hraðar við hærra hitastig og verður bragðmeiri. Þurrmatur hentar líka í löng ferðalög þar sem kælingu vantar.“ *- kka*





Guðrún veit hvernig geyma á matvæli á ferðalögum og halda þeim ferskum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN




SIGLUFJÖRÐUR

# Síldarævintýrið 2008

## Fimmtudagur 31. júlí

**Siglufjarðarkirkja**
**Kl. 20:00** Kertastund í Siglufjarðarkirkju
Þorvaldur Halldórsson,

**Bíósalurinn**
**Kl. 23:00** Diskótek fritt inn

**Bíóbar**
**Kl. 23:00** Eisi Kristjáns lemur strengi

**Allinn**
**Kl. 23:00** Forsæludansleikur frítt inn
Tekið forskot á sæluna

Á Siglufirði eru frábær tjaldstæði í hjarta bæjarins og við Stóra-Bola, gistingu er einnig hægt að fá innan dyra á gistiheimilinu Hvanneyri. Sundlaugin verður opin frá morgni til kvölds og verslanir hafa rúman opnunartíma. Góður golfvöllur er til staðar og skemmtilegar gönguleiðir við allra hæfi í næsta nágrenni og hægt verður að aka yfir hið stórfenglega Siglufjarðarskarð.

## Föstudagur 1. ágúst

Hátíðin í ár verður sérlega glæsileg
og getur öll fjölskyldan fundið dagskrárliði við sitt hæfi

**Ráðhúsið**
Myndlistarsýning
Jóhanna Bogadóttir

**Leikfélagshúsið Suðurgötu 10.**
Myndlistarsýning
Gylfi Ægisson

**Togarabryggjan**
**Kl. 14:30** Tekið á móti sjóstangveiðimönnum

**Ráðhústorg**
**Kl. 16.00** Upphitun á Torginu
Harmonikkuleikarinn Stúlli
Hljómsveitin Heldri menn
Dúettinn Ragna Dís og Fannar

**Blöndalslóð**
**Kl. 17:00** Sprell leiktæki opið fram á kvöld.

**Ráðhústorg**
**Kl. 20:00** Tónleikar á sviði
Gylfi Ægisson fjöldasöngur
Dúettinn Stúlli og Dúi
Páll Óskar
Tröllskagahraðlestin heldur upp fjöri fram á nótt.

**Bíósalurinn**
**Kl. 23:00** Páll Óskar

**Allinn**
**Kl. 23:00** Dúettinn Stúlli og Dúi

## Laugardagur 2. ágúst

**Skarðshlaup**
**Kl. 11:00** Hlaupið í skarðið.

**Golfvölurinn að Hóli**
**Kl. 11:00** Opna SPS golfmótið.

**Blöndalslóð**
**Kl. 13:00** Sprell leiktæki opið fram á kvöld.

**Ráðhústorg**
**Kl. 14:00** Tónleikar
Söltunargengi tekur lagið
Óskalög sjómanna
Gylfi Ægisson og hljómsveit
Dúettinn Ragna Dís og Fannar
jasssöngkonan Margot Kiis
Dúettinn Tóti og Danni

**Togarabryggja**
**Kl. 14:30** Tekið á móti sjóstangveiðimönnum

**Síldarminjasafn**
**Kl. 15:00 - 16:00**
Söltunarsýning
Bryggjuball
Harmonikkutónlist

**Bíósalurinn**
**Kl. 16:00** Haf– liðar afhenda gjöf
til Siglufjarðar.

**Síldarminjasafn**
**Kl. 17:00** Opnun á vef um örnefni
Siglufjarðar og nágrennis

**Þjóðlagasetur**
**Kl. 17:00** Tónleikar
Þórarinn Hannesson og fleiri.

**Bátahúsið**
**Kl. 20:00** Óskalög sjómanna
Á frívaktinni
Þorvaldur, Gylfi, Theodór,
Dúi og fleiri.

**Ráðhústorg**
**Kl. 21:00** Tónleikar á sviði
Gísli Rúnar og Rúnar Sveins
Hljómsveitin Bermúda
Eyþór Ingi og hljómsveit
Tröllskagahraðlestin
heldur upp fjöri fram á nótt.

**Allinn**
**Kl. 23:00** Dúettinn Stúlli og Dúi

**Bíósalurinn**
**Kl. 23:00** Hljómsveitin Bermúda

**Bíóbar**
**Kl. 23:00** Eisi Kristjáns Lemur strengi

**Austan við Síldarminjasafnið**
**Kl. 24:00** Varðeldur og flugeldasýning

SIGLUFJÖRÐUR

# Síldarævintýrið 2008

## Sunnudagur 3. ágúst

Löggæsla á hátíðinni verður ströng og munu lögregla og björgunarsveitir vera til taks allan sólarhringinn en einnig er mjög góð heilsugæsla í bænum sem verður í viðbragðsstöðu alla helgina.

**Gönguferð**
**Kl. 08:00** Frá Ólafsfirði í Héðinsfjörð og
þaðan til Siglufjarðar.
Sætaferðir frá Siglufirði kl. 07:00

**Hestaferð**
**Kl. 11:30** Hestamannafélagið Glæsir
ríður fylktu liði upp í Hvanneyrarskál

**Hvanneyrarskál**
**Kl. 12:00** Helgistund - Umsjón Júlíus Hraunberg

**Golfvöllurinn að Hóli**
**Kl. 13:00** Opna Bás golfmótið

**Blöndalslóð**
**Kl. 13:00** Sprell leiktæki opið fram á kvöld.

**Ráðhústorg**
**Kl. 14:00** Tónleikar
Söltunargengi tekur lagið
Bátsmannstríóið
Frá Óperu til Idols
Duettinn Gido og Thiago
Þorvaldur Halldórsson
og hljómsveit

**Óskarsbryggja**
**Kl. 15:00** Dorgveiðikeppni barna
Umsjón: Björgunarsveitin Strákar

**Síldarminjasafn**
**Kl. 16:00** Söltunarsýning / Bryggjuball
Harmonikkutónlist

**Ráðhústorg**
**Kl. 16:30** Söngvakeppni barna.
Tónlistaratriði frá Tónskóla
Siglufjarðar
Verlaunaafending fyrir
dorgveiði- og söngvakeppni

**Ráðhústorg**
**Kl. 21:00** Tónleikar á sviði
Hljómsveitin Silfur
Dúettinn Stúlli og Dúi
Tröllskagahraðlestin
heldur upp fjöri fram á nótt.

**Allinn**
**Kl. 22:00** Fjöldasöngur
Gylfi Ægisson

**Bíósalurinn**
**Kl. 23:00** Hljómsveitin Silfur

**Allinn**
**Kl. 23:00** Dúettinn Stúlli og Dúi
ásamt Gylfa Ægis



Við bjóðum alla landsmenn hjartanlega velkomna til Siglufjarðar

# Fjör í fjöruferðum

Fjöruferðir bjóða upp á siglingu um Hornafjörð út á Suðurfjörur og þaðan fjórhjólaferð að Hvanney sem er við innsiglinguna um Hornafjarðarós. Þar er gengið um í 20 mínútur í ósnortinni náttúru auk þess sem skoðaðar eru rústir frá stríðsárunum að sögn Hauks Sveinbjörnssonar sem er í forsvari fyrir Fjöruferðir. Fuglalíf er fjölbreytt á svæðinu og oft fylgjast selir með ferðalöngum. Í góðu veðri er útsýnið líka tignarlegt upp til fjallanna og skriðjöklanna mörgu sem teygja loppur sínar frá Vatnajökli niður undir láglendið. -gun



**Ekið er um ströndina á fjórhjólum undir öruggri leiðsögn.** MYND/BJARNI ÓLAFUR STEFÁNSSON

# Andi liðinna tíma

Eyjan Vigur er ein þriggja eyja á Ísafjarðardjúpi. Þar er ýmislegt að skoða og ber helst að nefna fjölskrúðugt fuglalíf og ægifagra náttúru Djúpsins. Vindmylla frá árinu 1840 ber með sér anda liðinna tíma, en hún er elsta byggingin í eyjunni. Einn elsta bát landsins er einnig að finna í eyjunni, Vigur Breiður, en hann var byggður um aldamótin 1800. Hann var notaður til að flytja fólk og fé allt til ársins 2000.

Sumir hafa orð á því að það sé engu líkara en að tíminn standi í stað í Vigur og því um tilvalinn stað til afslöppunar að ræða. Daglegar siglingar eru út í eyjuna og er hægt að nálgast nánari upplýsingar á www.vesturferdir.is. -tg



**Auðvelt er að komast út í Vigur og njóta náttúrunnar þar.** FRÉTTABLAÐIÐ/INGI FREYR

# Merkt við á hverjum tindi

**Skemmtilegur gönguleikur hefur verið settur á laggirnar í Fljótsdalshéraði fyrir vana og óvana göngumenn.**

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs hefur valið átján fjallaperlur í héraðinu, tvær í hverjum hinna gömlu hreppa fyrir nýjan og skemmtilegan gönguleik. „Við leggjum áherslu á gömlu hreppana, sem sameinuðust í Fljótsdalshérað. Einnig viljum við finna tvær gönguleiðir fyrir hverja perlu, eina stutta og létta ætluð allri fjölskyldunni og aðra lengri og þyngri,“ útskýrir Hjördís Hilmarsdóttir, forsvarsmaður þessa verkefnis.

Perlurnar átján eru í níu hreppum og uppi á þeim öllum er staukur með stimpli, gestabók og upplýsingum um viðkomandi perlu. Leikurinn gengur út á að safna stimplum frá sem flestum perlum. Hægt er að kaupa sér stimpilkort í Upplýsingamiðstöð Egilsstaða og í gönguferðum Ferðafélags Fljótsdalshéraðs. Þeir sem safna níu stimplum og skila inn stimpilkortinu verða titlaðir göngugarpar Fljótsdalshéraðs á sérstöku viðurkenningarskjali og fá göngukort af svæðinu. Nöfn þeirra fara enn fremur í pott sem dregið verður úr á hinu árlega Ormsteiti.

„Ormsteiti er héraðshátíð hér í Fljótsdalshéraði sem verður haldin 17. ágúst. Aðalvinningurinn er gjafabréf hjá ÍT-ferðum upp á 60.000 krónur. Aðrir vinningar eru fríar sunnudagsgöngur hjá ferðafélaginu í heilt ár, gisting í skálum ferðafélagsins fyrir fjölskylduna, bækur og gjafabréf í útivistarbúð á svæðinu,“ segir Hjördís.

Mikill áhugi hefur verið á þessum leik, en ekki er vitað nákvæmlega hversu margir hafa farið, þar sem hvorki þarf að skrá sig né fara með leiðsögumanni. „Við vitum þó til þess að stofnaðir hafa verið gönguhópar á vinnustöðum í kringum þennan leik og að fólk hafi tekið börn sín með í léttari ferðirnar og erum mjög ánægð með það,“ segir Hjördís. Nánar á www.fljotsdalsherad.is/ferdafelag. - kka



**Farin var ferð upp á Þerribjarg í vikunni og stimpilstauknum komið fyrir.** MYND/ÚR SAFNI FERÐAFÉLAGS FLJÓTSDALSHÉRAÐS



**Hjördís Hilmarsdóttir, forsvarsmaður gönguleiksins, er ánægð með undirtektirnar.**








**ANNA LÍSA OG SKORRI** FINNA SPENNANDI ÆVINTÝRI ALLSSTAÐAR ÞAR SEM ÞAU KOMA. ÞEIRRA HELSTA ÁHUGAMÁL ER AÐ RANNSAKA HEIMINN Á FERÐALAGI MEÐ FJÖLSKYLDUM SÍNUM OG VINUM.
**UNDIRBÚNINGUR:**
**ÍSAK & LOGI** MERINO ULLAR TOPPUR OG BUXUR (SETT): KR. 7.990
**WWW.CINTAMANI.IS**
CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG
CINTAMANI AUSTURHRAUN 3, 210 GARÐABÆ, S. 533 3800 - CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11, 101 REYKJAVIK, S. 562 7000



Tilvalið er að gæða sér á góðri máltíð með útsýni yfir Seljalandsfoss. FRETTABLADADID/GVA

# Fjölbreytt ferðasvæði

Eyjafjöll eru aðeins í um tveggja klukkustunda fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og henta því vel fyrir borgarbúana sem vilja skreppa í skemmtilega dags- eða helgarferð.

Fjölda þekktra ferðamannastaða er að finna á svæðinu, kirkjur, hella og fossa eins og Skógafoss og Seljalandsfoss og fleira. Þar er einnig eitt fjölsóttasta safn landsins, Skógasafn. Þá er boðið upp á hestaferðir í Skálakoti og Skógum, hægt er að veiða í Skógá og Kvernu og finna má fjölbreyttar gönguleiðir. Norðan Eyjafjalla er til dæmis náttúruperlan Þórsmörk, en vinsælt er að ganga yfir Fimmvörðuháls, sem liggur á milli Skóga og Þórsmerkur.

Nánari upplýsingar um Eyjafjöll er að finna á www.eyjafjoll.is *-stp*

**● MUNIÐ EFTIR VATNSBRÚSANUM** Mikilvægt er að vera duglegur að drekka vatn á ferðalögum, ekki síst ef fólk fer í fjallgöngur því aukinni brennslu fylgir aukin vatnsþörf.

Uppistaða blóðs er að mestu leyti vatn og svo innihalda vöðvar, lungu og heili mikið af vatni. Líkaminn þarfnast vatns til að stjórna líkamshitanum og svo að næringarefni geti flust til allra líffæra svo dæmi séu tekin. Við missum vatn í gegnum þvag, svita og öndun.

Hafið því alltaf vatnsbrúsa við höndina á ferðalögum, en þá er til dæmis auðvelt að fylla á bensínstöðvum eða matsölustöðum á leiðinni.




# Einn elsti og best varðveitti torfbærinn

Bustarfell er gamalt höfuðból staðsett um átján kílómetra frá Vopnafirði. Torfbærinn er jafnframt einn af elstu og best varðveittu bæjum sinnar tegundar á landinu.

Maður að nafni Methúsalem Methúsalemsson gaf ríkinu bæinn árið 1943 en setti það skilyrði að hann yrði byggður upp og varðveittur um ókomin ár.

Heimsókn í Minjasafnið á Bustarfelli er ferð í gegnum sögu búskapar og breyttra lífshátta frá aldamótunum 1800 fram á miðja 20. öld.

Árið 2005 var tekið í notkun þjónustuhús fyrir ferðamenn og ári seinna var opnað kaffihús sem kallast Hjáleigan. Á árum áður leigðu bændur part úr landi stærri búa og voru það nefndar hjáleigur. Er heitið Hjáleiga þannig fengið. Nánar á www.bustarfell.is. *-stp*



Minjasafnið á Bustarfelli er í Hofsárdal í Vopnafirði. MYND/BORGAR BRAGASON




# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is




## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 846 4768.

Þú átt það skilið. Kynningarverð. Nýr Stíll Langarima 21, 112 Reykjavík. S. 557 9009 nuddstolar.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Sandafell, Þingeyri. Gistihús - veitingastaður - orlofsíbúð til leigu. S. 456 1600.

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

**Velkomin að Lundi**
Ferðaþjónustan Lundi við Ásbyrgi. Fjölskylduvænt tjaldsvæði, sundlaug, heitur pottur, sjoppa, allskonar svefnpláss, þráðlaust net, fjölbreyttar veitingar, umverfisvænn staður. Sjá dettifoss.is s. 465 2247.

## Ferðalög

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

**Hreindýraveiði**
**Flugfélag Íslands er með nokkur sæti laus í veiði til Nuuk á Grænlandi í september. Nánari upplýsingar er að finna á www.flugfelag.is.**
**Hafið samband við hópadeild í síma 570 3034 eða sendið tölvupóst á hopadeild@flugfelag.is til að fá nánari upplýsingar.**

## Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Vegna mikið veikinda, þarf að losna við 1 árs læðu, kettling og 4 mán. hvolp, íslands land colli. Fæst gefins. S. 898 7878.

**Hundagæsla**
12 ára stelpa vill passa smáhund í viku eða lengur. Uppl. í s. 615 0300.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu.**
**Kíktu á heimsíðu okkar:**
**www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og**
**www.dalsmynni.is**

## Húsgögn



**Útsala Útsala - allt á að seljast**
Eigum til örfá eintök eins og myndirnar sína. Eigum til í hvítu, kremuðu og svörtu. Vandaðir stólar á frábæru verði. Ekta ítalskt leður, einstaklega slitsterkt og gott. Seljum síðustu stólana á verði sem enginn hefur séð áður.. Hringdu og kannaðu málið, það kostar ekkert! Frekari upplýsingar í síma 868 5001.

## Ýmislegt




**NÚ KOSTAR BARA 500 KALL AÐ AUGLÝSA ÚTILEGUDÓTIÐ ÞITT TIL SÖLU**




# Láttu smáauglýsingar Fréttablaðsins koma gamla útilegudótinu í verð

**MARKAÐSTORG HEIMILANNA**

Dagana 24. júlí–14. ágúst bjóðum við auglýsingar í flokknum *Útilega* fyrir aðeins 500 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á *visir.is*. Skráðu inn auglýsinguna á *visir.is* eða hafðu samband við þjónustuver í síma **512 5100.**

Afgreiðslan er opin alla virka daga frá 8–17 en tekið er við pöntunum í síma kl. 8–22, um helgar kl. 10–22 og á *visir.is*.



**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus leigumiðlun

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Gistiheimili til langtíma leigu í Reykjavik & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Verð frá 45 þús, pr mán. Uppl. í s. 824 4530.

4 herb. 130 fm. hæð + bílskúr til leigu í vesturb. Kópavogs. 160 þús. á mán. m. hita og rafm. S. 848 6472.

Einbýlishús í Mosfellsbæ til leigu. 6 herb. 250 fm. Heitur pottur. Uppl. í s. 847 6641 & 693 7328.

Glæsileg 4ra herb. íbúð til leigu í Áslandshv. í Hafnarf. Laus strax. Aðeins ábyrgir og reykl. leigj. Leiguverð 180 þús. Bankatr. Uppl. í s. 856 2693.

A free room with a separate kitchen and a bathroom in exchange for cleaning and other housekeeping. For more information call 896 6151.

Gott herb. til leigu fyrir skólastelpu á svæði 112. Með aðgangi að snyrtingu og eldhúsi. S. 849 7550.

Til leigu 125 fm. íbúð í 104 með útsýni yfir laugardalinn. Laus 2. ágúst. Uppl í síma 896 5441 og 894 5663.

## Húsnæði óskast

35 ára reglusöm kona með 1 barn óskar eftir íbúð á 110 svæði sem allra fyrst, skilvísum greiðslum er heitið. Uppl. í síma 899 3814.

Fjölskylda nýflutt heim óskar eftir 4-5 herbergja húsnæði í Árbæ eða Grafarvogi til leigu. Reyklaus, reglusöm, bankaábyrgð og skilvísar greiðslur. Maron S: 6647311 og Unnur S: 6989550 - umagnusdottir@gmail.com

## Sumarbústaðir

**Til leigu**
Vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km frá Rvk. Fjölbreytt afþreying. Uppl. í síma 663 2712.

Frábært 93 fm. sænskt sumarhús til sölu/leigu í landi Eskiholts í Borgarfirði. Einstakt útsýni. Ýmis skipti koma til greina. Uppl. í síma 896 0675.

Vantar litla ódýra kamínu í lítið hús. Uppl. í s. 561 2611 & 861 6737.

Óska eftir sumarhúsi á leigu í Skorradal í ágúst og september. birgir@isa.is



**Gestahús til sölu :**
Er að byggja stórglæsileg 25 fm gestahús, heilsárshús mjög vönduð og henta vel íslenskum aðstæðum. Hægt er að fá húsin á mismunandi byggingastigum. Tilvalið fyrir þá sem vilja stækka sumarhúsið sitt eða byrja á gestahúsinu. Er með hús til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði Upplýsingar í síma 820 0051.




## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 444m2 pláss á góðum stað í Kópavogi.Hagstæð leiga.S:898-2811.

# ÚTBOÐ

Húsfélagið Víkurbraut 62, Grindavík óskar eftir tilboðum í verkið "Viðgerð á þaki - málun utanhúss" á húseigninni að Víkurbraut 62 Grindavík.

Framkvæmdum skal vera lokið fyrir 31.10.2008.

Útboðgögn verða seld á kr. 3.000.- frá og með föstudeginum 25.07.2008 á skrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, í lokuðu umslagi merktu viðkomandi verki fyrir kl: 11:00 föstudaginn 8. ágúst 2008, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra er þess óska.

## ATVINNA

# SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

PETIT SALONG
MEN & WOMEN

Langar þig að búa erlendis ?

**Hárgreiðslufólk óskast í Noregi**

Petit Salong er vinsæl hárgreiðslustofa staðsett í Kongsberg í Noregi ( ca. 1 klst frá Osló. ) Óskað er eftir hárgreiðslufólki sem hefur áhuga á að setjast að erlendis, á stofunni starfar nú þegar Íslendingur. Góð laun í boði. Áhugasamir geta fengið allar frekari upplýsingar hjá Benedikt í síma 0047 - 95978998

# GÖTUSMIÐJAN

## Götusmiðjan óskar eftir að ráða:

*** Meðferðarfulltrúa á vaktir í 100% starf.**

*** Ráðgjafa í 100% starf.**

Leitum eftir ábyrgum einstaklingum 24 ára og eldri, sem vilja vinna á skemmtilegum en krefjandi vinnustað, reynsla af vinnu með unglingum æskileg.

Götusmiðjan er staðsett í Grímsnesinu og er sérhæft meðferðarheimili fyrir ungt fólk, á aldrinum 15-20 ára, í vímuefnavanda.

Upplýsingar gefur dagskrárstjóri í síma 566-6100 milli 09:00 og 17:00 alla virka daga.

Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið jonthor@gotusmidjan.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



FLÓAHREPPUR

# Ítrekun á auglýsingu

**um Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi**

Samkvæmt 18. gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að Aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi.

Skipulagsuppdrættir, skýringaruppdrættir, greinargerð ásamt umhverfisskýrslu liggja frammi á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg frá 19. júní til 31. júlí.

Ennfremur verða gögn aðgengileg á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is, hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og hjá skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, 840 Laugarvatni.

**Skriflegum athugasemdum skal skila til Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfoss, merkt aðalskipulag, fyrir 1. ágúst 2008.**

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tilögunni.

**Sveitarstjóri Flóahrepps**
**Margrét Sigurðardóttir**

FISKISTOFA

## Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2007/2008 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 605, 24. júní 2008

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:

**Sveitarfélagið Árborg (Eyrarbakki)**
**Sveitarfélagið Ölfus ( Þorlákshöfn)**
**Snæfellsbær ( Rif og Ólafsvík)**
**Blönduósbær ( Blönduós)**
**Langanesbyggð ( Þórshöfn og Bakkafjörður)**
**Fjarðabyggð ( Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 7. ágúst 2008.

Fiskistofa, 23. júlí 2007.

FISKISTOFA

## Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2007/2008

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðalög:

**Árneshreppur ( Norðurfjörður)**
**Kaldrananeshreppur (Drangsnes)**
**Grímseyjarhreppur (Grímsey)**
**Borgarfjarðarhreppur ( Borgarfjörður eystri)**
**Seyðisfjörður**

Um úthlutunarreglur í ofangreindum byggðalögum vísast til reglugerðar nr. 605, 24. júní 2008 auk sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 711/2008 í Stjórnartíðindum. Þessar reglur er einnig að finna á heimasíðu Fiskistofu, www.fiskistofa.is Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 7. ágúst 2008.

Fiskistofa, 23. júlí 2008.



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## AUGLÝSING UM DEILISKIPULAGSBREYTINGAR Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með eftirfarandi deiliskipulagstillögur og breytingar á þeim skv 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

**1. Sjáland, deiliskipulag, Strikið 1-7**

Breytingartillagan nær til lóðarinnar Strikið 1-7 og er tilkomin vegna áforma um byggingu hjúkrunarheimilis. Breytingartillagan gerir ráð fyrir þjónustuseli/hjúkrunarheimili fyrir 66 vistmenn og 56 þjónustuíbúðum fyrir aldraða.

Gildandi skipulag gerir ráð fyrir byggingarreit meðfram Strikinu fyrir 6 hæða byggingu og 2 hæða byggingu og bensínstöð nær Vífilsstaðavegi. Breytingartillagan gerir hinsvegar ráð fyrir því að byggingarreitur verði tvískiptur, fyrir 4 hæðir að vestanverðu en allt að 5 hæðir að austanverðu. Lögun þeirra breytist og byggingarreitur fyrir hærri hús færist nær Vífilsstaðavegi að hluta. Ákvæði um bensínstöð er fellt út samkvæmt tillögunni.

**2. Sjáland, deiliskipulag, Langalína 20-26, 28-32 og 33-35 og Nýhöfn 2-6 og Langalína 16.**

Breytingartillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á skilmálum deiliskipulagsins sem nær til ofangreindra lóða:
**Breyting á flatarmáli í bílakjallara:** Eftirspurn eftir rúmgóðum bílageymslum og almennu geymslurými hefur aukist. Bílastæðaþörf í Sjálandi er meiri en deiliskipulag gerir ráð fyrir en þannig verður unnt að gera fleiri en eitt bílastæði í kjallara fyrir sumar íbúðir. Grenndaráhrif vegna stærri bílakjallara eru engin þar sem að um niðurgrafin rými er að ræða. Gert er ráð fyrir að flatarmál bílakjallara aukist um 10 fm á hverja íbúð.
**Breyting á kóta aðalhæðar um 20 cm:** Hús þessi eru öll á sjávarbakka. Við þær aðstæður yrði bygging húsa mun auðveldari ef kjallaragólfi væri lyft lítillega. Bent er á að sjö sinnum á ári fer sjávarhæð í kóta 2.8 sem veldur erfiðleikum í gerð grunna. En samkvæmt tillögunni er hámarkshæð hússins óbreytt.
**Breyting á íbúðafjölda** að Löngulínu 20-26 og Löngulínu 28-32 er í kjölfar húshönnunar. Heildarfjöldi íbúða á þessum tveim lóðum breytist ekki né heildarflatarmál íbúðahæða hvors húss fyrir sig.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 24. júlí til og með 4. september 2008. Þær eru ennfremur aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 4. september 2008. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

**Fræðslu- og menningarsvið**



BJÖRGUN HF

## Efnistaka af hafsbotni í Kollafirði

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Opinn kynningarfundur**

Björgun ehf. boðar til kynningar á frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum efnistöku fyrirtækisins af hafsbotni í Kollafirði.

Frummatsskýrslu er hægt að nálgast á heimasíðu Mannvits hf. www.mannvit.is.

Fundurinn verður haldinn í Fólkvangi á Kjalarnesi í dag, fimmtudaginn 24. júlí 2008 og hefst hann kl: 20:00.

Allir velkomnir.

# Virkjum fiskimiðin

**UMRÆÐAN**
Jón Kristjánsson skrifar um sjávarútveg


JÓN KRISTJÁNSSON

Í Fréttablaðinu 17. júlí sl. var sagt frá því að skipa ætti nefnd, sem skila á af sér á kjörtímabilinu, til þess að kanna áhrif kvótakerfisins á landsbyggðina, þrátt fyrir að fyrir liggi skýrsla um málið frá 2001, og allir nema ráðamenn geri sér grein fyrir að kerfið hafi nú þegar lagt mörg sjávarpláss í rúst. Neikvæð áhrif kvótakerfisins á landsbyggðina hafa verið öllum ljós, nema sægreifum og ráðamönnum.

Ég átti erindi á Breiðdalsvík um daginn, þar voru fáir á ferli nema ferðamenn að fylla á bifreiðar sínar – úr sjálfsala. Tvær trillur voru við bryggju en enginn var á ferli við höfnina. Enginn bátur sást á hafinu svo langt sem augað eygði. Þaðan ók ég norður um til Egilsstaða, yfir Hellisheiði eystri og norður fyrir Sléttu til Akureyrar.

Ofan af Hellisheiði eystri var engan bát að sjá til hafs á Héraðsflóa og engan heldur á Vopnafirði. Í kauptúninu var lítið um að vera og ekkert líf við höfnina. Á Bakkaflóa sáust 2 trillur undan Langanesi.

Á Þórshöfn var sama sagan, örfáir bátar við bryggju en ekkert fólk að vinna, enginn fiskur og enginn bátur sást á sjó á Þistilfirði.

Af veginum við Súlur sunnan Raufarhafnar sást enginn bátur á sjó. Raufarhöfn er varla skugginn af sjálfri sér, örfáar trillur en enginn virtist vera í veiðiskap og engin sála var við höfnina. Þarna sá ég Kúbueinkennin, sem ég kalla svo: Húsum ekki haldið við, þau ekki máluð en látin grotna niður. Ein búð, opin fáa tíma á dag, engin dagblöð um helgar og eldsneyti aðeins úr sjálfsala. Þegar ekið var fyrir Melrakkasléttu var heldur engan bát að sjá, ekki heldur í Öxarfirði og á Kópaskeri voru fáir bátar við bryggju og enginn umgangur.

Annað sem einkenndi þessi sjávarþorp var að þar var nær engan fugl að sjá, örfáa hettumáva og fáeinar kríur, það var allt. Þetta var öðruvísi meðan menn stunduðu sjó á Íslandi, þá iðuðu allar hafnir af fugli, sem var að fá sér í gogginn.

Út af Tjörnesi var engan bát að sjá, það var ekki fyrr en kom að Húsavík að einn hvalaskoðunarbátur sást á leið í land með ferðamenn. Talsvert var af trillum í höfninni en lítið um að vera, flestar í biðstöðu vegna kvótaleysis.

Í öllu krepputalinu núna leggja menn til að taka erlent lán til að auka gjaldeyrisforðann. Engum virðist detta í hug að fara í sjóinn og sækja gullið þaðan. Þjóðinni er haldið í kreppu vegna þess að Hafró heldur því fram að það þurfi að „byggja upp þorskstofninn“ með friðun, helst veiða ekki neitt. Ráðamenn gleypa ráðleggingarnar hráar þótt löngu hafi verið sýnt fram á að þetta sé líffræðilega ómögulegt. Vitnar þar best um 30 ára árangursleysi þessarar „tilraunar“.

Það er á færi sjávarútvegsráðherra að bregða töfrasprota yfir sjávarþorpin og landið allt með því að auka aflaheimildir, stokka allt kerfið upp – og reka þjálfarann. Fyrir hverja er annars verið að reyna að byggja upp fiskstofnana? Það verða brátt engir eftir til þess að veiða.

*Höfundur er fiskifræðingur.*

# Vísvitandi misskilningur

**UMRÆÐAN**
Höskuldur Þórhallsson skrifar um Ríkisútvarpið


HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Að undanförnu hef ég átt í undarlegum ritdeilum. Í grein benti ég á svik núverandi stjórnarflokka um að efla og styrkja RÚV ohf. Þorgrímur Gestsson, formaður Hollvinasamtaka RÚV, sá þá ástæðu til að benda á, í grein sem bar heitið „Svikin við RÚV og svikararnir“, að Framsóknarflokkurinn hefði samþykkt að gera RÚV að opinberu hlutafélagi og þannig væri núverandi vandi útvarpsins til kominn. Þessum fullyrðingum svaraði ég í annarri grein þar sem ég benti á að rekstrarformið hefði ekkert með það að gera að Sjálfstæðisflokkur og Samfylkingin stæðu fyrir niðurskurði á fjármagni til RÚV.

Í annarri svargrein sinni sakar Þorgrímur mig um að misskilja hann vísvitandi og að vitna ranglega í grein hans. Til upplýsinga þá vitna ég aldrei orðrétt í grein hans en fullyrði að hann kenni rekstrarforminu um þann vanda sem útvarpsstöðin á í. Við þessi orð mín stend ég og misskil hann ekki á nokkurn hátt. Þorgrímur segir nefnilega í greininni, báðum reyndar, að „allt væri komið fram sem Hollvinir RÚV og fleiri sögðu þegar þeir vöruðu við hlutafélagavæðingunni; þar var einfaldlega átt við þann niðurskurð og samdrátt, sem nú er að koma á daginn“.

Þorgrímur fullyrðir í grein sinni að hollvinirnir hafi séð þetta fyrir. Hvernig má það vera? Er Sjálfstæðisflokkurinn svo fyrirsjáanlegur að um leið og hann fær tækifæri til svíkur hann sín loforð um eflingu RÚV? Og er Samfylkingin það mikill taglhnýtingur að hún lyppast niður í öllum málum sem snúa að ráðuneytum sjálfstæðismanna? Þótt ég telji að svo sé þá er það staðreynd að ef stjórnarflokkarnir hefðu staðið við þjónustusamning við Ríkisútvarpið og þannig tryggt útvarpinu nægt fjármagn hefði aldrei þurft að koma til uppsagna og niðurskurðar. Þá hefði spádómur Hollvina RÚV heldur ekki ræst.

Niðurskurður og samdráttur eru ekki fylgifiskar þess að breyta RÚV í opinbert hlutafélag þótt annað form kunni að vera heppilegra. Það sem eftir stendur er hins vegar spurningin um hvað Þorgrími gangi til með greinarskrifum sínum. Hefði tíma hans sem formanni Hollvinasamtaka RÚV ekki verið betur varið í að fá svör frá núverandi stjórnarflokkum af hverju verið sé að þjarma að RÚV? Eða eru skrif hans vísvitandi misskilningur?

*Höfundur er alþingismaður.*



PETER SELLERS LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1980

*„Þú kemst að því hvað hamingja er þegar þú ert búinn að gifta þig. En þá er það orðið of seint.“*

***Peter Sellers á að baki fjölda kvikmynda eins og Bleika pardusinn og Dr. Strangelove or: How I Learned to Stop Worrying and Love the Bomb.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 24. JÚLÍ ÁRIÐ 2001

## *Keisarinn sem kjörinn var forseti*

Þennan dag árið 2001 var Simeon Saxe-Coburg-Gotha kosinn forseti Búlgaríu. Hann var jafnframt Tsar, eða keisari, Búlgaríu frá 1943 til 1946 eða þar til kommúnistar tóku völdin.

Saxe-Coburg-Gotha varð að þjóðhöfðingja 1943, einungis sex ára gamall, en þá lést faðir hans. En sex ára barn telst seint hæft til embættisstarfa svo frændi Saxe-Coburg-Gotha, forsætisráðherrann og yfirmaður hersins fóru með völd. Það varð Saxe-Coburg-Gotha til lífs að vera valdalaus því þremenningarnir sem stjórnuðu í hans nafni voru allir líflátnir er Sovétríkin komu á leppstjórn í Búlgaríu haustið 1946.

Saxe-Coburg-Gotha, ásamt eftirlifandi meðlimum Tsar-fjölskyldunnar, var sendur í útlegð, fyrst til Egyptalands og síðar Spánar. Hann sneri aftur til Búlgaríu árið 1996, sex árum eftir að kommúnistar misstu völd þar. Hann stofnaði fljótlega stjórnmálaflokk og 24. júlí árið 2001 var hann kosinn forsætisráðherra með yfirgnæfandi meirihluta. Hann varð þannig að fyrsta kónginum til að vera kosinn þjóðhöfðingi í frjálsum kosningum.



## MERKISATBURÐIR

1896 St. Jósefssystur koma til Íslands, fyrstu nunnurnar síðan fyrir siðaskipti.

1950 Fyrstu V-2 eldflauginni er skotið á loft frá Kennedy Space Center.

1956 Grínistarnir og sjarmatröllin Dean Martin og Jerry Lewis koma saman í síðasta skiptið á Copacabana klúbbnum í NY.

1961 Yuri Gagarin kemur til Íslands, þremur mánuðum eftir að hafa orðið fyrstur manna til að fara út í geim.

1977 Fjögurra daga stríði Egypta og Ísraela lýkur.

2005 Lance Armstrong vinnur sjöunda sigur sinn í röð í Tour de France-hjólreiðakeppninni.



## 80 ára afmæli

**Kristján G Eggertsson Hjaltabakka 18**

er 80 ræður í dag

Í tilefni dagsins ætlar hann að taka á mótifjölskyldu og vinum í í Kívanis húsinu í Mosfellsbæ kl 18.00 í dag.



## 50 ára afmæli

Í tilefni afmælis míns 28. júlí nk. langar mig að fagna með ættingjum og samferðafólki í Félagslundi Gaulverjabæjarhreppi laugardaginn 26. júlí kl. 20.00 (tjaldaðstaða) Hlakka til að sjá ykkur !

**Guðrún B. Ægisdóttir**




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


AFMÆLI



**BRYNDÍS HÓLM** fréttakona er 43 ára í dag.



**HARALDUR STURLAUGSSON** framkvæmdastjóri er 59 ára í dag.



**MICHAEL ANTHONY RICHARDS,** leikari og grínisti, er 59 ára í dag.


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval

Yfir 40 ára reynsla

Sendum myndalista



MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík

Sími 587 1960 - www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



**SKÁTAFORINGINN** Aðalsteinn ásamt hluta skátanna sem hjóluðu yfir Kjöl á leið sinni á landsmótið. Fréttablaðið/Heiða.is

AÐALSTEINN ÞORVALDSSON: SVEITARFORINGI Í TÍU ÁR

# Landsmót er uppskera og hápunktur skátastarfsins

Landsmót skáta stendur nú sem hæst á Hömrum við Akureyri með þátttöku um 2.000 skáta, íslenskra og erlendra. Þemað er „Á víkingaslóð“ og sett hefur verið upp sérstakt víkingaþorp þar sem finna má eldsmiðju, tré- og leðursmiðju, jurtasetur og menningartorg. Eðalskátinn Aðalsteinn Þorvaldsson er félagsmálastjóri hjá Bandalagi íslenskra skáta en ver frístundum sínum líka í þágu hreyfingarinnar og hefur verið sveitarforingi hjá Ægisbúum í tíu ár. Hann segir landsmót hápunkt og uppskeru hins daglega skátastarfs og er að sjálfsögðu mættur á mótið með dróttskátasveit sína, Erni. „Skátastarf er ekki áhorfendasport heldur taka allir þátt. Hver flokkur hefur valið sér verkefni til að leysa og allir hafa eitthvað að gera,“ lýsir hann og nefnir vatnsbardaga, þrautabrautir, hjólaferðir og flekagerð, auk verkefna í víkingaþorpinu.

Á laugardaginn segir Aðalsteinn alla velkomna á svæðið, tekur samt fram að rukkað verði smávegis inn. En hvernig hefur viðrað? „Betur en við bjuggumst við. Skátar fara ekki í útilegu nema búa sig undir það versta. Á síðasta landsmóti árið 2005 vorum við með mikla óveðursáætlun en hefðum þurft að búa okkur betur undir ofþornun og sólsting því hitinn var um 25 stig.“

Aðalsteinn kveðst hafa verið kominn á þrítugsaldur þegar hann gekk til liðs við skátahreyfinguna. „Góðvinur minn í skátunum bauð mér í félagsútilegu að Úlfljótsvatni og ég gersamlega heillaðist. Vildi gjarnan láta gott af mér leiða og fann þarna skemmtilegan félagsskap sem skilar miklu til einstaklinganna. Ég hef aldrei verið í æskulýðsmenginu heldur alltaf í leiðtogahlutverki sem er mjög gefandi og lærdómsríkt.“

Dróttskátasveitin Ernir er skipuð 13 til 15 ára krökkum. Aðalsteinn segir sitt hlutverk jafnan að sjá til þess að sveitin hafi eitthvað uppbyggilegt fyrir stafni sem ögrar og veitir áskorun. Þar eru útilegur í mestu uppáhaldi. „Krakkarnir eru æfðir í lýðræðislegum vinnubrögðum og verkefnin eru margvísleg en ganga mest út á hæfni og kröfur útilífs. Friðar-, mannúðar- og hjálparstarf er líka á dagskrá auk þess sem þeir aðstoða yngri krakka og taka fyrstu skrefin í leiðtogaþjálfuninni. Markmið skátastarfs er samt ekki skátastarf heldur að búa til ábyrga, virka og hjálpsama einstaklinga.“

En nenna börn og unglingar í dag að ganga á fjöll, reyna á sig og upplifa þurrabúð og þrengingar?



**TJALDAÐ** Skátahreyfingin barst til Íslands árið 1912 og landsmótið á Hömrum er hið 26. í röðinni.

„Já. Útilega hefur alltaf verið snar þáttur í skátastarfi enda öllum holt að fara úr sínu eðlilega umhverfi og út í náttúruna, læra þar á sjálfa sig og verða góður félagi og lagsmaður eins og það er orðað í skátalögunum. Skátalíf er ákveðin vegferð og hún endist alla ævi. Þess vegna er eitt sinn skáti ávallt skáti.“ gun@frettabladid.is

**TRÉ MÁNAÐARINS:** SILFURREYNIR VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG 4B

# *Skemmtileg sambúð trés og húss*

Tré júlímánaðar er silfurreynir eða sorbus intermedia. Hann er í garði við Skólavörðustíg 4b en húsið sem silfurreynirinn stendur upp við var byggt árið 1901. Þar var lengi Hannyrðaverslunin Baldursbrá en núverandi eigendur eru Hannes Lárusson og Kristín Magnúsdóttir.

Eyjólfur Eyfells listmálari og Ingibjörg kona hans gróðursettu silfurreyninn um 1920 en þau eignuðust húsið árið 1919 og bjuggu í því til dauðadags. Tréð hefur vaxið og dafnað vel síðan og mælist nú 11 metra hátt og er ummál 1,52 metrar í 1,20 metra hæð. Tréð var gróðursett býsna nærri húsinu og vex upp með gafli þess og hefur á seinni árum fikrað sig inn yfir þakið. Hér er því um að ræða skemmtilega sambúð, eða allt að því samvöxt, trés og húss. Króna trésins er umfangsmikil og setur það mikinn svip á garðinn og nágrenni hans.

Schierbeck landlæknir var mikill áhrifamaður og frumkvöðull í garðyrkju og flutti silfurreyni fyrst til landsins frá Danmörku á síðari hluta þarsíðustu aldar. Talið er að elsta tré borgarinnar sé silfurreynirinn í Aðalstræti sem gróðursettur var árið 1884. Silfurreynir er talinn þola loftmengun í borgum betur en flestar aðrar trjátegundir og er hann því vinsæll sem götutré erlendis. Silfurreynir getur orðið um 200 ára gamall og á tréð við Skólavörðustíg 4b samkvæmt því eftir að lifa og dafna vel næstu hundrað árin. Ábending um silfurreyninn kom frá Ásu Hauksdóttur sem býr í næsta nágrenni. Skógræktarfélag Reykjavíkur óskar eftir ábendingum um Tré mánaðarins og má senda þær á netfangið tre@heidmork.is.



**TRÉ JÚLÍMÁNAÐAR SILFURREYNIR** Skógræktarfélag Reykjavíkur skólavörðustígur.

**NAFNIÐ MITT:** BRYNGEIR BRYNGEIRSSON

# *Nafnið er þekkt í ættinni*

„Ég er ánægður með nafnið mitt. Það eru ekki mjög margir sem deila því með mér sem er bara ennþá skemmtilegra,“ segir Bryngeir Bryngeirsson starfsmaður á smíðavellinum við Foldaskóla. Hann kveðst heita eftir ömmu föður síns sem hét Bryngerður og var frá Sölvholti í Flóa. „Faðir minn hét reyndar Bryngeir líka en ég var ekki skírður í höfuðið á honum heldur langömmu,“ tekur hann fram og bætir við. „Bróðir afa míns hét Magnús Bryngeir svo þetta er þekkt nafn í ættinni.“

Þó nafnið hans Bryngeirs minni á vopn og verjur kveðst hann enginn bardagamaður vera og kannast ekki við að nafnið hafi nýst honum í strákaleikjunum. „Margir sem ég hef hitt muna samt eftir nafninu mínu, segir hann. „Því er yfirleitt nóg að segja „Halló, þetta er Bryngeir,“ þegar ég hringi í þá og þeir kannast strax við mig. Sumir sem ég hitti segja mér frá því ef þeir þekkja annan með sama nafni og ein vinkona mín þekkir okkur tvo. Það er visst afrek.“ - gun



**BRYNGEIR SEGIR EKKI MJÖG MARGA DEILA MEÐ HONUM NAFNINU OG FINNST ÞAÐ BARA BETRA.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN.

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Inga Ásgrímsdóttir (Inga á Borg)**

Hraunbæ 103, Reykjavík,

sem lést 16. júlí á Landspítalanum Fossvogi verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 25. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélag Íslands.

| | |
|---|---|
| Páll Pálsson | Hafdís Halldórsdóttir |
| Ásgrímur Gunnar Pálsson | Helga Tryggvadóttir |
| Arndís Pálsdóttir | Rafn Árnason |
| Auðunn Pálsson | Anna Baldvina Jóhannsdóttir |
| Björgvin Rúnar Pálsson | Fríður Reynisdóttir |
| Karl Ásgrímsson | Oddbjörg Júlíusdóttir |

barnabörn og barnabarnabarn.

---



*Elskulegi bróðir okkar,*

**Tommy Vinther**

húsasmíðameistari, búsettur í Esbjerg í Danmörku,

lést fimmtudaginn 17. júlí. Útförin fer fram í Þórshöfn í Færeyjum sunnudaginn 27. júlí.

Fyrir hönd vandamanna á Íslandi

Lilja Þorsteinsdóttir
Sigurður Þ. Þorsteinsson

---



*Elskulegur faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Ingvar Unnarsson**

Bjergegade 65, Fredericia, Danmörku,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 29. júní síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Richard Ingvarsson
Anna Aurora Ingvarsdóttir

| | |
|---|---|
| Unnar Stefán Olsen | Sigríður Erla Jónsdóttir |
| Jón Bergmann Unnarsson | Guðný Friðþjófsdóttir |
| Indíana Unnarsdóttir | Sigurður Már Gunnarsson |

systkinabörn.

---



*Okkar ástkæri faðir,*

**Haraldur Guðjón Guðmundsson**

Rósarima 2, Reykjavík,

lést sunnudaginn 20. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 28. júlí kl. 15.00.

Hólmfríður Kristín Haraldsdóttir
Böðvar Haraldsson
Barði Haraldsson
og aðrir ástvinir.

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ríkey Sigurbjörnsdóttir**

Langhúsum, Fljótum,

lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar 12. júlí. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 26. júlí kl. 13.00. Jarðsett verður að Barði í Fljótum. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Rakelar Pálmadóttur nr. 0310-13-703015, kt. 561179-0189.

Þorleifur Þorláksson

| | |
|---|---|
| Sigurbjörn Þorleifsson | Bryndís Alfreðsdóttir |
| Guðný Ó. Þorleifsdóttir | Elías Æ. Þorvaldsson |
| Jóhanna Þorleifsdóttir | Hallgrímur S. Vilhelmsson |

barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa*

**Þráins Pálssonar**

Heiðarbrún 67, Hveragerði.

Guð blessi ykkur öll.

Auður Aðalsteinsdóttir

| | |
|---|---|
| Andrea Margrét Þráinsdóttir | Guðjón Sigurðsson |
| Aðalsteinn Dagsson | Selma D. Ásmundsdóttir |
| Ómar Geirsson | Aksonesuda Sangmee |
| Emma Geirsdóttir | Kristján V. Júlíusson |

og afabörn.

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðbjartur Pálsson**

Hagamel 36, Reykjavík,

lést að morgni mánudagsins 21. júlí á Gentofte Hospital, Kaupmannahöfn.

Níta Helene Pálsson

| | |
|---|---|
| Helena Guðbjartsdóttir Pálsson | Sigurður Ingi Bjarnason |
| Kristína Guðbjartsdóttir Pálsson | Atli Már Bjarnason |

Davíð Ólafsson
Nadía Lind Atladóttir
Aron Már Atlason
Níta María Arnardóttir

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, afa og langafa,*

**Jóhannesar Þorbergs Kristinssonar**

Víðihvammi 15, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarfræðinga Karitas og starfsfólks deildar 11E á Landspítala við Hringbraut fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Anna Jóhannsdóttir
Jóhann Þ. Jóhannesson

| | |
|---|---|
| Svanhildur I. Jóhannesdóttir | Guðmundur G. Kristinsson |
| Kristinn Jóhannesson | Guðrún F. Guðmundsdóttir |
| Ólafur Jóhannesson | Ingibjörg G. Magnúsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Oddur Guðjón Örnólfsson**

Hlíf II, Ísafirði,

verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 26. júlí kl. 14.00.

Kristín Guðrún Jónsdóttir

| | |
|---|---|
| Þórhildur Oddsdóttir | Jónatan Hermannsson |
| Margrét Oddsdóttir | Ólafur G. Jónsson |
| Örnólfur Oddsson | Védís Ármannsdóttir |
| Jón Halldór Oddsson | Martha Ernstdóttir |
| Gunnar Oddsson | Sólveig Guðnadóttir |
| Bára Elíasdóttir | Óskar Ármannsson |

barnabörn og barnabarnabarn.

---



*Við þökkum innilega auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Jóns Sigurgrímssonar**

frá Holti, Seftjörn 12, Selfossi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Ljósheima fyrir þeirra frábæru umönnun og hlýju.

Jóna Ásmundsdóttir

| | |
|---|---|
| Unnur Jónsdóttir | Guðmundur S. Halldórsson |
| Ásmundur Jónsson | Ufuoma Overo |
| Guðlín K. Jónsdóttir | |
| Ingveldur B. Jónsdóttir | |
| Ingibjörg Jónsdóttir | Ólafur Unnarsson |
| Sigurgrímur Jónsson | |

og barnabörn.

---

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar*

**Brynhildar Jónsdóttur**

garðyrkjukonu, Hveragerði.

Björk Snorradóttir
Steingrímur E. Snorrason
Snorri P. Snorrason
Kristján Snorrason

## STUÐ MILLI STRÍÐA Golf er furðuleg íþrótt

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** HEFUR ÞRISVAR SINNUM FARIÐ Í GOLF



Að spila golf getur verið jafn pirrandi og það er fyrir blinda manneskju að þræða spotta í gegnum nál. Þessi íþrótt er í sjálfu sér brjáluð hugmynd ef maður spáir í það. Maður getur ekki annað en velt fyrir sér hverju mennirnir sem fundu upp golfið hafa verið á þegar þeir þróuðu þessa hugmynd. En í dag stunda milljónir manna þessa íþrótt um allan heim. Mesta furða þykir mér að það deyja fleiri á golfvellinum en til dæmis í boxi eða öðrum bardagaíþróttum. Enda ekki skrítið því 80 prósent af hjartaáfalls-kandídötum iðka golfíþróttina.

Ég myndi seint teljast afburða iðkandi í þessari íþrótt enda hef ég aðeins þrisvar sinnum farið hring á alvöru golfvelli. Golf er mjög skemmtilegt en skelfilegt þegar illa gengur, ég hef kynnst báðum aðstæðum. En þegar illa gengur er erfitt að rífa sig upp úr því. Í öðrum íþróttum, eins og fótbolta, er hægt að taka reiði sína út á andstæðingum sínum með því að brjóta á þeim. Ekki er vinsælt að ráðast á meðspilara sína í golfinu. Þegar illa gengur verður maður sjálfum sér til ama og leiðinda. Oft gerist það þegar spilarar hafa fengið nóg af lélegu gengi að þeir fara að svindla. Svindlararnir hætta að telja lélegu höggin og eru svo oft rétt á eftir efstu mönnum þótt svo spilamennska þeirra hafi verið til skammar.

En þessa þrjá hringi hef ég farið með misjöfnum árangri en komst að því í síðustu hringferð minni að ég hef alla tíð haldið vitlaust á kylfunum. Ég hugsaði þá strax að ég hefði trúlega verið búinn að gera miklu betra mót ef ég hefði haldið rétt á bölvuðum kylfunum. Ég væri trúlega búinn að fara nokkrar holur í höggi og farið undir pari restina.

Nú geta komandi andstæðingar farið að vara sig! Ég kann núna að halda rétt á kylfunum og hvert glæsihöggið mun líta dagsins ljós. Ef ekki, þá bara fær einhver að finna fyrir því næst þegar ég fer í fótbolta.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







**Bakpoki**
72 x 40 x 36 cm stór bakpoki. Fæst í rauðu og svörtu eða svörtu og gulu. 1600 krónur



**Handtrekkt ljós**
Þú þarft aldrei að kaupa rafhlöður í þessa, bara trekkja aðeins og þú hefur ljós í tjaldið. 800 krónur



**11 möguleikar**
Vasahnífur með 11 mismunandi þarfatækjum. 400 krónur



**Lestu í sólinni**
Sólgleraugu með styrk. Fást í styrkleika 1 til 3. 400 krónur



**Skyndihjálp**
Lítil skyndihjálpartaska full af því sem til þarf. 400 krónur

**TIGER**
**Villidýr á verði**

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is

# Opið í dag fimmtudag til kl. 21.00

# Verðlækkun á nýjum og notuðum tjaldvögnum

**TAKMARKAÐ MAGN**











*Allir nýir Combi Camp tjaldvagnar eru með ýtihemlum og handbrensum -aukið öryggi.*



## Frábærir skemmtibátar á tilboði

**Valiant Vanguard 570T**
Mercury 115 Optimax utanborðsvél,
Shorelander bátakerra

Verðlistaverð 3.980.678 kr.
**Tilboð 2.695.000 kr.**



**Quicksilver Cruiser 540**
Mercury 115 Optimax utanborðsvél,
Majava VT210 bátakerra

Verðlistaverð 4.689.868 kr.
**Tilboð 3.795.000 kr.**

COMBI-CAMP ÍSLAND

*Höfum flutt stafsemi okkar í glæsilegt húsnæði R.SIGMUNDSSONAR Klettagörðum 25*

Opið: fimmtudag 08:00 - 21:00 föstudag 08:00 - 18:00 og laugardag 12:00 - 16:00

R.SIGMUNDSSON

R.SIGMUNDSSON ehf. | Klettagörðum 25 | 104 Reykjavík | S: 520 0000 | F: 520 0020 | rs@rs.is | www.rsigmundsson.is

**Kl. 21.30**
*Tríó Snorra S. heiðrar djasstónlistarmanninn Chet Baker, sem lést fyrir sléttum tuttugu árum, á tónleikum í Deiglunni á Akureyri í kvöld kl. 21.30. Tríóið skipa Snorri Sigurðarson trompetleikari, Gunnar Hrafnsson bassaleikari og Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari. Miðaverð á tónleikana er 1.500 kr. og hefst miðasala í Deiglunni í kvöld kl. 20.30.*

# menning
menning@frettabladid.is



**LEIKLIST** Kristín G. Magnús í hinu nýja verki sem frumsýnt er í kvöld í Iðnó.

# Minningar frá fyrri tíð

**Ferðaleikhúsið er elsta sjálfstæða fyrirtækið sem starfar hér á landi. Kristín G. Magnús stofnaði ásamt eiginmanni sínum, Halldóri Snorrasyni, sem nú er fallinn frá, Ferðaleikhúsið árið 1965 og hafði þá um nokkurra ára skeið haft stopult starf í Þjóðleikhúsinu. Hefur Ferðaleikhúsið síðan starfað samfleytt í 43 ár og að jafnaði staðið fyrir sýningarhaldi hér á landi auk þess sem Kristín hefur unnið að sviðsetningum erlendis.**

Kunnastar eru sýningar hennar fyrir ferðamenn, Light Nights, sem byrjuðu 1970. Í kvöld frumsýnir Ferðaleikhúsið nýtt verk eftir Kristínu, Visions from the past, í Iðnó.

Kristín byggir nýja verkið á raunverulegum atburðum frá árunum 1936-1956, þegar höfundur var að alast upp sem barn og unglingur í Reykjavík. Atriðin eru ýmist leikin atriði eða sýnd með myndum og filmum sem ekki hafa sést hér áður. Höfundur fór í vor til Imperial War Museum í London og hafði þar uppi á gömlum myndum sem Bretar höfðu tekið hér á landi á ófangreindu tímabili. Ljósmyndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur og fleiri aðilum eru einnig sýndar á milli leikatriða. Leikatriðin eru endurminningar, bæði gleði og sorgarstundir, sem höfundur upplifði.

Þjóðtrúin/þjóðsögur blandast við tvö leikatriði. Leikendur eru þrír: Ólafur Þór Jóhannsson, Sandra Þórðardóttir og Kristín G. Magnús.

Kristín leiddist út í leiklist eins og margar stöllur hennar, Brynja Benediktsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Bryndís Schram, eftir nám í Listdansskóla Þjóðleikhússins undir stjórn Eric Bidsted. Hún stundaði framhaldsnám við Ballet Rambert og síðan leiknám við RADA. Hún starfaði um tíma í Englandi eftir nám og vann meðal annars í leiksmiðju Charles Morowitz. Heim komin starfaði hún með Grímu og lék í útvarpi og sjónvarpi, kenndi um skeið við leiklistarskóla Þjóðleikhússins og leikstýrði hér og í Bretlandi, meðal annars í Traversee-leikhúsinu í Edinborg og Unicorn-barnaleikhúsinu fræga í London.

Sýningar á Visions from the past verða á sviði Iðnó næstu vikurnar.

pbb@frettabladid.is



**FLJÓTSHLÍÐIN** Eitt af verkum Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur.

# Himinn, haf og land

Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir opnar málverkasýninguna Landsmót í Gallerí Ormi í Sögusetrinu á Hvolsvelli á laugardag. Á sýningunni má sjá 24 olíumyndir af landslagi þar sem gjarnan mætast himinn, haf og land. Myndirnar eru margar málaðar með náttúruna í Fljótshlíðinni og nágrenni í huga þótt þær séu yfirleitt ekki af vandlega tilgreindum stöðum.

Fljótshlíðin hefur löngum verið íslenskum myndlistarmönnum hugleikin. Fljótshlíðingurinn Nína Sæmundsson jók hróður Íslands víða um lönd. Ólafur Túbals í Múlakoti var kunnur listmálari og í Múlakoti dvöldu bæði Ásgrímur Jónsson og Gunnlaugur Scheving við listsköpun. Jóhannes Kjarval lagði einnig oft leið sína í Fljótshlíðina. Þá hefur Jón Kristinsson, Jóndi í Lambey, lengi haldið uppi merki sveitarinnar og rekið þar gallerí og frá Kirkjulæk í Fljótshlíð er listakonan María Jónsdóttir.

Sýningin Landsmót er níunda einkasýning Hrafnhildar Ingu en hún hefur tekið þátt í mörgum samsýningum hér heima og erlendis undanfarin ár. Um þessar mundir stendur einnig yfir sýning á verkum hennar í Gallery More North í New York.

Hrafnhildur Inga er fædd og uppalin á Vestur-Sámsstöðum í Fljótshlíð.

Hún stundaði myndlistarnám við Myndlistarskóla Reykjavíkur og við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk þaðan prófi í grafískri hönnun. Þá hefur hún stundað nám við Myndlistarskóla Kópavogs og dvalið að Skriðuklaustri og í Róm við nám og listsköpun. Sýningin Landsmót stendur til 24. ágúst.

# Djasshátíð haldin í ágúst

Nítjánda Jazzhátíð Reykjavíkur verður haldin í borginni dagana 26.-30. ágúst. Að þessu sinni verða á þriðja tug tónleika á þeim fimm dögum sem djassinn dunar í borginni og koma nálægt eitt hundrað listamenn að hátíðinni að þessu sinni. Tónleikastaðirnir verða nokkrir: þrír tónleikar hátíðarinnar fara fram í Háskólabíói. Auk þess verða tónleikar í Iðnó (bæði uppi og niðri), Fríkirkjunni, Organ, Nasa, Rúbín, Norræna húsinu og í tónleikasal SÁÁ við Efstaleiti, en sá glæsti Vonarsalur skartar einum magnaðasta flygli landsins, Bösendorfer af bestu gerð. Auk þessa verður boðið upp á ókeypis tónleika í miðborginni í hádeginu frá miðvikudegi til föstudags.

Jazzhátíð Reykjavíkur hefur undanfarið unnið að framtíðaráætlun, nokkurs konar aðalskipulagi, sem gilda á til 2011. Í þeirri vinnu er tekið tillit til mikilvægis þess að hátíðin sé sýnileg allt árið og standi fyrir atburðum sem tefli fram listamönnum sem hér starfa á djasssviðinu og stuðli auk þess að hingaðkomu listamanna og áheyrenda sem auðga megi djasslífið í borginni.

Jazzhátíðin nýtur þess að hafa undanfarin ár verið með samstarfssamning við menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar og freistar þess nú að koma á þríhliða samningi við menntamálaráðuneytið auk borgarinnar, til að ná fram þeim markmiðum sem unnið er að.

Úr einkageiranum nýtur Jazzhátíð fulltingis Bókaverslunar Eymundsson, Ölgerðar Egils Skallagrímssonar, Extón hljóðs og þessa dagana er verið að leggja drög að samstarfssamningi við Iceland Express. Ekki má gleyma því að Menningarsjóður FÍH hefur ætíð stutt við bakið á hátíðinni. Síðast en ekki síst er mikilvægt samstarf við Ríkisútvarpið sem ætíð útvarpar nokkrum tónleikum hátíðarinnar.

Jazzdagurinn 2008 verður lokadagur Jazzhátíðar Reykjavíkur, en þá verður boðið upp á margslungna dagskrá allan daginn. Stórsveit Reykjavíkur ríður á vaðið með tónlist Bjarkar Guðmundsdóttur í útsetningum – og undir stjórn Travis Sullivan, sem rekur sína eigin Bjorkestra í New York. Söngkonurnar Sigríður Thorlacius, María Magnúsdóttir og Dísa sjá um sönginn. Thórshavnar Stórband frá Færeyjum leikur síðan dagskrá byggða á færeyskri tónlist í Norræna húsinu kl. 19 og þar verður Haukur Gröndal sérstakur gestaleikari, en hljómsveitin er á leið til Grænlands í tónleikaferð. Stórtónleikar Jazzdagsins verða í Háskólabíói kl. 21 þegar meistaratrommarinn Ed Thigpen leikur ásamt Scantet sínum. Thigpen er þekktastur fyrir að vera meðlimur tríós Oscars Peterson, en þeir tveir ásamt bassaleikaranum Ray Brown eru tvímælalaust áhrifamestu djassleikarar sögunnar. Jazzdeginum lýkur svo á Nasa með útgáfutónleikum Kristjönu Stefánsdóttur söngkonu sem gefur út nýja blússkotna svíngplötu í aðdraganda hátíðarinnar. Auk Kristjönu mun bandoneonleikarinn Olivier Manoury koma fram ásamt kvartett sínum sem skipaður er nokkrum athyglisverðustu tólistarmönnunum á frönsku djasssenunni þessa dagana.

Nánari upplýsingar um dagskrá er að finna á vefsíðum hátíðarinnar: http://www.myspace.com/reykjavikjazzfestival
http://www.jazz.is/festival/.

pbb@frettabladid.is



**TÓNLIST** Stórhljómsveit Reykjavíkur flytur tónlist eftir Björk Guðmundsdóttur á Jazzhátíðinni í ágústlok.




**MIÐBÆRINN** Miðlar menningu, en tökum við eftir því?

# Menningu miðlað í miðbænum

Sigurlaug Ragnarsdóttir listfræðingur annast leiðsögn um útilistaverk í miðbænum í kvöld kl. 20 þegar lagt verður upp í áttundu kvöldgöngu Kvosarinnar sem menningarstofnanir Reykjavíkurborgar standa fyrir. Gangan tekur um klukkustund en í henni mun Sigurlaug kynna ólíkar aðferðir við miðlun útilistaverka, gildi miðlunar og upplifun einstaklings á henni. Í göngunni verður lögð áhersla á að skoða útilistaverk á hugmyndafræðilegum grundvelli og draga þannig fram nýjar áherslur og nýja sýn auk þess að vekja upp spurningar um mikilvægi verkanna. Gangan hefst við Hafnarhúsið en boðið verður upp á stutt spjall í lokin.

Sigurlaug er listfræðingur og menningarmiðlari. Hún hefur rannsakað og safnað saman upplýsingum um útilistaverk í eigu og umsjón Reykjavíkurborgar með miðlun í huga.

Sýningarsalir og kaffitería Hafnarhússins er opin til kl. 22 öll fimmtudagskvöld en þar stendur nú yfir sýningin Tilraunamaraþon. Aðgangur að safninu er ókeypis.

- vþ

# SHOE4AFRICA
# GÓÐGERÐARKVÖLD



Anthony Edwards <<
og fjölskylda





Aðgangseyrir er
20.000 krónur



>> Anthony Edwards
(Top Gun 1986)

Cristiano Ronaldo <<




**Anthony Edwards** og **Toby Tanser** standa fyrir veislu sem haldin verður fyrir **Shoe4Africa,** föstudaginn **25. júlí** nk. Veislan verður haldin á **Hilton Reykjavík Nordica hóteli, í sal H&I** milli **kl. 20:00–22:30.**

- Ýmis skemmti- og tónlistaratriði.
- Fjáröflun fyrir Shoe4Africa spítala í Kenýa.
- Óvæntir pakkar fyrir heppna gesti.

**Einnig býðst almenningi tækifæri til að styðja við málefnið með því að hringja í númerin hér til hliðar.**

| | |
|---|---|
| **Sími 907 1001** | 1.000 krónur |
| **Sími 907 1003** | 3.000 krónur |
| **Sími 907 1005** | 5.000 krónur |

Shoe4Africa hefur í þrettán ár sent skófatnað til Afríku. Í starfi sínu hafa sjálboðaliðar samtakanna horft upp á mikla neyð og nú er ástandið í Kenýa orðið svo alvarlegt að samtökin vilja setja sér ný markmið. Gríðarlegur fjöldi barna í landinu er munaðarlaus eftir að hafa misst foreldra úr alnæmi. Þessi börn fá litla eða enga læknisaðstoð. Markmið Shoe4Africa er að byggja barnaspítala í landinu og hjálpa þessum börnum að takast á við framtíðina. Þessi draumur verður ekki að veruleika nema allir leggist á eitt og hver króna færir okkur nær markinu.

**Fyrir frekari upplýsingar um S4A vinamlegast heimsækið www.shoe4africa.org.**

SHOE4AFRICA

**Veitingar í boði:**

RJC Soccerade Leppin



**DAGSLJÓS** Birtumagnið er afskaplega breytilegt hér á landi; mætti segja að það væri ýmist í ökkla eða eyra eftir árstíð.

# Kastljósi beint að dagsljósi árstíðanna

Sýningin Ljós í myrkri, sem fjallar um breytingar á dagsljósi milli árstíða, milli daga og yfir daginn, verður opnuð í Gallerí 100°, Bæjarhálsi 1, í dag kl. 17. Sem kunnugt er hefur veðurfar og árstíðir afar mikil áhrif á magn náttúrulegrar birtu hér á landi. Rafmagnslýsingu er stöðugt verið að þróa, meðal annars í þá átt að líkja eftir dagsbirtu og nálgast þau áhrif sem hún hefur á fólk.

Kastljósi sýningarinnar verður meðal annars beint að því hvernig lýsing og birta hefur áhrif á mannslíkamann. Þar eru hormónin kortisól og melantónín í sviðsljósinu. Þau stjórna líkamsklukkunni á þann veg að kortisól vekur okkur og skerpir athyglina en melantónín veldur syfju. Að sýningunni koma sérfræðingar á ýmsum sviðum híbýla- og skrifstofulýsingar og verða dagsbirtulýsing og skammdegislýsing í brennidepli. Þar skiptir litur ljóssins ekki síður máli en styrkur þess og á sýningunni verða kynntar niðurstöður ljósmyndarannsóknar á sólsetrinu í Reykjavík. - vþ

# Kennsl með geigvænlegum afleiðingum

Myndlistarkonan Björk Guðnadóttir opnar sýningu sína Kennsl í sýningarrýminu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ á laugardag kl. 16.

Í skáldskaparfræði Aristótelesar eru kennsl það þegar ein persóna harmleiks þekkist skyndilega eða uppgötvar uppruna sinn eða sitt sanna sjálf, oft með geigvænlegum afleiðingum.

Sýningin samanstendur af léreftsskúlptúr, tréristu og karton-þrykki, en þetta er allt sett saman í innsetningu sem snertir fleti tilvistar, samskipta og innra lífs.

Suðsuðvestur er til húsa á Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ. Opnunartími er laugardaga og sunnudag frá kl. 13–17 og annars eftir samkomulagi. Sýning Bjarkar mun standa til 24. ágúst.

Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. - vþ



**MYNDLIST Í REYKJANESBÆ** Verk eftir Björk Guðnadóttur.




GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIÐJAN.IS

vísir.is
„...ég sá það á vísi"


# Sumardjass á Jómfrúnni kveður í bili

Á sjöundu og síðustu tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu nú á laugardag kemur fram kvartett söngkonunnar Maríu Magnúsdóttur. Auk Maríu skipa kvartettinn þeir Eðvarð Lárusson gítarleikari, Ingólfur Magnússon bassaleikari og Jón Óskar Jónsson trommuleikari. Kvartettinn mun flytja eigin útsetningar á tónlist söngkonunnar Joni Mitchell frá árunum 1968-1980.



**MARÍA MAGNÚSDÓTTIR**

María Magnúsdóttir útskrifaðist frá Tónlistarskóla FÍH í vor og vinnur nú að gerð sinnar fyrstu plötu. Tónleikarnir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Leikið verður utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir, en annars inni á veitingastaðnum. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. - vþ

# Tvær sýningar frá Ameríku

**Tvær áhugaverðar myndlistarsýningar verða opnaðar í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, á laugardaginn kemur. Á báðum sýningunum má sjá listaverk frá Ameríku, en þær eru að öðru leyti afar ólíkar innbyrðis.**



**FÖGUR LEIRLIST** Keramíkverk frá Níkaragva.

Áhugafólk um myndlist hlýtur að taka því fagnandi að fá tækifæri til þess að berja augum samtímalist frá Vesturheimi, enda straumar og stefnur þar oft á skjön við það sem gerist í Evrópu. Önnur sýninganna býður upp á myndlist eftir Bandaríkjamanninn Creighton Michael, en hin er sýning á keramíkverkum frá Níkaragva.

Verk eftir Creighton Michael verða reyndar á tveimur myndlistarsýningum á höfuðborgarsvæðinu næstu vikurnar þar sem auk sýningarinnar í Hafnarborg verður sýning á verkum hans opnuð í StartArt 31. júlí. Creighton Michael vinnur verk sín í ýmsa miðla, en í öllum verkum sínum leggur hann fyrst og fremst áherslu á teikningu. Hann vinnur með liti og þrykk og teiknar á pappír, auk skúlptúrteikninga í ýmis efni. Á sýningunni í Hafnarborg má þannig sjá bæði skúlptúra og grafíkverk. Listamaðurinn býr og starfar í New York, en hann kemur til Íslands til þess að vera viðstaddur opnanirnar hér.

Níkaragva er stærsta land Mið-Ameríku og keramík þaðan á sér djúpstæða menningarlega sögu. Nú í fyrsta sinn í sögunni er samtímakeramík frá Níkaragva til sýnis í evrópskum söfnum, en sýningin í Hafnarborg kemur hingað frá Eistlandi og hefur áður verið sýnd í þremur dönskum söfnum.

Ýmsir fræðimenn sem rannsakað hafa menningu Níkaragva telja að skrautlegir og fagrir keramíkmunir hafi verið dýrmætasti varningurinn í héraðinu San Juan á öldum áður, líkt og hrafntinna og gull voru í öðrum héruðum. Fornleifarannsóknir hafa leitt í ljós að fíngert keramík hafi verið notað í trúarlegum tilgangi í Níkaragva og að pottarnir og ílátin frá þessum tíma hafi meðal annars verið notuð við fórnir.

Fyrir fimm hundruð árum lögðu Evrópumenn Níkaragva undir sig en með sýningu þessari hafa leirkerasmiðir og listamenn frá Níkaragva hafið sína eigin menningarlegu innrás í Evrópu.

vigdis@frettabladid.is

# Þýsk alþýðufræði á prent

Allt frá upphafi uppgangs rafrænna miðla hafa reglulega heyrst raddir sem halda því fram að nýju miðlarnir muni ganga af bókinni dauðri. Fáir miðlar hafa þó vakið eins mikla skelfingu hjá bókaunnendum eins og veraldarvefurinn, enda býður hann upp á ógrynni af ókeypis lesefni. Ekki síst hafa útgefendur alfræðirita verið uggandi vegna vefsíðunnar Wikipediu sem býður notendum sínum upp á fróðleiksmola, misáreiðanlega að vísu, um allt og ekkert. Bölsýnismenn hafa spáð fyrir um gríðarlegan samdrátt í sölu alfræðirita á næstu árum, sem myndi svo á endanum leiða til þess að alfræðirit hættu með öllu að koma út og almenningur myndi í kjölfarið ráfa um alla eilífð í eyðimörk fáfræði og sinnuleysis.

Svo fer þó ekki ef þýska Wikipediu-síðan fær einhverju um það ráðið. Í september kemur nefnilega út þar í landi ógurlegur doðrantur á pappír sem inniheldur 50.000 algengustu Wikipediu-leitarfærslurnar. Með útgáfunni vill þýskur hluti Wikipedia, fyrirtækisins sem heldur utan um rekstur Wikipediu, reyna að ná til þess hóps sem ekki notar veraldarvefinn sér til upplýsingaöflunar.



**STAPPFULL BÓKAHILLA** Hver veit nema bókaútgáfa Wikipediu verði til í bókahillum flestra þýskra heimila innan nokkurra mánaða.

Vefsíðan Wikipedia gerir notendum sínum kleift að bæta við og breyta færslum og hefur því stundum verið gagnrýnd fyrir ónákvæmni. Prentaða útgáfan inniheldur þó aðeins færslur og staðreyndir sem hafa verið kannaðar ofan í kjölinn af fræðimönnum og því ætti að vera óhætt að treysta þeim fróðleik sem í henni leynist.

Þar sem innihald bókarinnar byggist á 50.000 algengustu leitarfærslum þýskra Wikipedianotenda má leiða líkur að því að það verði með nokkuð öðru sniði en tíðkast gjarnan í alfræðiritum. Til að mynda verður gerð góð grein fyrir sjónvarpsþáttunum House með Hugh Laurie í aðalhlutverki, en þættirnir njóta mikilla vinsælda í Þýskalandi. Einnig verður fjallað ítarlega um Cörlu Bruni, eiginkonu franska forsetans Nicholas Sarkozy, og leikjatölvuna Playstation 3. Eflaust sýnist sitt hverjum um innihald þessa fræðirits, en svo mikið er víst að bókin gefur nokkuð glögga mynd af helstu áhugamálum þýskra tölvunotenda á seinni hluta fyrsta áratugs 21. aldarinnar.

Fréttir af útgáfu vefsíðunnar á bókarformi hafa eðlilega vakið töluverða athygli í Þýskalandi, ekki síst þar sem útgefendur Brockhaus-alfræðiritsins, virtasta og vinsælasta alfræðirits Þýskalands til þessa, tilkynntu nýverið að fljótlega yrði opnuð vefsíða þar sem nálgast mætti ritið á tölvutæku formi. Þannig færir vefurinn sig á prent á sama tíma og prentið færir sig á vefinn. Hringrás miðlunar er sannarlega endalaus. - vþ

# Verk Warhols bönnuð í Kína

Danska galleríið Faurschou sem er nýbúið að opna útibú í Peking hugðist opna þar sýningu á verkum Andys Warhol en er nú lent í útistöðum við yfirvöld. Verkin, sem safnað var víða og eru alls 38, eru föst í tolli. Helmingur þeirra eru andlitsmyndir af íþróttafólki úr seríu sem sýnd var hér í Gallerí Fold fyrir fáum árum. Galleríið sem er virt og selur meðal annars verk Ólafs Elíassonar hefur þegar prentað sýningarskrá og sent út boðsmiða. Yfirvöld í Kína segja list eftir kínverska listamenn eiga að vera á boðstólum þetta sumar. Framvarðarhreyfing þeirra er reyndar undir miklum áhrifum frá Warhol, en yfirvöldum er ekki haggað. Það vilja ekki heimila uppsetningu verkanna „af öryggisástæðum". Hin óopinbera skýring mun vera sú að nýja útibúið er í hverfi nærri gömlu verksmiðjuhverfi sem nú hýsir vinnustofur listamanna og kallast 798. Það er í dag einn helsti viðkomustaður ferðamanna.

Viðbrögð stjórnvalda minna á að eftir tónleika Bjarkar í Sjanghæ í mars var hert verulega á kröfum til aðkomulistamanna að þeir skipti sér ekki af innanríkismálum. Faurschou hafa loforð um að geta sett sýninguna upp í byrjun september. Í síðustu viku var tveimur belgískum galleríeigendum gert að loka búð nema þeir sýndu einvörðungu verk kínverskra listamanna í sínu galleríi. Fjöldi erlendra gallería hefur nú opnað útibú eða aðalstöðvar í Peking enda gerast kínverskir auðmenn æ frekari í söfnun á myndlist á heimsmarkaði.

Væntanlega munu opinberir íslenskir gestir sækja þetta hverfi heim í heimsóknum sínum í næsta mánuði, en þar fá þeir ekki að sjá neitt af verkum Andys Warhol. Þau verða herra Ólafur og Þorgerður Katrín að sjá annars staðar. - pbb



**MYNDLIST** Verk Andys Warhol má ekki sýna í Kína í ágúst.



Sumartónleikar ársins í boði Iceland Express

# Buena Vista Social Club

Vodafonehöllinni í kvöld
Miðasala á midi.is

★★★★★ „Áhorfendur breyttu tónleikastað í danshöll" Times Online

★★★★ Manchester Evening News

★★★★★ The Independent

hr★örlygur

Iceland Express
með ánægju



www.icelandexpress.com

## > INGVAR ALLS STAÐAR

Ingvar E. Sigurðsson þarf ekki að kvarta yfir aðgerðaleysi. Varla er gerð sú íslensk bíómynd að hann sé ekki í henni. Það sem eftir lifir árs á Ingvar eftir að sjást í að minnsta kosti þremur myndum. Hann leikur prestinn í Sveitabrúðkaupi, Steingrím í Skrapp út og fer með aðalhlutverkið í Reykjavík-Rotterdam ásamt Baltasar. Geri aðrir betur!



# bíó

bio@frettabladid.is

# Fjórar íslenskar myndir fyrir jól

Að minnsta kosti fjórar íslenskar myndir verða frumsýndar fyrir jól ef allt gengur samkvæmt áætlun. Fyrst á dagskrá er gamanmyndin Skrapp út eftir Sólveigu Anspach, sem endurtekur leikinn síðan í myndinni Stormy Weather og fær Diddu til að leika aðalhlutverkið í mynd sinni. Didda leikur skáldið og hasssalann Önnu sem ákveður að selja „reksturinn“, farsíma með nöfnum og símanúmerum kúnnanna. Meðan á kostulegu söluferlinu stendur fyllist íbúðin hennar af kúnnum – fólki eins og Krumma, Óttarri Proppé og Frikka pönk sem bíða spenntir eftir næsta skammti.

Sveitabrúðkaup, gamanmynd sem Valdís Óskarsdóttir leikstýrir, verður frumsýnd í lok sumars. Þetta er fyrsta myndin sem Valdís leikstýrir en hún hefur getið sér gott orð sem klippari síðustu árin. Par ákveður að giftast í kirkju úti á landi, en flest fer á annan veg en áætlað var.

Gamanspennumyndin Reykjavík-Rotterdam verður frumsýnd 19. september. Þetta er fyrsta bíómynd Óskars Jónassonar síðan hann leikstýrði Perlum og svínum árið 1997, en hann hefur vitaskuld haldið sér við efnið í sjónvarpinu. Hann skrifaði handritið með Arnaldi Indriðasyni og Baltasar Kormákur og Ingvar E. Sigurðsson leika aðalhlutverkin.

Fjórða íslenska myndin fyrir jól er svo Queen Raquela, mynd Ólafs Jóhannessonar um filippseyska kynskiptinginn Raquela. Myndinni hefur gengið vel á kvikmyndahátíðum erlendis og vakið umtal.



**HASSSALINN ANNA MEÐ GÆS SEM ER MIKILL ÁHRIFAVALDUR Í SÖGUNNI** Didda skreppur út og íbúðin hennar fyllist af hasshausum á meðan.

# Nýtt í bíó: Blaka og bústaðarógn

Í þessari viku koma tvær nýjar myndir í bíó, nýja Batman-myndin The Dark Knight og spennuhrollvekjan The Strangers. Nýja Batman-myndin hefur fengið frábæra dóma og enn einn dómurinn bætist í sarpinn hér við hliðina. Myndin þykir færa ofurhetjumyndirnar á nýtt plan.

Hin myndin sem er frumsýnd í þessari viku er The Strangers, spennuhryllingsmynd sem gerist að mestu í einangruðum sumarbústað. Ungt par (leikið af Liv Tyler og Scott Speedman) fer í bústað og fyrr en varir verður það fyrir hatrömmum árásum dularfullra fyrirbæra sem virðast eiga eitthvað sökótt við þau. Leikstjóri og höfundur handrits er Bryan Bertino og er þetta hans fyrsta mynd. Hún hefur fengið frekar lélega



**DULARFULLIR ÁRÁSARMENN** herja á parið í myndinni The Strangers.

| THE DARK KNIGHT |
|---|
| Rotten Tomatoes: 95/100 |
| Imdb: 9,5/10 |
| Metacritic: 82/100 |

| THE STRANGERS |
|---|
| Rotten Tomatoes: 41/100 |
| Imdb: 6,8/10 |
| Metacritic: 47/100 |




# Besta Batman-myndin

Ný hætta steðjar að Leðurblökumanninum og heimaborg hans Gotham þegar geðsjúkur stórglæpamaður, sem kallaður er Jókerinn, er ráðinn af mafíunni til að drepa hann. Ringulreið færist smám saman yfir borgina þegar borgarstarfsmenn eru myrtir til að egna Batman úr felum, sem ógnar meðal annars lífi hins nýskipaða ríkissaksóknara, Harvey Dent, sem Blaki vonast til að taki við honum sem löghlýðinn baráttumaður gegn glæpum.

Með Batman Begins frá 2005 blés leikstjórinn Christopher Nolan sannarlega nýju lífi í víðfræga persónu, sem hafði legið í dvala síðan 1997 í Joel Schumacher-stórslysinu Batman & Robin. Batman Begins tók fyrir uppruna hetjunnar á alvarlega, dökka vegu og ljóst að Nolan var að gera raunsærri nálgun á Leðurblökumanninn en áður þekktist. Útkoman var frábær og bálkurinn var kominn á rétt skrið, en hápunkturinn hafði að sjálfsögðu verið Tim Burton-myndirnar tvær.

Framhald Batman Begins er nú loks komið og óhætt er að segja að hennar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Fréttir í vetur af andláti Heaths Ledger, sem tekur við af Jack Nicholson sem Jókerinn brosmildi, juku enn á umtalið. Þetta er síðasta heildstæða leikframmistaða hans og líklegt Óskarsverðlaunaefni. Það er sjaldgæft að myndir standist himinháar væntingar en The Dark Knight tekst það, og fer í raun gjörsamlega fram úr þeim.

Myndin er mikil framför frá Batman Begins en nú þegar kynningunni á upphafi Batmans er lokið, er hægt að einblína algjörlega á baráttu hans við illþýði Gotham-borgar. Christopher Nolan gerir ýmsar áherslubreytingar og þá helst með að stækka umsvif myndarinnar umtalsvert, svo úr verður helst til mikilfenglegt, epískt og drungalegt glæpadrama. Michael Mann-meistaraverkið Heat er mikill áhrifavaldur og sérstaklega í hasaratriðum myndarinnar, en Nolan hefur batnað mjög við gerð þeirra og er orðinn mjög öflugur.

En myndin er ætíð upp á sitt besta þegar Ledger kemur á tjaldið sem Jókerinn brosmildi. Ledger er hreint ótrúlegur í hlutverkinu, gefur því raunverulegri nálgun sem stangast á við ýkta útgáfu Nicholsons, og leikur mann sem er algjörlega siðblindur og snarbilaður. Persónan er einnig snilldarlega skrifuð, algjörlega óútreiknanlegur stjórnleysingi sem notfærir sér siðferði annarra. Þetta er eitt magnaðasta illmenni í manna minnum og Ledger á vel möguleika á Óskari frænda.

Christian Bale fer á ný með hlutverk Batmans og gerir það frábærlega sem fyrr. Hetjan myrka þarf að takast á við öflugri illsku en hann er vanur og í leiðinni að endurskoða hlutverk sitt sem handbendi réttlætis og fyrirmynd í samfélaginu. Aaron Eckhart, úr Thank You For Smoking, leikur Harvey Dent og stelur oft senunni fyrir það hversu magnaður hann er; sá hinn sami verður á endanum illmennið Tvífés, með viðurstyggilegum afleiðingum. Maggie Gyllenhaal tekur við af Katie Holmes sem Rachel Dawes, sem er í tygjum við bæði Bruce Wayne og Dent. Michael Caine og Morgan Freeman standa fyrir sínu sem reynsluboltarnir í hópnum.

Annars er það um handrit þeirra Christophers og Jonathans Nolan, bróður hans, að segja að það er mjög viðamikið og kemur mörgum persónum fyrir á jafnan hátt. Það er sneisafullt af miklum drunga, erfiðum siðferðisspurningum og oft niðurdrepandi framvindu. Það gerir myndina oft mjög þunga sem gæti reynst helsti löstur myndarinnar fyrir suma. Tónlistin er ótrúlega góð og sérstaklega þegar Jókerinn á í hlut. Wally Pfister á einnig hrós skilið fyrir kvikmyndatöku sína, útlitið er mjög bláleitt líkt og í Heat.

The Dark Knight markar ákveðin tímamót í ofurhetju- og myndasögumyndum en þær hafa ávallt haft ákveðin einfeldningsleg takmörk. Nú er komin mynd sem byggir á þess konar efni en stendur á eigin fótum hvað varðar tilþrif í kvikmyndagerð, og setur algjörlega nýtt fordæmi um hvað hægt er að gera ef metnaðurinn er fyrir hendi. Þetta er besta Batman-myndin, besta myndasögumyndin og jafnframt ein besta mynd ársins, og mun án efa opna margar dyr fyrir ofurhetjumyndir í framtíðinni.

**Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is**



**BATMAN GEGN JÓKERNUM** Batman fær verðugan andstæðing í Jókernum. Christian Bale leikur Batman öðru sinni og Heath Ledger þykir fara á kostum í hlutverki Jókersins.



**MYRKA HETJAN** Batman berst sem fyrr gegn glæpamönnum í Gotham-borg.

## KVIKMYNDIR

**The Dark Knight**

Leikstjóri: Christopher Nolan.
Aðalhlutverk: Christian Bale, Heath Ledger, Aaron Eckhart, Maggie Gyllenhaal, Michael Caine, Morgan Freeman.

★★★★★

Mikil framför frá Batman Begins. Raunar besta Batman-myndin frá upphafi og ein af myndum ársins.

# OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++





## FYRIR ÚTILEIGUNA

### FLÍSPEYSUR

DÖMU OG HERRA

STÆRÐIR: XS-XXL

VERÐ AÐEINS:

**990,-**

### HETTUPEYSUR

DÖMU OG HERRA

VERÐ AÐEINS :

**1.990,-**





### VATNSHELDAR ÚLPUR

DÖMU OG HERRA

STÆRÐIR: XXS-XL

VERÐ AÐEINS

**4.990,-**

### SOKKAR 3 Í PAKKA

DÖMU OG HERRA

VERÐ AÐEINS

**499,-**

**FAXAFENI 10**
11-18 alla virka daga
11-18 Laugardagar
**S:534 4450**

**SMÁRATORGI**
11-18 alla virka daga
11-18 Lau. og Sun.
**S:534 4451**



**Lærðu …**

*… að nota afgangana í stað þess að henda þeim. Kalt kjöt er gott á samlokur, soðnar kartöflur má nota í eggjakökur með einhverju skemmtilegu grænmeti og skrefið frá grilluðum kjúklingi yfir í girnilegasta salat er örstutt.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN STEINUNN GARÐARSDÓTTIR NUDDARI

# *Notar safapressuna daglega*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Ég myndi segja indversks matar. Ég borða hann náttúrulega alltaf þegar ég er stödd á Indlandi og svo þegar systir mín eldar hann, en ég er ekki nógu dugleg að elda sjálf vegna tímaleysis.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ætli það sé ekki maturinn sem mamma og pabbi elda. Gott grillað kjöt með kartöflum og fullt af grænmeti.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Mér finnst ruslmatur yfirleitt mjög vondur. Eitthvað sem maður kaupir og hitar í örbylgju finnst mér verst.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Safapressan. Hún er alveg uppáhaldið mitt og ég nota hana eiginlega á hverjum degi. Þá bý ég oftast til safa úr engifer, spínati, gulrótum og eplum.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Ég er mikið fyrir góða heita drykki og grauta, til dæmis hrísgrjónagraut og te með hunangi. Allt sem róar mann og jarðtengir mann aðeins. Svo er ég voðalega mikið fyrir að hafa matinn sætan.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Perur, epli, appelsínur. Ég hef verið á svo miklu ferðalagi upp á síðkastið að ég hef ekki komið mér upp miklu safni í ísskápnum, en það er á stefnuskránni.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Heitt kakó með rjóma, það gæfi mér orku.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Úti í Ísrael borðaði ég tungu úr annaðhvort svíni eða lambi. Vitneskjan um að þetta væri tunga úr dýri var eiginlega verst. Þetta var sérstakur hátíðismatur svo ég vildi klára fyrir kurteisissakir, en það var mjög erfitt.

# Gott með grillinu

Stundum er erfitt að láta sér detta í hug nýja rétti til að bera á borð með grillmatnum. Einn slíkur grænmetisréttur, sem ber heitið Melanzane alla Parmigiana, á rætur sínar að rekja til Napólí á Ítalíu, en í honum mætast eggaldin, hvítlaukur, tómatar og parmesanostur. Svo er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að hafa gratínið í aðalhlutverki og bera það fram með brauði og salati.

**MELANZANE FYRIR 4**
2 eggaldin
500 g tómatar
ólívuolía
salt og pipar
5 hvítlauksgeirar
rifinn börkur af 1 sítrónu
1 dl rifinn parmesanostur
2 kúlur af mozzarellaosti

Skerið eggaldinin á lengdina í um ½ cm þykkar sneiðar. Stráið salti yfir báðar hliðar og látið liggja í um 15 mínútur, eða þar til þær fara að gefa frá sér vökva.
Skerið tómatana í litla bita og steikið í ólífuolíu í potti. Látið malla í um 30 mínútur og smakkið til með salti og pipar.
Steikið eggaldinið í ólívuolíu, þar til gullinbrúnt.



**ÍTALSKT GRATÍN** Melanzane alla Parmigiana á rætur sínar að rekja til Napólí. Gratínið má bæði snæða sem meðlæti og aðalrétt. NORDICPHOTOS/GETTY

Skerið hvítlaukinn í þunnar sneiðar, rífið sítrónubörkinn, parmesanostinn og mozzarellaostinn. Raðið því næst í eldfast mót: fyrst eggaldinsneiðum, þá tómatsósu, hvítlauk, sítrónuberki og ostinum. Látið ost efst. Bakið við 175° C í um 30 mínútur.

# Öðruvísi límonaði

Lime á sér ágætis fylgisvein í myntu, eins og fjölmargir aðdáendur drykkjarins mojito eru eflaust sammála um. Það má þó búa til óáfengan drykk úr þessum bestu vinum, sem verður þá nokkurn veginn eins og límónaði, með græna ættingja sítrónunnar í aðalhlutverki. Lime-aði er alveg jafn gott og svalandi á sólríkum sumardegi. Það kemur heldur ekkert í veg fyrir að fullorðna fólkið missi dálítinn rommdropa út í sín glös, ef svo ber undir.



**LIME-AÐI**
Í u.þ.b. fjögur glös
Rifinn börkur af einu lime (um 1 msk.)
1 bolli limesafi
¾-1 bolli sykur
3 bollar vatn
Nokkrir kvistar af ferskri myntu

Blandið saman 1 bolla af vatni, sykri og limeberki í litlum potti og hitið að suðu. Takið af hitanum þegar sykurinn hefur leyst upp og látið kólna í nokkrar mínútur.
Sigtið blönduna ofan í skál svo að börkurinn skiljist frá sykursírópinu. Bætið limesafanum og 2 bollum af vatni út í. Smakkið til og bætið dálitlum limesafa út í ef blandan er of sæt. Bætið myntunni út í. Kælið eða berið fram samstundis með nægum klaka.

**MOJITOLEGUR SUMARDRYKKUR** Lime og mynta, í einhvers konar samkrulli við sykur, eru uppskrift að bragðgóðum sumardrykk. Þeir sem vilja geta svo bætt dálitlum rommslurk út í sín glös. NORDICPHOTOS/GETTY



Ferskasta fiskmetið...
spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna.
Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.
www.galleryfiskur.is
Fiskverslun
Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882
Gallerý fiskur
Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað


# Heimilismaturinn bestur

**Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir er sælkeri og eftirréttadrottning. Hún segir íslenskan heimilismat annars vera í mestu uppáhaldi.**

„Ég er mikill sælkeri. Mér finnst rosalega gott að borða og hef fengið ýmis gælunöfn vegna þess í gegnum tíðina,“ segir Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir og hlær við, en hún er alla jafna kölluð Þóra.
„Fjölskyldan mín er öll mjög flink að elda, bæði foreldrar mínir og systkini. Ég er yngsta barnið af fjórum systkinum og held að ég hafi bara fengið einhverja afganga af þeim hæfileikum. Það sem ég elda helst er svona hefðbundinn heimilismatur: fiskur, eins og soðin ýsa og kartöflur, og kjötbollur í brúnni sósu,“ segir Þóra.
Henni hefur því gjarnan verið úthlutað því hlutverki að sjá fyrir eftirréttum í fjölskylduboðum, sem hún segir henta sér ansi hreint vel. „Þessi eftirréttur er einn þeirra sem eru í uppáhaldi hjá mér. Ég er oft alveg á síðustu stundu og hann er svo fljótlegur að hann verður oft fyrir valinu. Svo getur maður eiginlega líka logið því að sjálfum sér að hann sé bara nokkuð hollur,“ segir Þóra hlæjandi. „Það er fullt af ávöxtum í honum, svo hann er ferskur en samt sætur,“ útskýrir hún.
Þóra, sem hefur starfað sem flugfreyja hjá Icelandair undanfarin ár, en starfar nú að kynningar- og markaðsmálum, segir heimilismatinn ofarlega á blaði hvað varðar uppáhaldsmatinn. „Ég var rosalegur gikkur þegar ég var yngri, en ég er öll að koma til núna. Mér finnst mjög gott að fara út að borða og fá einhvern góðan mat, en líka æðislegt að fara heim til mömmu og pabba í heimilismat. Ég og maðurinn minn pöntum okkur oft borð þar,“ segir hún og hlær.

**UPPSKRIFT Í TÖFLU:**
Eftirréttur Þóru
2 bananar
1 klasi af vínberjum
1 box af jarðarberjum
1 box af bláberjum
1 epli
1 marengsbotn með kornflexi
1 peli rjómi

Þetta er mjög einfaldur og fljótlegur eftirréttur og hefur slegið í gegn hjá mér í hvert skipti!



**SÆLKERI OG MATGÆÐINGUR** Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir kveðst vera mikill sælkeri og er jafnan úthlutað því hlutverki að sjá um eftirrétti í fjölskylduboðum. MYND/EGILL BJARNASON

Rjóminn er þeyttur, marengsbotninn mulinn út í rjómann, ávextirnir skornir niður og settir út í, allt hrært saman og sett í mót. Stungið inn í ísskáp í klukkustund og borið fram.
Fyrir þá sem vilja enn meiri sætindi er líka mjög gott að brytja niður eitt súkkulaðistykki svo sem Snickers, eða Nóakropp eða hvað svo sem fólki finnst best, og strá yfir.
Þá er að sjálfsögðu einnig um að gera að setja þá ávexti og/eða ber sem hverjum og einum líkar best í réttinn. sunna@frettabladid.is

# Tófú í mörgum myndum

Þeir eru eflaust margir sem hafa starað tómum augum á tófúpakkningar í matvöruverslunum. Guðný Jónsdóttir, kokkur hjá veitingahúsinu Garðinum á Klapparstíg, kann ýmis ráð sem ættu að koma þeim vel að notum sem vilja prófa matreiðslu með tófú.
„Tófu er mjög misjafnlega stinnt, frá því að vera mjúkt yfir í að vera mjög stinnt. Það er líka mismunandi ferskt og hefur því mislangan líftíma. Það tófú sem ég hef mest notað hefur haft frekar stuttan líftíma, af því að það er ekki niðursoðið eða í krukku,“ útskýrir Guðný.
Tófú er matreitt á mismunandi hátt eftir því hvað það er stinnt. „Ef maður er með stíft tófú er það tekið úr vökvanum og mestur vökvinn kreistur úr því. Þá er hægt að skera það í teninga og láta það marinerast. Gott er að láta það marinerast í hálftíma í sojasósu, með hvítlauksrifjum og engiferrót. Á meðan getur maður soðið hrísgrjón og skorið papriku, púrrulauk, spergilkál og fleira, allt mjög þunnt. Það er steikt í wok-pönnu og tekið svo upp úr feitinni. Svo steikir maður tófúbitana. Þá þarf í raun ekkert að gera meira nema krydda með salti og hvítum pipar. Mjög einfalt og gott,“ segir Guðný.
Ef unnið er með mjúkt tófú er sniðugra að bregða á annað ráð. „Það nota ég helst í tófúbollur eða eitthvað. Ég set það í matvinnsluvél þangað til það er alveg orðið að mauki. Svo set ég bara niðurskorið grænmeti út í og nota svo spelt eða kjúklingabaunamjöl til að festa það saman og búa til bollur sem ég steiki eða baka. Stundum tek ég bara einhverja uppskrift með kjöti og set tófú í staðinn. Þá bæti ég yfirleitt sojasósu út í tófúið, því það eitt og sér er ekkert bragðmikið. Ég hef skipt því út fyrir fisk og kjúkling, jafnvel humar. Það kemur bara mjög vel út.“ - kbs



**EINFALDARA EN ÞÚ HELDUR** Guðný Jónsdóttir hjá Garðinum eldar tófú í stað kjöts á einfaldan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

...TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR FYRIR ALGJÖRRI „STEIK“ Á PALLINUM




RADAR

**Á HÖFUÐB.SVÆÐINU:** GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI

(Gildir í dag Þriðjudag og miðvikudag.)

**Á AKRANESI:** ÆGISBRAUT 29

**Í REYKJANESBÆ:** VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM

Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar
– **virka daga** 11:00 – 18:30
– **laugardaga** 11:00 – 17:00

## > KOMDU Í CLUELESS

Fregnir herma að tölvuleikir byggðir á myndunum Clueless, Mean Girls og Pretty in Pink séu væntanlegir á markaðinn. Tölvuvæddi fataskápurinn hennar Cher, sem flestar stelpur hefur dreymt um á einhverjum tímapunkti, gæti því loks orðið að einhvers konar veruleika.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# *Britney reykir ofan í börnin*

Söngkonan Britney Spears hefur fengið hrós í fjölmiðlum síðustu daga fyrir að vera aftur farin að líta vel út. Í síðustu viku var svo loksins gengið frá deilum hennar um umgengnisrétt fyrir syni sína. Það virtist sem sagt allt líta vel út fyrir vandræðagemsann Britney. En þá er hún ekki lengi að skemma allt saman fyrir sjálfri sér.

Allt er nú á öðrum endanum í Bandaríkjunum eftir að myndir náðust af Britney reykjandi ofan í tveggja ára son sinn, Sean Preston. Á myndunum, sem birst hafa í fjölmiðlum víða um heim, sést Britney á sundfötum á heimili sínu í Beverly Hills í Kaliforníu. Hún kveikir sér í sígarettu með soninn sér við hlið. Drengurinn verður forvitinn um hvað mamma hans er að gera og tekur upp kveikjarann og ætlar sér að taka upp sígarettupakkann líka, en þá stöðvar Britney hann.

Bandarískir fjölmiðlar gera mikið úr því að óbeinar reykingar séu slæmar fyrir börn á þessum aldri, þær auki líkurnar á eyrnasjúkdómum, bronkítis, astma og öðrum öndunarsjúkdómum.

Víst má telja að þetta hjálpi Britney Spears ekki við að reyna að vinna aftur hylli aðdáenda sinna sem margir hafa snúið við henni baki vegna hegðunar hennar síðustu misseri.



**ENN EINN SKANDALLINN** Bandarískir fjölmiðlar hafa birt myndir af Britney Spears reykjandi fyrir framan son sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

## Myndir afturkallaðar

**Líkt og Sienna Miller, hefur Brad Pitt hótað að fara í mál við hvern þann sem birtir myndir af honum, Angelinu og börnum þeirra við leik við heimili fjölskyldunnar í Frakklandi. Lögmaður hjónanna sagði að myndirnar væru klárt brot á einkalífi fjölskyldunnar og að hver sem mun birta þær eigi yfir höfði sér kæru. Fyrirtækið sem seldi myndirnar til tímarita hefur samþykkt að dreifa myndunum ekki frekar og hefur jafnframt beðið hjónin afsökunar fyrir ónæðið.**



## Broderick hélt framhjá

**Tímaritið Star Magazine greindi frá því á dögunum að eiginmaður leikkonunnar vinsælu, Söruh Jessicu Parker, hefði haldið framhjá henni með mun yngri konu. Í greininni stendur að Matthew Broderick hafi hitt unga rauðhærða stúlku á bar fyrr á árinu og í kjölfar þess hafi þau farið að hittast á laun. Vinkona stúlkunnar á að hafa leyst frá skjóðunni og sagði hún að Matthew og rauðkan hefðu hist reglulega alveg frá því að þau kynntust á barnum. Sarah og Matthew hafa verið gift í ellefu ár og eiga saman soninn James Wilkie.**



## Connelly nýtt andlit Revlon

**Óskarsverðlaunahafinn Jennifer Connelly hefur verið valin nýtt andlit snyrtivörurisans Revlon. „Jennifer er nýmóðins, full af orku og bráðgáfuð kona. Hún er metnaðarfull móðir, eiginkona og leikkona og hefur náð árangri á öllum sviðum lífsins og það á upp á pallborðið hjá Revlon," sagði talsmaður fyrirtækisins um samninginn. Jennifer mun kynna snyrtivörurnar á alþjóðamarkaði en samhliða því mun hún taka þátt í ýmsum uppákomum á vegum fyrirtækisins og góðgerðarmálum á þess vegum.**



# Sundbolir í sókn

**Í Miami er þessa dagana enn þá meira um fáklæddar stúlkur en venjulega, því þar stendur nú yfir tískuvika sem helguð er baðfatatísku. Ef marka má myndirnar virðast sundbolir enn vera í sókn, en þeir ruku upp vinsældalistana á síðasta ári.**



**LITAGLEÐI OG MUNSTUR**

Litagleðin var allsráðandi þegar baðfatatískan var kynnt í Miami nú í vikunni. Sundbolir af öllum gerðum voru fyrirferðarmiklir á sýningarpöllunum og skrautlega mynstruð bikiní einnig áberandi. Þá virðist einnig nokkuð vinsælt að blanda saman mynstrum í bikiníum og nota skrautlegar buxur við einlitan topp. Þær sem eiga bunka af bikiníum inni í skáp geta því prófað sig áfram.

# Vertar kepptu í golfi

Innflutningsfyrirtækið Karl K. Karlsson hélt á dögunum heljarinnar golfmót fyrir nokkra útvalda viðskiptavini. Guðlaugur Guðlaugsson, markaðsstjóri hjá K. Karlssyni, segir að mótið hafi gengið vonum framar. „Mótið kallast Stella Artois-golfmótið og er fyrir þá viðskiptavini okkar sem eru með bjórinn til sölu. Við lékum svokallaða átján holu Texas Scramble þar sem tveir og tveir spila saman, annar vanur golfari og hinn óvanur." Um sjötíu manns mættu til að taka þátt í mótinu og lék veðrið við mannskapinn. „Það var blíðskaparveður og tuttugu stiga hiti, þannig að við gátum ekki verið heppnari með veðrið," segir Guðlaugur. Hópurinn byrjaði daginn á undirstöðugóðum morgunverði að hætti Jóa Fel og síðan var keyrt með rútu upp í Kiðjaberg þar sem golfmótið var haldið. „Vertarnir stóðu sig margir hverjir mjög vel og þeir voru flestir mjög ánægðir með mótið. Þetta er árlegur viðburður hjá okkur og nú er það orðið svo að færri komast að en vilja."

Eftir hið hörkuspennandi golfmót var snæddur kvöldverður á veitingastaðnum Rauða húsinu og verðlaun voru veitt fyrir bestu frammistöðuna. „Í fyrsta sæti urðu þeir Davíð hjá skemmtistaðnum Vegas og Ragnar hjá Samskipum. Seinna um kvöldið var svo dregið úr skorkortum um ferð fyrir tvo til Leuven í Belgíu, þar sem Stella Artois-bjórinn er framleiddur, og var það Ólafur á Vegamótum sem var svo heppinn að vinna þá ferð," segir Guðlaugur að lokum. En til gamans má geta að þeir félagar Kormákur og Skjöldur á Ölstofunni höfnuðu í fimmta sæti. - sm



**GOTT MÓT** Sigga Boston og Raggi í Botnleðju, til hægri á myndinni, kepptu fyrir hönd Boston bar.



**UPPÁKLÆDDIR** Kormákur og Skjöldur, til vinstri á myndinni, höfnuðu í fimmta sæti á mótinu.



**SPRATT FRAM** Dansatriði birtist óvænt í Kringlunni seinasta föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Úr þurru

**Gjörningahópurinn Stígis ákvað að ljúka sumarstarfi sínu hjá Hinu húsinu með stæl en þau skipulögðu óvænt dans- og söngatriði í Kringlunni í anda feluleikhúss, seinasta föstudag. Um 20 manns tóku þátt í uppátækinu sem kom Kringlugestum skemmtilega á óvart. Stígis hefur þannig komið aftan af fólki með listsköpun sinni í allt sumar. „Þetta var náttúrlega alveg stórkostlegt," sagði einn meðlima Stígis, Snæbjörn Brynjarsson. Atriðið átti sér stað við undirspil Skver, en danshópurinn Kvik sá um að semja dansinn. „Skyndilega rann allt í eitt stórt dans- og söngvamyndaatriði. Fólk áttaði sig ekki alveg á því hvað gerðist fyrr en það var búið." Að atriðinu loknu hvarf mannskapurinn með öllu, eins og ekkert hefði gerst.** - kbs

## Tjáir sig í fyrsta sinn

Vinur Rosettu, yfirgefnu eiginkonu Balthazars Getty, sagði við slúðurkonunginn Perez Hilton á dögunum að Balthazar og Rosetta hefðu ekki verið skilin að borði og sæng þegar hann hóf samband sitt við Siennu Miller, líkt og Sienna heldur fram. Balthazar og innanbúðarmenn hans sendu frá sér tilkynningu á dögunum þar sem hann útskýrir samband sitt við Siennu. „Rosetta er miður sín. Yngsta barn hennar og Balthazars er ekki nema átta mánaða gamalt," sagði vinur Rosettu.



## Púað á Jessicu Simpson

**Söngkonan Jessica Simpson hélt sína fyrstu tónleika þar sem hún söng svokallaða sveitarokkssöngva á dögunum. Stúlkan mætti í stuttum gallabuxum með kúrekahatt og í kúrekastígvélum en þrátt fyrir það fór söngur hennar ekki vel í tónleikagesti sem létu óánægju sína í ljós með því að púa á söngkonuna. Einn tónleikagestanna sagði að Jessica hefði einfaldlega ekki verið nógu góð. „Ég heyrði ekki sveitarokkshljóminn í henni, hún er ekki nógu góð til þess að syngja hérna."**

# Landsins stærsta

# Skósprengja

# í fullum gangi

## Bætum vöruúrvalið daglega

Allt að

# 90%

afsláttur

# Opnunartímar

Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16

## Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Laugarvegi - Kringlunni Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MEET DAVE | kl. 3.45 | 7 |
| HANCOCK | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 3.45D | L |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr. SUMARTILBOÐ | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| HANCOCK | kl. 10.20 | 12 |
| MEET DAVE | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| BIG STAN | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 10.10 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 6 - 9 - 12 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 6 - 10.10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 4, 7 og 10-POWER | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3.30, 5.50 og 8 | L |
| KUNG FU PANDA - ÍSL. TAL | kl. 4 | L |




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11:10 | VIP |
| MAMMA MÍA | kl. 3:40 - 6 - 8:20 | L |
| DECEPTION | kl. 8 - 11:10 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| WANTED | kl. 11:10 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - ( 11:10 Power) | 12 |
| DECEPTION | kl. 10:20 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| WANTED | kl. 8 DIGITAL | 16 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 | 12 |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 11 | 12 |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| BIG STAN | kl. 10:20 | 12 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA m/Ensku tali | kl. 8 | L |
| DECEPTION | kl. 10 | 12 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 11 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 10:20 | 12 |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |

UPPSELT — ÖRFÁ SÆTI


# Mugison snýr aftur

Mugison spilar á Nasa annað kvöld. Þetta verður fyrsta giggið í bænum í langan tíma, Mugison var síðast á ferðinni í fyrra. Hljómsveitin er orðin gríðarlega þétt enda búin að djöflast á yfir fimmtíu tónleikum bara á síðustu rúmum tveimur mánuðum.

„Í síðasta legg slógum við persónulegt met og spiluðum á 18 tónleikum á 18 dögum,“ segir Mugison sjálfur frá Súðavík. „Nei, nei, ekkert mál. Ég held að Guðni Finnsson hafi bjargað okkur því auk þess að vera bassaleikari er hann næringarráðgjafi hljómsveitarinnar. Hann er mjög naskur við að þefa upp sushi- og indverska veitingastaði.“



**SPILAR Í BÆNUM ANNAÐ KVÖLD** Mugison sló persónulegt met og át indverskt og sushi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Hljómsveitin var síðast í Póllandi. Tónleikarnir þar voru þeir bestu í ferðinni, segir Mugison. „Ég veit nú bara ekki hvað bærinn heitir en þetta var í þriggja tíma fjarlægð frá Berlín. Þarna voru allir til í grín og glens sem er nú eitthvað annað en til dæmis Bretinn sem var bara stífur og mætti illa á tónleika. Ég held bara að pólska „krádið“ hafi verið það besta sem ég hef spilað fyrir lengi.“

Mugison segir Nasa-giggið vera lokatónleika og uppskeruhátíð. „Við viljum enda þetta tímabil með góðu rugli. Bæði Pétur Ben og Addi trommari eiga von á börnum og fara í barneignarfrí. Reyndar sendum við Adda heim fyrir tveimur vikum því bumban á konunni hans var orðin einum of stór. Við fengum Egil úr Sign í staðinn og á Nasa spila þeir báðir svo þetta verður extra þétt og hálfgert „spinal tap“ því þeir nota sömu pákuna.“

Fram undan segir Mugison vera að „hoppa í næstu plötu“ og svo séu einhver gigg bókuð í vetur. „Annars verður maður bara að finna sér eitthvað að gera eins og gengur.“

Það kostar þúsundkall á tónleikana og miða má fá á Midi.is eða við innganginn.

- glh



**Í TÍMANS RÁS TEKIN UPP** Viðar krýpur með snúrurnar, afi þenur nikkuna, Davíð Þór strýkur fílabeininu og Valdimar K. Sigurjónsson plokkar bassann.

# Afeitraði sig fyrir afa sinn

**Viðar Hákon Gíslason er á flótta úr tónlistarbransanum. Hann lét sig þó hafa að taka upp plötu með afa sínum sem nú er komin út.**

Platan Í tímans rás með rakaranum og tónlistarmanninum Villa Valla (Vilbergi Vilbergssyni) á Ísafirði er komin út á vegum 12 Tóna. Aðalhvatamaður að útgáfunni er Viðar Hákon Gíslason, dóttursonur Villa.

„Ég ólst upp á Ísafirði við glamrið í gamla kallinum, sem var alveg óstöðvandi,“ segir Viðar. „Hann notar allar pásur til að glamra á píanóið og er oft með æfingar í stofunni. Þessi óstöðvandi áhugi smitaðist í mig sem fór að bralla í tónlist, bæði að spila og taka upp. Svo fattaði ég á endanum að það lá beinast við að ég tæki upp tónlistina hans afa.“

Megnið af tónlistinni á nýju plötunni er eftir Villa en fyrsta platan hans kom út fyrir átta árum þegar honum „var ýtt í hljóðver á sjötugsafmælinu sínu“, eins og Viðar kallar það. „Þegar ég ákvað að gera plötuna vildi ég ná karakternum sem er í tónlistinni. Ég vildi að hans spilamennska nyti sín, að það yrði ákveðinn hráleiki í þessu og enginn hljóðversbragur. Þetta er heiðarleg tónlist og það var erfitt fyrir svona borgarbarn eins og mig að skemma þetta ekki með töffaraskap og stælum. Ég þurfti að afeitra mig.“

Viðar segist hafa farið vestur með „poka fullan af hljóðnemum“ og tekið plötuna upp í félagsheimilinu í Bolungarvík. Svo var hún mixuð í brjáluðum stormi í lýsistanki á Flateyri. Villi spilar á harmóniku og tenór-saxófón og auk hljómsveitar hans koma meðal annars við sögu hljómsveitin Flís og KK, sem syngur eitt lag.

Sjálfur er Viðar á flótta úr bransanum, hann er hættur í Motion Boys og veit ekki betur en að hljómsveitin Trabant sé alveg hætt. „Ég hef undanfarið helst verið að taka upp hljóðið í sjónvarpsþáttum en hvað tónlistina varðar held ég bara að það sé ekkert fram undan. En svo veit maður aldrei, fyrr en varir verður maður kannski kominn út í eitthvert nýtt kjaftæði.“

gunnarh@frettabladid.is

# Listasýning tileinkuð Bart Simpson

Listamaðurinn Örn Alexander Ámundason opnar í dag sýninguna Bartholomew í Gel Gallerí. Sýningin verður opnuð klukkan 20 og er hún tileinkuð Bartholomew nokkrum Simpson, sem er líklega best þekktur sem ólátabelgurinn Bart Simpson. „Þetta eru lágmyndir svokallaðar sem ég hef verið að vinna í, þannig að þetta eru hvorki teikningar né málverk heldur nær því að vera skúlptúrar,“ segir listamaðurinn Örn Alexander um sýningu sína. Örn segist hafa unnið með Bart sem viðfangsefni síðastliðin þrjú ár en að þau verk sem verði á sýningunni séu öll ný. „Ég hef verið að pæla svolítið í æskufyrirmyndum mínum upp á síðkastið. Þegar ég var yngri átti ég Bart Simpson-grímu sem ég setti á mig þegar ég horfði á Simpsonsþættina í sjónvarpinu. Ég klæddi mig líka einu sinni upp sem Bart fyrir Halloween úti í Kanada. Með þessari sýningu hef ég verið að komast að því hægt og rólega af hverju hann var svona áhrifamikil fyrirmynd í minni æsku.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Örn Alexander heldur hefðbundna einkasýningu en hingað til hefur hann verið meira í því að koma fram og er meðal annars í hljómsveitinni Wu Tang Brothers, sem Örn segir vera fyrstu hiphop-“cover“-hljómsveit heims. „Ég hef haldið tónleika með Wu Tang Brothers og í fyrra reyndi ég að slá heimsmet í hvísluleik í garði Einars Jónssonar, við náðum ekki að slá metið en þetta var mjög gaman þrátt fyrir það,“ segi Örn Alexander að lokum.

- sm



**DÍSA** Þrennir tónleikar á þremur dögum.

# Dísa fer norður

**Dísa hefur vakið athygli í sumar með sólóplötu sinni. Hún fylgir henni eftir þessa dagana og flytur lög sín ásamt gítarleikaranum Daníel F. Böðvarssyni. Þau spila á Græna hattinum á Akureyri í kvöld og verða í Gamla bænum í Mývatnssveit á föstudagskvöldið. Á laugardagskvöldið verður Dísa svo ásamt Damien Rice, Eivöru Pálsdóttur og Magna á tónlistarhátíðinni Bræðslunni á Borgarfirði eystri.**



**Á UPPLEIÐ** DLX ATX skapa sér nafn. MYND/GREG

# Rokkblanda

**DLX ATX (Deluxe Attacks), Æla og Swords of Chaos spila á Organ í kvöld. DLX ATX hafa vakið athygli nýverið en bandið er tvíeyki skipað bassaleikara sem syngur, hinum írska Greg Barrett, og trommuleikara, Pétri Má Guðmundssyni, sem leikur einnig með Bacon og Skátum. Ælu þarf vart að kynna fyrir pönkurum landsins og Swords of Chaos ekki fyrir harðkjarnanum. Á tónleikunum má því finna góða blöndu af rokki. Greg segir böndin eiga það sameiginlegt að „hafa áhuga á hvað geti komið úr hefðbundnum hljóðfærum með nýrri nálgun“. Hann bætir við að allir sem ekki fengu miða á Damien Rice geti séð annan Íra skammt frá. „Og kannski verðum við báðir að syngja fyrir bjór á Celtic Cross eftir tónleikana.“ Húsið opnar klukkan níu og kostar 1000 krónur inn.** - kbs



**HÓMER AFTUR Á TJALDIÐ** Skapari Simpsons-fjölskyldunnar segist stefna að því að gera aðra mynd um ævintýri hennar, en vill engu lofa um hvenær það gæti orðið.

# Önnur mynd væntanleg

Matt Groening hefur staðfest að það verði gerð önnur mynd um helsta sköpunarverk hans, Simpsons-fjölskylduna alræmdu. Fyrsta myndin, sem hét því frumlega nafni The Simpsons Movie, hlaut afar góðar viðtökur á síðasta ári og rakaði inn 500 milljónum dollara í miðasölu. Groening hefur þó ekki gefið út neinar yfirlýsingar um hvenær framhaldsins verði að vænta. „Það mun gerast á einhverjum tímapunkti, en ég hef ekki hugmynd um hvenær. Fyrsta myndin tók okkur fjögur ár – aðallega af því að okkur líkar ekki að vinna neitt meira en við gerum nú þegar. Við munum koma að því, ég er viss um það,“ segir Groening.



**BREYTTU FERÐATILHÖGUN** Buena Vista seinkar í kvöld.

# Breyttur tími

**Tónleikar Buena Vista Social Club, sem eru í Vodafonehöllinni að Hlíðarenda í kvöld, hefjast ekki klukkan átta eins og auglýst hefur verið, heldur klukkan níu. Þá verður húsið ekki opnað klukkan sjö, heldur átta. Þetta kemur til vegna breytinga á ferðatilhögun hópsins. Buena Vista Social Club er landanum kunnugur í gegnum heimildarmynd með sama nafni. Einnig spilaði hljómsveitin hér við góðan orðstír árið 2001. Þau hafa verið á tónleikaferðalagi um Evrópu síðustu tvo mánuði en enda ferðalagið hér og verður því líklega kátt í höllinni. Tónleikarnir eru standandi að mestu, en stúkurnar bjóðast þeim sem vilja hvíla sig á sveifluni. Enn eru til miðar á tónleikana og kostar 4.900 krónur inn.** - kbs

# Leynilegir dansarar í Liborius

Orðrómur hefur verið á kreiki um að nokkrir dansarar muni heimsækja verslunina Liborius einhvern tímann í dag og halda þar danssýningu.

Dansararnir munu mæta og yfirtaka verslunina á einhverjum tímapunkti og halda þar danssýningu innan um viðskiptavini og tískuklæðnað. Jóhann Meunier, eigandi verslunarinnar, segist hafa heyrt af fyrirhugaðri yfirtöku, „Ég veit að ég gæti átt von á dönsurum hingað inn en veit ekki hvenær eða hverjir þeir eru. Mér finnst þó hugmyndin mjög sniðug og vona að það verði af þessu.“

Þeir sem eiga leið um Laugaveginn í dag ættu því að vera með augun opin fyrir hinum leyndardómsfullu dönsurum en á meðal þeirra ku vera margverðlaunaður breikdansari. - sm



**DANSARAR Í LIBORIUS** Jóhann Meunier segist ekki vita hvenær von er á dönsurunum.

# Blóðmálverkum Pete Doherty rænt

Á meðan Pete Doherty var á tónleikaferðalagi um Spán var brotist inn á heimili hans og höfðu þjófarnir á brott með sér gítar og þrjú málverka hans sem hann málaði með blóði. Doherty sjálfur var fangelsaður í sex mánuði árið 2003 fyrir að hafa brotist inn til Carls Barat, félaga hans úr hljómsveitinni The Libertines. Það er því spurning hvort þjófnaðurinn heima hjá Doherty sé karma, eða einfaldlega verk eiturlyfjasala að rukka gamla skuld.



## > 8-liða úrslit VISA-bikars karla

Fjórir leikir fara fram í 8-liða úrslitum VISA-bikars karla í fótbolta í kvöld. KR og Grindavík mætast á KR-vellinum og gefst Vesturbæingum þar með tækifæri til þess að hefna ófaranna í síðustu umferð Landsbankadeildarinnar þar sem Grindvíkingar unnu viðureign liðanna, 2-1, á Grindavíkurvelli. Breiðablik tekur á móti bikarmeistarabönunum í Keflavík á Kópavogsvelli en bæði liðin hafa verið á mikilli siglingu í Landsbankadeildinni. Fjölnismenn, bikarspútnikið síðasta sumars, taka á móti 1. deildarliði Víkings frá Reykjavík á Fjölnisvelli og Fylkismenn heimsækja 1. deildarlið Hauka á Ásvelli. Allir leikir kvöldsins hefjast kl. 19.15.



sport

sport@frettabladid.is

**ÞÓRHALLUR DAN JÓHANNSSON, HAUKUM:** MÆTIR SÍNUM GÖMLU FÉLÖGUM Í FYLKI Í VISA-BIKARNUM Í KVÖLD

# *Við ætlum ekkert að láta rassskella okkur*

1. deildarlið Hauka hefur skapað sér ágætis nafn sem bikarlið á síðustu árum en liðið lagði sem kunnugt er Landsbankadeildarlið HK að velli í 16-liða úrslitum VISA-bikarsins á dögunum og er því komið í 8-liða úrslit keppninnar, annað árið í röð. Í fyrra léku Haukar í 2. deild og unnu þá 1. deildarliðin Víking frá Ólafsvík og Leikni frá Reykjavík og Landsbankadeildarliðið Fram á leið sinni í 8-liða úrslitin. Bikarrefurinn Þórhallur Dan Jóhannsson, fyrirliði Hafnarfjarðarliðsins, hlakkar mjög til að mæta Fylki í 8-liða úrslitum VISA-bikarsins á Ásvöllum í kvöld kl. 19.15.

„Það verður mjög gaman að fá Fylki á teppið í Hafnarfirðinum og algjör bónus fyrir okkur að vera komnir aftur svona langt í þessari keppni. Við erum klárlega litla liðið í leiknum en förum að sjálfsögðu í alla þessa bikarleiki til þess að vinna þá og við ætlum ekkert að láta rassskella okkur,“ sagði Þórhallur Dan sem lék áður með Fylki og vann meðal annars bikarinn tvö ár í röð með Árbæjarliðinu á sínum tíma.

„Það var náttúrulega ólýsanleg tilfinning þegar við unnum bikarinn í fyrsta sinn árið 2001 og ég man að stemningin í Árbænum bæði fyrir leik og eftir leik var alveg stórkostleg. Það var vissulega líka gaman að ná að verja bikarinn árið eftir en það var þó allt öðruvísi tilfinning og jafnaðist ekkert á við fyrsta skiptið,“ sagði Þórhallur Dan en þetta var í síðasta skipti sem liði tókst að verja bikarmeistaratitilinn. Þórhallur Dan telur að leikurinn gegn Fylki í kvöld sé ákveðinn prófsteinn fyrir lið Hauka.

„Það er náttúrulega engin pressa á okkur og við ætlum að reyna að skemmta okkur og öðrum sem mæta á völlinn. En aftur á móti þá kemur það líka í ljós í leikjum sem þessum úr hverju menn eru gerðir og hvort þeir séu menn eða mýs. Þegar maður spilar leiki gegn liðum í efstu deild, þar sem hraðinn í leikjunum er meiri, verða menn að stíga upp og vonandi gerum við það í þessum leik,“ sagði Þórhallur Dan vongóður að lokum.





**KOMINN HEIM** Bjarnólfur Lárusson hefur ákveðið að snúa aftur á fornar slóðir í ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Heimir Hallgrímsson, ÍBV:

# Alltaf gott að fá strákana heim

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Bjarnólfur Lárusson hefur ákveðið að snúa aftur til ÍBV og hjálpa liðinu í toppbaráttu 1. deildarinnar en gengið var frá félagaskiptum hans úr KR í gær. Bjarnólfur hafði verið í hvíld frá fótbolta síðan Logi Ólafsson, þjálfari KR, tilkynnti honum á undirbúningstímabilinu að hann væri ekki í framtíðarplönum KR-liðsins.

Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, er hæstánægður með liðsstyrkinn.

„Bjarnólfur kemur inn í þetta hjá okkur með mikla reynslu og sterkan karakter og það er það sem ég var fyrst og fremst að sækjast eftir og hann á örugglega eftir að hjálpa okkar unga og efnilega liði. Við eigum marga góða Eyjamenn sem eru að leika í öðrum liðum og það er alltaf mjög ánægjulegt fyrir okkur þegar þessir strákar eru tilbúnir að koma aftur til okkar eins og Bjarnólfur gerir nú,“ sagði Heimir. **- óþ**



**EKKI EINFÆTTUR** Tryggvi Guðmundsson hefur skorað 21 af 94 mörkum sínum í efstu deild með hægri fæti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tryggvi Guðmundsson:

# Fyrsta tvennan með hægri

**FÓTBOLTI** FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson skoraði tvö mörk í 4-0 sigri FH á HK í Landsbankadeild karla á sunnudagskvöldið.

Þetta er í átjánda sinn sem Tryggvi skorar tvö mörk eða fleiri í einum leik í efstu deild en jafnframt í fyrsta sinn sem hann skorar tvö mörk með hægri fæti í einum og sama leiknum. Tryggvi hefur tíu sinnum skorað tvö mörk eða fleiri með vinstri í sama leik og einu sinni tvö skallamörk.

Tryggvi viðhélt enn fremur frábærri tölfræði sinni gegn HK í efstu deild en hann hefur nú skorað 7 mörk og átt 4 stoðsendingar í fjórum leikjum sínum gegn HK í úrvalsdeild karla. **- óój**

# Vonin dó eftir aðeins 49 sekúndur

**Hvít-rússneska liðið Bate Borisov má með réttu nefna Íslandsbana eftir að hafa slegið íslensku meistarana út úr meistaradeildinni annað árið í röð. Bate vann 1-0 að Hlíðarenda og þar með 3-0 samanlagt.**

**FÓTBOLTI** Valsmenn eru úr leik í forkeppni Meistaradeildarinnar eftir 0-1 tap fyrir hvít-rússneska liðinu Bate Borisov í fyrsta evrópuleik sínum á Hlíðarenda en leikurinn fór fram á Vodafonevellinum í gær. Hvít-rússneska liðið hefur þar með slegið íslensku meistarana út úr Meistaradeildinni tvö ár í röð.

Valsmenn töpuðu fyrri leiknum 0-2 í Hvíta-Rússlandi og urðu því að skora þrjú mörk til þess að komast áfram í næstu umferð. Það tók hins vegar ekki Hvít-Rússana langan tíma að gera út um leikinn því þeir skoruðu úr sinni fyrstu sókn eftir aðeins 49 sekúndna leik. Valsmenn þurftu þá fjögur mörk og veika vonin fyrir leikinn dó þar með nánast áður en leikurinn var byrjaður.

Markið kom eftir sókn upp hægri vænginn þar sem Vitali Rodionov átti háa og öðruvísi sendingu sem datt niður á fjærstöng þar sem Igor Stasevich stóð einn og yfirgefinn og lagði boltann í netið. 1-0 eftir 49 sekúndur og það þurfti varla að spila hinar 89 mínúturnar.

„Það er erfitt að segja hvað gerist í markinu en það getur vel verið að Rússarnir hafi verið búnir að æfa þetta. Þeir gerðu þetta vel en það breytir því ekki að við eigum að geta verið á tánum á fyrstu mínútu leiksins,“ sagði Atli Sveinn Þórarinsson, fyrirliði Vals, eftir leik.



**AÐEINS OF SEINN** Einar Marteinsson sést hér bjóða Hvít-Rússanum Vitali Rodionov upp í dans. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hafi stemningin verið dauf fyrir á vellinum og meðal þeirra 477 áhorfenda sem mættu þá dó hún algjörlega eftir fyrstu sókn leiksins. Bate-liðið átti reyndar nokkra stuðningsmenn á vellinum sem áttu stúkuna það sem eftir var leiks.

Leikurinn var eins og létt æfing fyrir Hvít-Rússana sem sýndu þó oft á tíðum ágæt tilþrif enda margir hverjir fljótir og leiknir með boltann. Valsmenn voru aftur á móti hálf ráðalausir og bitlitlir í þessum leik en fengu þó nokkur hálffæri sem hefðu getað skilað mörkum.

Atla Sveini fannst Valsliðið hafa haldið lífi í þessu þrátt fyrir áfallið í byrjun. „Við gáfumst ekki upp og áttum í fullu tré við þá eftir markið. Það eru samt allir fótboltaleikir erfiðir þegar þú færð á þig mark á fyrstu mínútu og þá er sama á móti hverjum þú ert að spila. Við vissum að við áttum möguleika fyrir leikinn og þótt þetta hafi orðið erfiðara eftir þessa byrjun þá var alltaf möguleiki á meðan leikurinn lifði. Mér fannst að við hefðum getað komið inn einu marki,“ sagði Atli eftir leikinn.

Valsmenn eru nú úr leik í bæði bikar- og Evrópukeppni en hafa nálgast toppbaráttuna í deildinni.

„Við erum á lífi í deildinni, ætluðum okkur lengra í þessarri keppni en svona fór þetta og nú er það bara deildin. Nú er bara næsti leikur á móti Grindavík og við þurfum að ná niður púlsinum því þetta voru mjög erfiðar 90 mínútur. Ég veit ekki hvort fólk sá það upp í stúku en leikmenn gáfu allt í þetta. Þeir eru flinkari í að halda boltunum heldur en íslensku liðin og það fór meiri orka í það að elta boltann. Í næsta leik þurfum við bara að halda þessum dugnaði sem var í kvöld,“ sagði Atli að lokum.

**ooj@frettabladid.is**

Bjarni Guðjónsson liggur nú undir feldi og íhugar stöðu sína á Akranesi:

# Íhugar hvort hann geti verið áfram hjá ÍA

**FÓTBOLTI** Þjálfarar Vals, KR og FH myndu allir glaðir vilja hafa Bjarna Guðjónsson í sínu liði. Bjarni tók brottrekstur Guðjóns Þórðarsonar föður síns þungt til sín og íhugar nú hvort hann ætli að vera áfram hjá félaginu.

Eðlilega er sú ákvörðun erfið fyrir Bjarna sem er uppalinn á Skaganum. „Þetta er ekkert auðvelt fyrir hann ef maður setur sig í hans stöðu. En hann er atvinnumaður og getur leitt þetta hjá sér. Það er ekkert úrslitaatriðið,“ sagði þjálfari Bjarna, Bjarki Gunnlaugsson um hvort brottrekstur föður hans ráði framtíð miðjumannsins. Bjarni mætti á æfingu ÍA í gær en hann fékk frí á mánudagsæfingunni.

Bjarki segir að enn sé ekki ljóst hvort Bjarni verði áfram hjá félaginu. „Þetta er ákvörðun sem stjórn ÍA þarf líka að taka, fyrst þarf að koma viðunandi tilboð í hann, þangað til er hann leikmaður ÍA. Við viljum halda honum og við gerum ráð fyrir honum í leiknum gegn FH á sunnudaginn,“ sagði Bjarki og hélt áfram.

„Hann á erfitt val fyrir höndum. Hann vill kannski ekki persónulega fara frá ÍA í rjúkandi rústum en hinu megin fyrir hann sem knattspyrnumann eru spennandi félög á eftir honum. Maður getur skilið hans afstöðu að hausinn sé að hringsnúast þessa dagana. Það er eðlilegt að menn taki sér tíma til að hugsa um þetta,“ sagði Bjarki.

Gísli Gíslason, formaður meistaraflokksráðs ÍA, sagði í gær að Bjarni hefði ekki fengið leyfi til að ræða við önnur félög. Hann vildi ekki staðfesta að tilboð hefðu borist í Bjarna eins og heimildir Fréttablaðsins herma.

Gísli vildi enn fremur ekki staðfesta það hversu há upphæðin sem ÍA borgaði Guðjóni Þórðarsyni væri eftir að hann var rekinn. Hann segir þann orðróm að ÍA þurfi að selja Bjarna til að borga Guðjóni ekki á rökum reistur.

„Við skuldum engum neitt. Þessi rekstur er erfiður eins og allir vita,“ sagði Gísli en talan sem ÍA þarf að borga Guðjóni er misjöfn eftir viðmælendum. Sumir halda því fram að hún sé 2,5 milljónir, annar fjórar og einn enn fimm milljónir. „Ég hef heyrt tíu milljónir,“ sagði Gísli þegar tölurnar voru bornar undir hann. „Þetta er ein af lífsins gátum, það er gamla passið á þessa spurningu,“ sagði Gísli.

Ljóst er að ef Bjarni fer verður hann eftirsóttur. „Ég get ekki neitað því að ég hefði áhuga á því að fá Bjarna,“ segir Logi Ólafsson þjálfari KR. „Hann lék sinn fyrsta meistaraflokksleik undir minni stjórn sem og sinn fyrsta landsleik. Ég þekki hann af góðu einu. En þetta þarf ekkert að endurspegla vilja þjóðarinnar,“ sagði Logi kíminn að venju. „Þetta er ekkert sem er í mínum höndum,“ sagði Logi.

„Ég væri ekkert á móti því að fá Bjarna til Vals, það er langur vegur frá,“ sagði Willum. „Það er alltaf pláss fyrir góða leikmenn í FH og Bjarni er góður leikmaður,“ sagði Heimir Guðjónsson þjálfari FH.

Þórður Guðjónsson, bróðir Bjarna, sagði við Fréttablaðið í gær að hann ætlaði sér að spila áfram með ÍA. „Ég er bara með eitt markmið og það er að snúa gengi okkar við,“ sagði Þórður.



**FER HANN?** Bjarni skoðar nú stöðu sína hjá ÍA. Hann á erfiða ákvörðun fyrir höndum hvort hann vinni undir stjórn þeirra sem ráku faðir hans í vikunni eða fari frá uppeldisfélagi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sömu sögu er ekki að segja af Atla Guðjónssyni, bróður Bjarna og Þórðar, sem fór fram á að vera leystur undan samningi í gær. Hann er á leið í nám um miðjan ágúst og sagði í gær að hann væri ekki að leita sér að nýju félagi. „Eitthvað leið honum illa yfir þessu [brottrekstri Guðjóns] og fyrst hann var að fara er allt í góðu lagi af okkar hálfu að rifta samningnum,“ sagði Gísli.

Ekki náðist í Bjarna í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **- hþh**

Þórey Rósa Stefánsdóttir og stelpurnar í 20 ára liðinu ætla sér sigur á Þjóðverjum á HM í Makedóníu í dag:

# Allir hérna úti halda að við séum litla liðið



**MARKAHÆST** Þórey Rósa Stefánsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HANDBOLTI** Íslenska 20 ára landslið kvenna hefur vakið mikla athygli á HM í Makedóníu með því að gera jafntefli í tveimur fyrstu leikjum sínum. Stelpurnar spila við Þjóðverja í dag.

„Það var sérstaklega svekkjandi að ná ekki sigri í leiknum á móti Slóveníu en við áttum mikla möguleika í báðum leikjum,“ sagði Þórey Rósa Stefánsdóttir hornmaður 20 ára liðsins sem var markahæst í liðinu í síðasta leik með sex mörk. „Við verðum bara að vinna annaðhvort Þjóðverja eða Rúmena,“ segir Þórey.

Þórey er ánægð með allar aðstæður úti í Makedóníu og kvartar ekki yfir hitanum. „Það var fínt í dag og allt í lagi í gær en það var rosalega heitt á mánudaginn. Maturinn hefur líka komið á óvart en hann er fínn. Hótelherbergin eru reyndar svolítið makedónísk og ekki upp á margar stjörnur en það er alveg hægt að lifa við þetta,“ segir Þórey í léttum tón. „Ef við komumst ekki áfram í milliriðilinn þá þurfum við að skipta um bæ og skipta um hótel en annars verðum við áfram hérna,“ bætti hún við.

Íslenska liðið varð fyrir áfalli þegar Stella Sigurðardóttir meiddist í fyrsta leiknum gegn Ungverjum eftir að hafa skorað 7 mörk og gefið 6 stoðsendingar. Stella var ekki með í síðasta leik.

„Stella er búin að eiga við axlarmeiðsli sem hafa verið að angra hana í nokkra mánuði. Hún var fjórum sinnum hjá sjúkraþjálfara í gær og í nuddi áðan þannig að ég held að hún verði klár. Það var mikill missir að hafa hana ekki gegn Slóveníu því hún er í hörku formi og átti stórleik á móti Ungverjum,“ segir Þórey.

„Allir hérna úti halda að við séum litla liðið en við vitum alveg hvað við getum og við höfum sýnt það áður. Það er gríðarleg stemmning í liðinu. Það er gríðarlega góður mórall í liðinu, við erum búnar að vera lengi saman og það er búinn að vera draumur þessa liðs í tvö til þrjú ár að komast á lokakeppni. Það var því frábært að fá þær fréttir að við fengjum að fara,“ segir Þórey. „Þegar maður er kominn á lokakeppni HM þá er formið ekki það sem maður er að hugsa um þegar maður er kominn í leikina. Við erum mikið baráttulið og það er hausinn sem drífur mann áfram núna en ekki kannski líkamlega formið. Við ætlum bara að vinna Þjóðverja á morgun og fara síðan rólegar í Rúmeníuleikinn. Það er markmiðið,“ sagði Þórey ákveðin að lokum. - óój



**LOKSINS** Magnús Stefánsson mun að öllu óbreyttu ganga í raðir Fram á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Magnús Stefánsson í Fram:

## Loksins sættir um kaupverðið

**HANDBOLTI** Fram og Akureyri hafa loks sæst á kaupverð á Magnúsi Stefánssyni, sem iðulega er kenndur við Fagraskóg.

Lengi hefur legið í loftinu að stórskyttan gengi í raðir Safamýrarfélagsins. Hann sagði við Fréttablaðið í gær að aðeins ætti eftir að ganga frá formsatriðum áður en hann skrifar undir samninginn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er kaupverðið nokkur hundruð þúsund krónur.

Þá hafa fjórir leikmenn framlengt samning sinn við Fram, Andri Berg Haraldsson, Haraldur Þorvarðarson, Magnús Erlendsson markmaður og hornamaðurinn fljúgandi Guðjón Drengsson. Framarar æfa í fyrsta skipti í dag undir stjórn Viggó Sigurðssonar sem tók við Fram í sumar. - hþh



**AFTUR Í VAL** Landsliðsmaðurinn Sigfús Sigurðsson er aftur kominn á Hlíðarenda. MYND/VALUR

Sigfús Sigurðsson aftur í Val:

## Gerði tveggja ára samning

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Sigfús Sigurðsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Val, með möguleika á einu ári til viðbótar.

Sigfús fór frá Val árið 2002 til Magdeburgar í Þýskalandi áður en hann fór til Ademar Leon á Spáni árið 2006.

Til greina kemur að línumaðurinn snjalli þjálfi yngri flokka hjá Val. - hþh






# Það má segja að völlurinn sé veðrið

**Birgir Leifur Hafþórsson hefur orðið Íslandsmeistari í tvö síðustu skipti sem Íslandsmótið hefur farið fram í Eyjum. Íslandsmótið í höggleik hófst í morgun en Birgir Leifur verður ekki meðal keppenda í ár.**


**SÉRSTAKUR VÖLLUR** Golfvöllurinn í Vestmannaeyjum á sér fáa líka. FRÉTTABLAÐIÐ/ELSA

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson getur ekki tekið þátt í Íslandsmótinu í höggleik vegna meiðsla. Sigurganga Birgis Leifs í Herjólfsdal mun því enda um helgina en hann hefur orðið Íslandsmeistari í tvö síðustu skiptin sem Íslandsmótið hefur farið fram í Eyjum, 1996 og 2003.

Fréttablaðið heyrði í Birgi Leifi sem gæti kannski tekið upp viðurnefnið sérfræðingurinn í Herjólfsdal en Íslandsmótið í höggleik hófst í Eyjum í morgun.

### Sérstakt andrúmsloft

„Þetta er mjög sérstakt svæði með sérstakt andrúmsloft. Mér finnst rosalega gaman að koma til Eyja, ég næ alltaf upp góðri stemningu þar og hef alltaf spilað vel í Eyjum.

Þetta er svolítið spes völlur. Hann er inni í dal og það getur verið vindasamt og misvinda og það getur allt gerst þarna líka,“ segir Birgir Leifur.

„Það má segja að völlurinn sé veðrið. Ef það er gott veður þá er gott skor en það getur verið andstyggilegt veður þarna. Hlutirnir geta breyst mikið á nokkrum holum. Það er því mjög mikilvægt á þessum velli að vera með réttar kylfur og vera á réttum stöðum sérstaklega þegar vont veður er til þess að forðast óþarfa vesen. Veðurspáin er nokkuð slæm fyrir helgina og morgundaginn [í dag] og það verður því fróðlegt að fylgjast með,“ segir Birgir Leifur sem lék á fjórum höggum undir pari þegar hann varð Íslandsmeistari 2003.

Sjö árum áður lék hann á þremur höggum yfir parinu, var þá sjö höggum undir pari eftir tvo fyrstu dagana en lék lokadaginn á sjö höggum yfir pari eftir að hafa verið kominn með 11 högga forskot eftir þriðja daginn.

### Tækifæri úti um allan völl

Birgir Leifur segir möguleikana meiri á fyrri níu holunum. „Völlurinn er stuttur, það eru því tækifæri út um allan völl en hann fyrirgefur meira á fyrri níu. Þú getur þá leyft þér að taka „dræverinn“ oftar og sækja meira inn á flatirnar. Á seinni níu þarftu bæði að vera skynsamur en taka einnig færin þegar þau gefast. Völlurinn getur refsað miklu fyrr á seinni níu holunum,“ segir Birgir Leifur. „Þú þarft mikla heppni ef það er vont veður og þú þarft að vera ákveðinn í þínu vali og það er mjög mikilvægt að slá ákveðið í boltann þegar þú ert búinn að taka ákvörðun.“


**BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON** Íslandsmeistari 1996 og 2003. NORDICPHOTOS/GETTY

Leiknar eru 72 holur á fjórum dögum en eftir 36 holu leik er leikmönnum fækkað í karlaflokki þannig að þeir sem hafa 72 lægstu skorin halda áfram keppni.

### Mikil spenna á mótinu

Birgir Leifur spáir spennandi keppni í ár. „Það eru miklu fleiri farnir að stunda þetta af alvöru og það eru miklu fleiri farnir að á Kaupþingsmótaröðinni. Það geta fleiri unnið og það verður án efa mikil spenna á mótinu,“ segir Birgir Leifur sem mun eins og áður segir ekki keppa á mótinu í ár en hann mun lýsa keppninni í sjónvarpsútsendingu Stöð2 Sport bæði á laugardag og sunnudag.

### Vildi helst vera að spila

„Maður verður að fá að vera aðeins viðloðinn þetta því það er ekki hægt að sleppa því að fara til Eyja á þessum tíma þó svo að ég vildi helst vilja vera að spila sjálfur. Ég verð bara að taka þetta næst. Staðan er á réttu róli og það er allt í góðum farvegi. Við erum mjög bjartsýnir á framhaldið og ætlum bara að keyra þetta af stað fyrir næsta ár og reyna að vera komnir í hundrað prósent stand þá,“ segir Birgir Leifur.

Hann býst ekkert sérstaklega við því að vera spurður ráða um helgina. „Ég held að menn séu komnir á þann stall að þeir eru farnir að þekkja sinn leik vel og setja upp sitt leikskipulag. Ég reikna ekki með því að menn leiti ráða hjá mér en maður er samt allur af vilja gerður til að hjálpa til og það væri ekki vandamál að gefa ráð,“ segir Birgir Leifur.

ooj@frettabladid.is

Meirihluti þjálfara í 2. deild segir dómgæslu í deildinni vera ásættanlega:

# Jónas vildi fá lengra bann fyrir frá KSÍ

**FÓTBOLTI** Jónas Hallgrímsson, fyrrverandi þjálfari Völsungs, var í gær úrskurðaður í eins leiks bann fyrir ummæli sem hann lét falla í fjölmiðlum þann 8. júlí síðastliðinn. Jónas gagnrýndi þar harðlega dómgæslu í garð síns liðs í 2. deildinni og sagði af sér vegna þess.

KSÍ sá ástæðu til að senda frá sér yfirlýsingu vegna málsins þar sem það harmaði ummælin og vísaði þeim á bug. „Mjög alvarlegar ásakanir koma fram í ummælum Jónasar og alveg ljóst að undir þeim verður ekki setið án viðbragða,“ sagði meðal annars í yfirlýsingunni. Viðbrögðin voru eins leiks bann.

„Þeir eru bara hlæjandi og eyðileggja leikinn og eru bara stoltir af því,“ sagði Jónas meðal annars um dómara í 2. deild í viðtali á Fótbolti.net. Dómgæslan í leikjum Völsungs var honum ekki að skapi.

„Ég get ekki tekið þátt í svona vitleysu, þetta er orðið rotið og dómararnir hafa algjörlega stjórn á því hvernig leikirnir fara [...] Þessir menn fá borgað fyrir þetta, þeir hafa ekkert leyfi til að koma brosandi út af eftir að hafa hegðað sér eins og fífl,“ var meðal annars haft eftir Jónasi.

Dómurinn yfir Jónasi féll í gær sem hann óskaði að hefði verið stærri. „Þetta var ekki beisið,“ sagði Jónas um dóminn. „Ég bjóst við miklu lengra banni, og var reyndar að vonast til þess. Einhverju sem myndi halda þessu málefni vakandi,“ sagði Jónas sem er augljóslega annt um að koma skoðunum sínum á framfæri.

„Ég hélt að KSÍ ætlaði að reyna að vera harðara þegar svona hörð ummæli koma en það virðist ekki vera. Þeir búið að senda kvartanir í tíu ár og það þýðir ekkert. Ég ákvað því að gera þetta af alvöru og ég held að það hafi kveikt í umræðunni,“ sagði Jónas.





**JÓNAS** Fékk aðeins eins leiks bann fyrir hörð ummæli sín. FRÉTTABLAÐIÐ/SKARPURX

„Auðvitað áttu þeir ekki að gera neitt, það á ekki að dæma menn fyrir að segja satt og rétt frá heldur þá sem standa sig ekki í stykkinu,“ sagði Jónas. Fleiri bjuggust við mun lengra banni en hann sjálfur.

Einn þeirra var Róbert Haraldsson, þjálfari Tindastóls, sem var einnig dæmdur í eins leiks bann í gær. Hann sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði fengið það fyrir að labba inn á völlinn í leyfisleysi en hann tók út bann í viðkomandi leik. Einnig lét hann nokkur vel valin orð falla um dómarana.

Fréttablaðið hafði samband við alla þjálfara félaganna tólf í 2. deild og spurði: „Finnst þér dómgæsla í 2. deild vera ásættanleg? Meirihluta þeirra fannst hún vera það, alls 66%. Könnunin var nafnlaus. Tólf umferðum er lokið í deildinni.

Þjálfararnir voru margir hverjir ánægðir með umræðuna. Flestir þeir sem sögðu dómgæsluna vera ásættanlega tóku þó fram að vissulega væru þeir ekki alltaf sáttir með dómgæslu í sínum leikjum, ekki frekar en aðrir þjálfarar á Íslandi.

Einn þjálfaranna tók undir margt sem Jónas hafði að segja um dómgæsluna. „Hún er mjög slök í svona 80% tilvika,“ sagði hann. „Það er ekki nógu mikið lagt upp úr þessu. Það er ótrúlegt hvað sumir dómarar eru að gera,“ sagði einn þjálfaranna.

Annar þjálfarinn bætti við: „Það er svo sem ekkert nýtt að dómgæsla í 2. deild sé slök, en mér finnst þetta hafa farið talsvert versnandi síðustu ár og það er mikið áhyggjuefni. Það er eins og KSÍ og dómarastéttin valdi ekki þessarri fjölgun leikja í efstu deildum og fyrir vikið eru allt of slakir dómarar að dæma í neðri deildunum,“ sagði þjálfarinn.

- hþh / óþ


SUMAR
TILBOÐ
Sjóðandi heit tilboð á tölvum og tölvubúnaði
GIGABYTE
Spire Black Edition Tölva
GIGABYTE Black Edition er mjög öflug og sérlega hljóðlát tölva með Dual Core örgjörva og ATI Hybrid HD3200 ofur öflugri Direct X10 skjástýringu.
• Athlon 5000 Dual Core 2.6GHz
• 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
• 500GB SATA2 32MB NCQ harðdiskur
• 20xDVD SuperMulti DL skrifari
• 512MB Radeon HD3200 skjástýring
• 7.1 HD Dolby Digital DTS hljóðkort
• HDMI, DVI, SVHS, HDTV og FireWire
• Windows Vista Home Premium
69.900
VE12 6.905 Á MÁN I VE lán í 12 mánuði
HVERGI BETRA VERÐ!
3000i
I-TRIGUE HLJÓÐKERFI
Glæsilegt hljóðkerfi frá Creative með iPod docku og fjarstýringu, sameinar hljóðkerfi við heimilistölvuna og iPod dokku. Tekur lítið pláss og skilar ótrúlegum hljómgæðum.
• Öflugt 24W RMS 2.1 hljóðkerfi
• Hljóðkerfið spilar lög beint af iPod
• Dokkan hleður einnig iPod spilarann
• Hágæða NeoTitanium hátalarar
• Þráðlaus fjarstýring fylgir
CREATIVE
14.900
500GB
SPECIAL EDITION 720p
INOi margmiðlunarspilarinn frá Argosy er með 720p upscaling sem skilar enn betri mynd-gæðum á kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.
• Tengist beint í sjónvarp eða græjur
• Hágæða kvikmynda afspilun
• Spilar ljósmyndir í slide show
• Spilar og geymir alla tónlist
• Er einnig handhægur flakkari
• Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
• Hlaðinn öllum helstu tengjum
19.900
A300
FARTÖLVA Á TILBOÐI
Ný og glæsileg fartölva frá Toshiba með tveggja kjarna örgjörva, vefmyndavél, stórum harðdisk og þráðlausu neti.
• AMD Dual Core 1.9GHz örgjörvi
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 250GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15.4" WXGA Diamond View skjár
• 256MB ATI X1250 skjákort
• 1.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
TOSHIBA
79.900
VE36 3.250 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
ÞJÓNUSTUDEILD
Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:
• Uppfærslur á vélbúnaði
• Gerum tölvur hljóðlátar
• Stýrikerfisuppsetningar
• Bilanaleit og lagfæringar
• Uppsetning/viðhald netkerfa
• Vírus- og Spyware hreinsun
• Hvergi lægra tímaverð!
2.990
HVER HAFIN KLUKKUSTUND
3 DAGA TILBOÐ
1GB
DDR2 MINNI
1GB 667MHz DDR2 vinnsluminni frá OCZ á ótrúlegu verði
1.990
500GB
HARÐDISKUR
Hraður og hljóðlátur Seagate harðdiskur með 32MB buffer
32MB BUFFER SATA2 NCQ
7.990
VERÐ FRÁ 29.900
LANDSINS MESTA ÚRVAL
EEE PC
NÚ LÍKA FÁANLEGAR MEÐ 9" SKJÁ OG WINDOWS XP
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

## > Nicole Kidman

„Það skiptir miklu máli fyrir leikara að geta sýnt viðbrögð og tilfinningar með andlitinu. Þess vegna mun ég aldrei nota Botox. Ég notast við aðrar náttúrulegri aðferðir til að halda mér unglegri eins og að drekka mikið vatn, borða ávexti og stunda jóga.“ Kidman leikur í myndinni Days of Thunder sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR TEKUR LÉTT DANSSPOR Í STOFUNNI

# *Ég get alveg gert þetta, ég er líka stjarna!*

Ég er ekki ein um það að dá So you think you can dance og ég held ég viti af hverju. Mér finnst reyndar alltaf hálf skrítið að horfa á hann á mánudögum og gleymi honum þar af leiðandi stundum. Finnst að hann ætti að vera tilefni til mannfögnuðar og kannski er það að mánudagar eru engir sérstakir partí-dagar hjá mér. Hvað um það. Alltaf þegar ég sé So you think you can dance lifi ég mig af fullum krafti inn í hann. Allar tilfinningar dansaranna verða mínar, öll svipbrigði smitast yfir á andlit mitt. Ég iða í sætinu og alveg eins og þegar sæti strákurinn kyssir loksins stelpuna og maður hallar undir flatt og opnar munninn, þá apa ég eftir því sem ég sé (þú gerir þetta líka, ég veit það). Ég er að dansa á skjánum og einhver annar er að horfa á. Svipaða sögu er að segja af söngþáttum, X-factor eða Idol. Allar nótur koma frá mínum innsta kima. Ég er komin aftur fyrir framan spegilinn með hárbursta í stað hljóðnema og spegilinn einan að vopni. Og rétt eins og þá syng ég bara inni í mér. Ég hef lært bæði söng og dans, ekki af neinum ákafa en þó nóg til þess að hugsunin læðist að mér. Ég gæti gert þetta. Ég get alveg dansað svona. Ég gæti brætt hjörtu með röddinni minni og svifið um í allri ljósadýrðinni. Ég hef það sem þarf til að vera stjarna! Áður en ég veit af er ég farin að sanna það fyrir sjálfri mér. Að þættinum liðnum má sjá mig taka spor í stofunni eða syngja stuttan lagstúf, ekki hátt, en nóg til þess að í mér heyrist innan úr baðinu. Einhvern daginn mun svo einhver sjá að í mér leynist snillingur. Þess vegna horfum við á svona þætti. Þeir eru „raunverulegir“ dagdraumar okkar. Sönnun þess að einhverjir geta þetta. Hvernig við stöndum okkur svo þegar við opnum raunverulega munninn eða reynum að standa á höndum skiptir ekki máli. Við vorum stjörnur í gær, í sjónvarpinu.



**HVER ÞARF DRAUMA** þegar hann hefur sjónvarpið? NORDICPHOTOS/GHETTY

## EKKI MISSA AF



▶ **20.05 The New Adventures of Old Christine** STÖÐ 2



▶ **20.30 Talk Show With Spike Ferensten** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00 Football Rivalries** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **21.25 Criss Angel** SKJÁREINN



▶ **22.25 Sex hlekkir (Six Degrees)** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Leitin** (2:3) (e)
**17.54 Lísa** (2:13) (e)
**18.00 Krakkar á ferð og flugi** (7:10) (e)
**18.20 Andlit jarðar** (1:6) (e)
**18.30 Nýgræðingar** (Scrubs) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Skyndiréttir Nigellu** (9:13)
**20.30 Hvað um Brian?** (What About Brian?) (13:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.
**21.15 Svipmyndir af myndlistarmönnum** (Portraits of Carnegie Art Award 2008)
**21.25 Omid fer á kostum** (The Omid Djalili Show) (4:6) Breskir gamanþættir með grínaranum Omid Djalili.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Sex hlekkir** (Six Degrees) (1:13) Bandarísk þáttaröð. Þræðirnir í lífi sex New York-búa tvinnast saman þótt fólkið þekkist ekki neitt. Aðalhlutverk: Campbell Scott, Hope Davis og Erika Christensen.
**23.10 Bikarkeppni karla í fótbolta** Sýnt úr leikjum í átta 8 liða úrslitum karla í VISA-bikarkeppni KSÍ.
**23.25 Lífsháski** (Lost) (76:86) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Harry Potter and the Goblet of Fire**
**10.35 James and the Giant Peach**
**12.00 Days of Thunder**
**14.00 Moonlight And Valentino**
**16.00 Harry Potter and the Goblet of Fire**
**18.35 James and the Giant Peach**
**20.00 Days of Thunder** Mynd um kappakstursmann sem slasast illa í keppni. Aðalhlutverk: Tom Cruise og Nicole Kidman.
**22.00 Scary Movie 4**
**00.00 Tristan + Isolde**
**02.05 Back in the Day**
**04.00 Scary Movie 4**
**06.00 Just My Luck**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Hvolpurinn Scooby-Doo, Ofurhundurinn Krypto og Kalli kanína og félagar.
**08.10 Oprah** (300 Men Ask Dr. Oz)
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Notes From the Underbelly**
**10.45 Bandið hans Bubba** (7:12)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Neighbours**
**12.55 Forboðin fegurð** (5:114) Ný suðuramerísk smásápa um þrjár hálfsystur sem hafa alla tíð liðið fyrir fegurð sína.
**13.40 Forboðin fegurð**
**14.25 Ally McBeal** (4:23)
**15.10 Friends**
**15.30 Friends**
**15.55 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.18 Tutenstein**
**16.43 A.T.O.M.**
**17.08 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.18 Hlaupin**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Ísland í dag**
**19.04 Veður**
**19.15 The Simpsons**
**19.40 Friends** (19:23)
▶**20.05 The New Adventures of Old Christine** (19:22) Christine er nýfráskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir, sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er kominn með nýja og miklu yngri konu.
**20.25 Notes From the Underbelly** (12:13) Gamanþáttaröð um spaugilegur hliðarnar á barneignum.
**20.50 Canterbury's Law** (2:6)
**21.35 Moonlight** (9:16)
**22.20 ReGenesis** (7:13)
**23.05 Skeletons in the Closet**
**00.30 Wire** (5:13)
**01.30 Extreme Ops**
**03.00 U.S. Seals 3. Frogmen**
**04.30 Canterbury's Law** (2:6)
**05.15 Moonlight** (9:16)
**06.00 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
**19.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast í PGA-mótaröðinni í golfi.
**19.55 Inside the PGA** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**20.20 Sumarmótin 2008** Símamótið gert upp í máli og myndum þar sem framtíðarstelpur íslenskrar knattspyrnu sína tilþrif af bestu gerð.
**21.00 F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin.
**21.40 Kraftasport 2008** Sýnt frá Suðurlandströllinu.
**22.15 Arnold Schwarzenegger mótið 2008** Í þessu móti er keppt í mörgum greinum aflrauna og þangað mæta til leiks allir helstu og flottustu jötnar heims.
**22.45 The Science of Golf** Í þessum þætti er fjallað um golfvelli og hvernig þeir eru byggðir upp.
**23.10 Main Event (#14)** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um háar fjárhæðir.

## SPORT 2

**17.50 Bestu leikirnir** Fulham - Arsenal
**19.30 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.00 PL Classic Matches** Chelsea - Sunderland, 96/97. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**20.30 PL Classic Matches** Man United - Middlesbrough, 96/97.
▶**21.00 Football Rivalries** Celtic v Rangers Í þessum þætti er fjallað um rígnn milli Celtic og Rangers innan vallar sem utan.
**21.55 Bestu leikirnir** Fulham - Arsenal
**23.35 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.
**19.20 Life is Wild** (e)
**20.10 Family Guy - NÝTT** Ný teiknimyndasería um Griffinfjölskylduna.
**20.35 The IT Crowd** (6:12) Bresk gamansería um tölvunörda sem eru best geymdir í kjallaranum. Jen reynir að útskýra fyrir tölvunördunum hvers vegna hún sé sveiflótt í skapinu á vissum tíma í hverjum mánuði.
**21.00 The King of Queens** (7:13) Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Carrie er sannfærð um að Deacon og Kelly séu nískupúkar og Arthur reynir að hjálpa Spence að fá vinnu.
▶**21.25 Criss Angel** (5:17) Sjónhverfingameistarinn Criss Angel leggur líf sitt að veði og framkvæmir ótrúlega hluti.
**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (14:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Vinsæll rappari er skotinn til bana. Logan og Wheeler er að rannsaka málið með aðstoð löggu sem er að rannsaka glæpi í rappheiminum. En þegar lykilvitni eru myrt fer Logan að efast um heiðarleika nýja samstarfsmannsins.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 Britain's Next Top Model** (e)
**00.20 Dynasty** (e)
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**18:45 Gönguleiðir** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir. (e)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.50**

### Canterbury's Law



Nýr lögfræðiþáttur í anda Practice og Boston Legal með Julianna Margulies úr ER í aðalhlutverki. Hún leikur Elizabeth Canterbury, eldkláran verjanda sem vílar ekki fyrir sér að sniðganga lögin þegar frelsi skjólstæðinga hennar, sem hún telur saklausa, er í húfi. Þættirnir koma úr smiðju þeirra sömu og gerðu Rescue Me, þar á meðal Denis Leary.



**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**
**Family Guy**
**Skjáreinn kl. 20.10**

Í kvöld hefst ný teiknimyndasería um Griffin-fjölskylduna á Skjáeinum. Þættirnir voru fyrst framleiddir árið 1999 en var aflýst strax árið eftir. Mikil sala á DVD-útgáfu þáttanna varð svo til þess að ákveðið var að framleiða fleiri. Griffin-fjölskyldan samanstendur af hjónunum Peter og Lois, unglingunum Chris og Megan og smábarninu Stewie. Ekki má gleyma hundinum Brian sem talar og er líklegast sá greindasti í fjölskyldunni.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
**14.43** Náttúrupistill
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Pan
**22.45** Þættir úr sögu tvífarans
**23.30** Betri stofan
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**16.30 Hollyoaks**

**17.00 Seinfeld** (2:24)

**17.30 Talk Show With Spike Feresten**

**18.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (8:10)

**19.00 Hollyoaks**

**19.30 Hollyoaks**

**20.00 Seinfeld** (2:24) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

▶**20.30 Talk Show With Spike Feresten** (20:22) Spike Feresten er einn höfunda Seinfeld og Simpson. Þessi frábæri þáttastjórnandi fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem meðal annars taka þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.

**21.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (8:10) Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls. Hún á að heita Girlicious og mun samanstanda af þremur hæfileikaríkum og gullfallegum stúlkum. Fimmtán stúlkur af þeim þúsundum sem sóttu um munu keppa um þessi þrjú eftirsóttu pláss.

**22.00 Cashmere Mafia** (6:7) Fjórar nánar vinkonur sem búa allar og starfa í New York, virðast á yfirborðinu lifa fullkomnu lífi en eins og oft vill verða flækist einkalífið fyrir þeim.

**22.45 Medium** (16:16)

**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Reynslunni ríkari** Umsjón: Ásdís Ólsen.

**20.30 Óli á Hrauni** Umsjón: Ólafur Hannesson. Gestir: Viðar Guðjohnsen og Einar Skúlason.

**21.00 Neytendavaktin** Umsjón: Ragnhildur Guðjónsdóttir. Gestur: Sigríður Dögg Arnardóttir.

**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón: Kolbrún Baldursdóttir. Gestir: Baldur Sigurðsson og Hreindís Ylfa.

## DR 1

**11.00** Et dejligt hundeliv **11.30** DR Explorer: Klimavidner i Tuvalu **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Krampetvillingerne **14.00** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Fandango med Chapper **16.00** Se det summer **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Kender du typen **18.30** Kær på tur **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.35** Aftentour 2008 **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Månen over Carolina **22.15** Sex med Victor **22.45** Naruto Uncut

## NRK 1

**9.55** Vitenskap jukeboks **10.55** Norge rundt jukeboks **11.55** Country jukeboks **12.55** Ut i naturen jukeboks **13.45** Reisen til Melonia **15.20** Sydvendt **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bjørnen i det blå huset **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sannheten om mat **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Wallander: Silkeridderen **20.30** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kjærlighetens sommer **22.10** Easy Rider **23.40** Norsk på norsk jukeboks **1.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Flyttlasset går **10.35** Fantastiska berättelser **12.20** Livet som stjärna **12.45** Livet som stjärna **13.10** Livet som stjärna **13.35** Baronessan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Musik är livet **15.30** Sommartorpet **16.00** Emil i Lönneberga **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi 18.00 Solens mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Berlinerpopplarna **19.50** Älskade blomma **20.00** Kärlek med förhinder **21.00** Rapport **21.10** Berlinfilharmonikerna på Waldbühne **22.55** Uppdrag granskning - sommarspecial **23.55** Sändningar från SVT24


# Útsalan er hafin í BOHEMIA

## 20-50% afsláttur af ÖLLUM vörum

Verðdæmi:

6 borðstofustólar m/hnöppum og 200x100x76 cm borð:
Verð áður 126.000,- **Verð nú 63.000,-** 50% afsláttur **Þú sparar 63.000,-**

Sjónvarpsskenkur háglans hvítur 200x50x46:
Verð áður 89.000,- **Verð nú 44.500,-** 50% afsláttur **Þú sparar 44.500,-**

Sófaborð 100x100x45, Eik, Hnota, háglans hvítt og svart:
Verð áður 39.900,- **Verð nú 19.950,-** 50% afsláttur **Þú sparar 19.950,-**

Eldhússtóll PU svartur eða hvítur:
Verð áður 12.900,- **Verð nú 6.450,-** 50% afsláttur **Þú sparar 6.450,-**

Mikið úrval af Eikar, Hnotu og háglans svörtum og hvítum húsgögnum nú með 30-50% afslætti

Bjóðum Visa og Mastercard lán í allt að 36 mánuði - fyrsta greiðsla í október




**Bohemia - Akralind 4 - s: 544 2290 - www.bohemia.is**
**Afgreiðslutími virka daga 10-18 og laugardaga 11-15**

BOHEMIA

## GAMLA MYNDIN



*„Ég er þarna einhvers staðar úti á landi. Þetta þótti rosalega töff á þessum tíma, og hormottan var allsráðandi, en ég myndi nú varla klæða mig svona í dag, og hárið er fullsítt að mínu mati.“*

Þórhallur Sigurðsson, Laddi.

Myndin er tekin í ágúst 1974.

# Frumleg mótmæli við háu bensínverði

„Við erum að mótmæla háu bensínverði. Jú, hann vakti athygli og fólk benti á bílinn,“ segir Bergur Hjaltested eigandi einhvers þekktasta jeppa landsins.

Frétt Fréttablaðsins í gær um hina hættulegu typpa-Toyotu sem lék lausum hala á götum Reykjavíkurborgar vakti nokkra athygli en þannig er að stór gúmmígöndull var boltaður á húdd vígalegrar Toyotu 4runner á 38 tommu dekkjum. Sigurður Helgason hjá Umferðarstofu sagði að þeir sem settu lög um hvað mætti og hvað ekki í þeim efnum hefðu einfaldlega ekki haft hugkvæmni til að bregðast við slíku húdd-skrauti og engin lög næðu yfir slíkan gerning.

Bergur og vinir hans tveir, Hallgrímur Hallgrímsson og Jóhann Helgi Ólafsson, sem eru tæplega tvítugir, eru talsvert í því að breyta bílum og því var þetta ekki mikið mál fyrir þá. „Við fundum þetta fyrir utan verkstæðið þar sem við fáum að vera. Settum þetta fyrst á bíl vinar míns án þess að hann vissi. Typpið fékk ekki að vera þar svo við settum það á þennan jeppa minn,“ segir Bergur og þvertekur ekki fyrir að þarna hafi ekki aðeins samfélagsleg meðvitund og mótmæli ráðið för heldur einnig fíflaskapur auk pirrings: „Ég er búinn að fjarlægja húddskrautið. Var smeykur um að löggan stoppaði mig.“ Þurfti ekki mikið til heldur var dúkahníf brugðið á gúmmíið. Jeppann keypti Bergur á föstudaginn, bráðvantaði þá bíl en fyrr um daginn velti hann rándýrri Subaru Inpreza STI uppi í Heiðmörk. „Mig bráðvantaði bíl. Þetta er níundi eða tíundi bíllinn sem ég á. Og þeir eru yfirleitt þannig að á þá er horft.“ **- jbg**



**TYPPA-TOYOTAN FRÆGA** Þetta mega líklega heita frumlegustu mótmæli við háu bensínverði sem um getur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** merki, **6.** 999, **8.** hrökk við, **9.** væl, **11.** stöðug hreyfing, **12.** umstang, **14.** miðja, **16.** sjó, **17.** frostskemmd, **18.** veitt eftirför, **20.** tveir eins, **21.** skjóla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** reigingslegur gangur, **3.** í röð, **4.** þungt slípað gler, **5.** hvíld, **7.** andmæla, **10.** þreyta, **13.** stykki, **15.** slæma, **16.** gras, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** tákn, **6.** im, **8.** brá, **9.** gól, **11.** ið, **12.** stúss, **14.** mitti, **16.** sæ, **17.** kal, **18.** elt, **20.** ll, **21.** fata.

**LÓÐRÉTT:** **1.** rigs, **3.** áb, **4.** kristal, **5.** náð, **7.** mótmæla, **10.** lúi, **13.** stk, **15.** illa, **16.** sef, **19.** tt.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

BJÖRN JÖRUNDUR: ÆTLAR AÐ VINNA ÍSLANDSMÓTIÐ Í SIGLINGUM

# Nýdanskur siglingagarpur

„Við byrjuðum sumarið á því að brjóta mastrið á skútunni þannig að við erum í raun að byrja að sigla núna fyrst,“ segir Björn Jörundur Friðbjörnsson, tónlistarmaður með meiru.

Það er ekki á margra vitorði en Björn Jörundur er mikill áhugamaður um siglingar og hefur stundað íþróttina síðan hann var níu ára gamall. Björn, ásamt sex félögum sínum, á forláta keppnisskútu sem ber nafnið Aquarius, en skútan er nefnd í höfuðið á orkudrykknum vinsæla og er þrjátíu og þriggja feta langur bátur. Þeir félagar ætla að keppa á Íslandsmótinu í siglingum hinn 8. ágúst næstkomandi og stefna þeir að sjálfsögðu á sigur. „Ég hef keppt nokkrum sinnum áður og hefur það gengið upp og ofan, svona eins og gengur og gerist. Besti árangur okkar hingað til var þriðja sætið á Íslandsmótinu. En við vinnum í ár,“ segir söngvarinn landskunni brattur að vanda.

Dóttir Björns hefur verið dugleg að sigla með honum síðustu ár og segist Björn hafa reynt að kenna henni allt það sem hann kann. „Hún stendur sig mjög vel og er þrældugleg en nú er hún á þeim aldri þar sem hún hefur ekki tíma fyrir neitt annað en vini sína. Daníel Ágúst [félagi Björns í Ný dönsk] hefur líka komið nokkrum sinnum með mér að sigla, en hinir hljómsveitarmeðlimirnir eru held ég of vatnshræddir til að þora með.“

Björn Jörundur er staddur í kóngsins Kaupmannahöfn þessa dagana þar sem hann og Daníel Ágúst vinna að nýrri plötu með hljómsveitinni Ný dönsk. „Við Daníel vorum að koma heim úr búðinni rétt áðan þar sem við náðum að skrapa saman í jarðarber, skinku og ispinna. Við höfðum ekki efni á meiru því gengið er svo helvíti óhagstætt þessa dagana,“ segir söngvarinn, en von er á þeim félögum heim bráðlega og ætla þeir að spila á Akureyri um verslunarmannahelgina. „Þar munum við taka allt það besta með Ný dönsk,“ segir Björn. **sara@frettabladid.is**



**BJÖRN JÖRUNDUR** Hefur stundað siglingar frá því hann var lítill drengur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**OG SKÚTAN SKRÍÐUR** Björn Jörundur er siglingakappi og stefnir á sigur í næsta Íslandsmóti í kappsiglingum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sigurður Kári Kristjánsson** gekk í það heilaga með **Birnu Bragadóttur** á laugardaginn eins og greint var frá í Fréttablaðinu. Athöfnin þótti afburða falleg og lagavalið einkar gott. Þó fengu kirkjugestir ekki að heyra öll lögin sem áttu að vera á dagskrá því eftir að brúðhjónin voru gefin saman átti **Magnús Þór Sigmundsson** að syngja lagið Ást. Organistinn í kirkjunni virðist þó eitthvað hafa farið línuvillt í dagskránni því hann byrjaði að spila útgöngulagið áður en Magnús komst til að syngja ljóð Sigurðar Nordal. Magnús bætti þó fyrir mistök organistans með því að syngja lagið í veislunni af sinni alkunnu snilld.



Ný heimasíða **Gylfa Ægissonar** hefur heldur betur hlotið góðar viðtökur eftir að fjallað var um hana í Fréttablaðinu. Gylfa hefur borist tölvupóstur alls staðar að. Meira að segja frá Færeyjum. Sala á verkum Gylfa hefur einnig tekið góðan kipp og því ljóst að „sölusíðan“ ber tilskilinn árangur hjá fjöllistamanninum Gylfa.



Meðan héraðsdómur kvað upp úr um það að **Sigurður G. Guðjónsson** lögmaður fengi ekki að verja **Jón Ólafsson** athafnamann í máli skattayfirvalda á hendur honum var Jón í góðu yfirlæti við laxveiðar í Hítará og lét sér hvergi bregða. Enda í góðum félagsskap. Með honum þar voru meðal annarra **Kevin Reynolds** fjárfestir og svo **Timur Bekmambetov**, rússneski kvikmyndaleikstjórinn sem meðal annars stýrði myndinni Wanted, þar sem í aðalhlutverki voru **Morgan Freeman** og **Angelina Jolie**.



**-shs/jbg**

Sumartónleikar ársins í boði Iceland Express
Buena Vista Social Club



Vodafonehöllinni í kvöld
Miðasala á midi.is
hr★örlygur
Iceland Express
með ánægju

# Club Kiss fullur af dópi

„Frá innganginum að barnum var mér sautján sinnum boðið eiturlyf,“ segir Egill Einarsson, hljómborðsleikari Merzedes Club og vöðvafjall, sem er nú staddur í Albufeira í Portúgal. Þar átti hljómsveitin að spila á laugardagskvöldið á næturklúbb sem kallast Club Kiss. „Ég kom hérna 1999 og þá var Kiss aðalstaðurinn en nú er allt á kafi í eiturlyfjum þarna. Ég settist niður og fékk mér ískaldan bjór. Tíu sekúndum seinna kemur blökkumaður og „meisar“ alla inni á staðnum,“ segir Egill sem gengur undir nafninu Stóri alla jafna.

Stóri kippti sér þó ekki mikið upp við meisið. „Það er nú bara þannig að meis bítur ekki á Stóra. Það hlupu allir út af staðnum en ég sat áfram og kláraði bjórinn minn. Reyndar tók ég eina ferð út með tvær dömur á öxlunum því þær voru að missa meðvitund af meisinu,“ segir Egill sem setti niður fótinn og neitaði að spila á staðnum. „Þetta er mér ekki samboðið í dag. Ég er ekki í vinsælustu hljómsveit í heimi til að spila á ógeðslegum stað fljótandi í eiturlyfjum,“ segir Egill sem hefur þá reglu að spila ekki á stöðum þar sem eiturlyf eru höfð um hönd.

„Bono [söngvari U2] hætti einu sinni við að spila á Írlandi því honum leist ekki á staðinn. Við erum nokkrir tónlistarmennirnir sem höfum lent í þessu.“

Stefnt var að því að tónleikarnir færu fram í gærkvöldi á nýjum stað. Egill segist hafa fundið til með Valla Sport, umboðsmanni sínum, að svona hafi farið fyrir tónleikunum á Club Kiss. „Kallgreyið var alveg miður sín og já, ég vorkenndi honum.“ Hljómsveitin kemur heim á morgun en Stóri og Partí-Hanz munu verða í viku í viðbót í sólinni. **- shs**



**MERZEDES CLUB** Hætta við að spila á Club Kiss en klúbburinn var fullur af eiturlyfjum að sögn Stóra.



Klæddu þig vel
66° NORTH
Allt fyrir Verslunarmannahelgina!
66°Norður markaður á annari hæð í Faxafeni 12 opnar í dag kl 9:00.
Opnunartími:
Fimmtudagur 24. júlí: 9-18
Föstudagur 25. júlí: 9-18
Laugardagur 26. júlí: 10-16
Mán - Fim 28. – 31. júlí: 9-18
Föstudagur 1. ágúst: 9-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**vísir.is**
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Auðnarþörfin*

Á Íslandi gefast mörg tækifæri til að komast í burtu frá öðru fólki og eigra einn um í náttúrunni. Við viljum græða á tálsýninni um ósnerta flotta náttúru sem kemur vel út á mynd með því að selja sárþjáðum útlendingum hana – vesalings fólkinu sem lifir lífinu utan í næsta manni í skítugum stórborgum. Eftir því sem fleiri túristar velta inn á auðnirnar erum við þó eðlilega komin í vandræði og mótsögn.

**UM SÍÐUSTU** helgi kvartaði hollenskur hjólreiðamaður yfir þessu hér í blaðinu. Það er búið að merkja alltof mikið á hálendinu, kveinaði hann, og svo eru rútufarmar af pakki alltaf að flækjast fyrir mér. Hann þarf líklega að fara eitthvað annað næst til að fá auðnarþörfinni fullnægt.

**SJÁLFUR** hef ég þó nokkra auðnarþörf. Fátt er uppbyggilegra en að fara og skilja farsímann og daglega hjakkið eftir. Ég er þó það mikill amatör að ég nenni þessu ekki vikum saman og gleðst þegar ég kem aftur í þurrt hús eða sé rafmagnsmastur eftir að hafa arkað í óskipulögðum óbyggðunum. Stór hluti af auðnarþörfinni er að finna frummanninn í sér með því að kúka á víðavangi. Fátt gerir mann að meiri manneskju en að kúka undir beru lofti og skilja svo fullkomlega við sönnunargögnin að þau eru að eilífu horfin í ómælisdjúp alheimsins.

**ÉG FULLNÆGÐI** auðnarþörfinni ágætlega á Laugaveginum í síðustu viku. Gekk veginn öfugan og var stundum einn klukkutímum saman þangað til næsti hópur kom í flasið á mér. Kúkaði afvikið tvisvar með hjartslátt að hópur kæmi yfir hæðina. Braut í kyrrðinni heilann um girnilega matseðla sem ég ætlaði að fá mér þegar þetta væri búið. Ætli þetta heiti ekki jin og jang.

**ÞAÐ** var svo gott veður að ég óttaðist aldrei um líf mitt. Ég óð jökulár, hífði mig upp á kaðli og gekk upp heillangar og grýttar brekkur. Ekkert af þessu fer beinlínis í flokk mannrauna, sem er allt í lagi, enda er ég ekki nógu harðkjarna til að finnast lífshætta skilyrði fyrir fullkominni upplifun. Það er helst að kamrarnir í Hrafntinnuskeri hafi komist nálægt því að vera óyfirstíganlegur háski. Fátt herðir grautlint nútímafólk í vönduðum útivistarfatnaði meira en ferlega lyktandi kamrar. Kannski mætti því virkja þetta til útflutnings og selja útlendingunum rándýran aðgang að þeim verstu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 24. júlí, 207. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.10 | 13.34 | 22.56 |
| Akureyri | 3.33 | 13.19 | 23.02 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


